PÉTUR GEIR ÓSKARSSON
Karlar í Úkraínu með kvenmannsveski
• tíska • heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

ÚTIVIST OG HREYFING
Sundriðið á reiðnámskeiði
Sérblað um útivist og hreyfingu
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
19. júlí 2007 — 194. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Jón Ásgeir í Rúanda

Baugur gefur rúmar 120 milljónir til þróunarverkefnis Bills Clinton og Toms Hunter.

FÓLK 42

Fleiri naktir apar

Sara María Eyþórsdóttir færir út kvíarnar í miðborg Reykjavíkur.

FÓLK 36

Álíka spennandi og mygluostur



Bandaríkjamenn virðast hafa fengið nóg af Beckham-fjölskyldunni, þrátt fyrir stutta viðveru þeirra í landinu.

FÓLK 34

FH skoraði fjögur hjá HB

FH-ingar eru í góðum málum í forkeppni Meistaradeildar Evrópu eftir 4-1 sigur á færeyska liðinu HB í fyrri leik liðanna.

ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



BEST Á AUSTURLANDI - Í dag verður suðlæg átt, 5-10 m/s vestan til en hægari á Austurlandi. Rigning með köflum á vesturhluta landsins en skýjað með köflum og þurrt fyrir austan. Hiti 12-20 stig, hlýjast á Austurlandi.

Borgin mun hafna beiðni um flugstöð

Aðstoðarmaður borgarstjóra segir að Iceland Express reisi ekki flugstöð á umbeðnum lóðum á Reykjavíkurflugvelli. Orð forstjórans séu byggð á misskilningi.

SAMGÖNGUR Beiðni Iceland Express um lóð undir flugstöð á Reykjavíkurflugvelli til að hefja þar innanlands- og millilandaflug verður ekki samþykkt, segir aðstoðarmaður borgarstjóra. Umbeðnu svæði hafi öllu verið úthlutað til Háskólans í Reykjavík (HR) og hugmyndum um millilandaflug frá vellinum hafi þegar verið hafnað.

„Þegar umsókn Iceland Express kemur til okkar munum við einfaldlega svara því að forsendur hennar séu liðnar, því það er búið að ákvarða nýtingu þessa svæðis fyrir Háskólann í Reykjavík," segir Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður borgarstjóra.

Hann segir þetta hafa komið skýrt fram á fundi borgarstjóra og forstjóra Flugstoða í síðasta mánuði. Lóð sem sótt var um til vara sé jafnframt frátekin fyrir fyrirhugaða samgöngumiðstöð.

Um þá meginröksemd Iceland Express fyrir nýrri flugstöð, að koma á samkeppni í innanlandsflugi, segist Jón hlynntur því sem sjálfstæðismaður að samkeppni verði í innanlandsflugi. Hins vegar sé framtíð flugvallarins svo óviss að ótímabært sé að fjalla um hvernig komið verði til móts við flugfélagið. „Það væri líka fremur samgönguyfirvalda að gera það, því þau útdeila leyfunum, ekki borgin."

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, hefur sakað Jón um að hafa ekki kynnt sér málið, áður en að hann tjáði sig um það í Fréttablaðinu. Jón segir þetta rangt. Matthías hafi vísað til úttektar um framtíðarstaðsetningu vallarins. Jón hafi aftur talað út frá deiliskipulagi um HR-svæðið. Úttektin er síðan í apríl, en skipulagið frá í júní. Samkvæmt því er reiturinn geymdur fyrir HR.

Þá stendur Jón við fyrri orð sín um að borgarstjóra hafi ekki borist erindið; það sé tvennt ólíkt að senda erindi á skrifstofu borgarstjóra og skrifstofu borgarstjórnar. Enn sé beðið umsagnar embættismanna borgarinnar. - kóþ

NORDICPHOTOS/AFP

NÆSTUM NÍRÆÐUR Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, hélt upp á 89 ára afmæli sitt í gær. Með honum eru Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna (til vinstri), og Jimmy Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna (til hægri).

LOKAÐ Frá Dalvegi í gærkvöldi
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Illa merktar framkvæmdir:

Hættulegum Dalvegi lokað

UMFERÐ Dalveginum milli Digranesvegar og Dalsmára í Kópavogi var lokað í gær vegna ófullnægjandi frágangs vegna vegaframkvæmda. Lítið var um merkingar, meðal annars við fimm metra djúpan skurð rétt við veginn. Lögreglan mat það svo að ökumönnum stafaði hætta af akstri á veginum og lokaði honum.

Fulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sagði í gærkvöld að vegurinn yrði lokaður yfir nóttina. Í fyrramálið yrði hann sennilega opnaður, en einhverjar tafir gætu orðið þegar fólk héldi til vinnu. - sþs

Ólafur Jóhann Ólafsson:

Tilnefndur til virtra verðlauna

Ólafur Jóhann Ólafsson hefur verið tilnefndur til Frank O'Connor-verðlauna fyrir bók sína Aldingarðinn, en bókin hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin á síðasta ári. Frank O'Connor-verðlaunin eru veitt fyrir besta smásagnasafn sem komið hefur út á enskri tungu og eru 34 bækur frá ellefu löndum tilnefndar í ár. Þetta er í fyrsta skipti sem íslensk bók er tilnefnd. Ólafur Jóhann segist ekki gera sér neinar vonir um sigur enda sé það „eins og að spá í veðrið í næstu viku". Hins vegar segir hann „alltaf gott að fá klapp á bakið". - sók / sjá síðu 42

ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

Íslensk erfðagreining finnur fyrsta erfðabreytileikann sem tengist fótaóeirð:

Áfangasigur gegn fótaóeirð

VÍSINDI Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) hafa í samstarfi við Emory-háskóla í Atlanta fundið fyrsta erfðabreytileikann sem tengist fótaóeirð. Í rannsókninni var einnig sýnt fram á að erfðabreytileikinn tengist minni járnbirgðum í líkamanum.

Einangrun erfðabreytileikans rennir sterkum stoðum undir þá kenningu að um eiginlegan sjúkdóm sé að ræða, en skiptar skoðanir hafa verið um það hvort fótaóeirð sé raunverulegur sjúkómur með líffræðilega orsök.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, segir niðurstöður rannsóknarinnar sérstaklega athyglisverðar í því ljósi að þær sýna fram á að erfðafræðin getur komið að gagni við að skilgreina sjúkdóma. „Þessi uppgötvun á eftir að skila sér til sjúklinga í framtíðinni þegar kemur að klínískri greiningu á fótaóeirð."

Fótaóeirð er algengur sjúkdómur og er talið að fimm til tíu af hverjum hundrað einstaklingum á Vesturlöndum þjáist af honum. Helstu einkennin eru pirringur, óþægindi eða verkir í fótum og eru oft verst á kvöldin og á nóttunni. Eiga þessir einstaklingar því oft erfitt með svefn. Sýnt hefur verið fram á tengsl á milli fótaóeirðar og sjúkdóma eins og þunglyndis og ýmissa hjarta-vandamála. Fótaóeirð er þó mjög vangreind og margir sem ekki vita að til sé meðferð sem slær á einkennin. - shá

SPURNING DAGSINS

Kristján, eru Dominos að flatbaka þér vandræði?

„Já, þeir eru alveg að baka mig.“

Kristján Olgeirsson, eigandi fyrirtækis við Skúlagötu, segir sendibíla pitsustaðarins Dominos við götuna vera undanþegna bílastæðagjöldum. Hann grunar að stöðumælavörðum sé mútað með pitsum.

Heimsmeistarakeppni skólasveita í skák í Tékklandi:

Salaskóli varð heimsmeistari

SKÁK Salaskóli úr Kópavogi varð heimsmeistari í keppni skólasveita í skák í Tékklandi í gær. Sveitin var með flesta vinninga meðal sveita fjórtán ára og yngri en einnig kepptu sveitir sextán ára og yngri. Sveit Salaskóla skipuðu Jóhanna Björg Jóhannsdóttir 14 ára, Patrekur Maron Magnússon og Páll Andrason 13 ára, Guðmundur Kristinn Lee 12 ára og Birkir Karl Sigurðsson 11 ára.

Mótið tók eina viku og var erfitt að sögn Hrannars Baldurssonar, þjálfara sveitarinnar. Tefldar voru níu skákir á sjö dögum og þess á milli voru fjöltefli og skákir síðustu umferðar grandskoðaðar.

SKÁKSVEIT SALASKÓLA Frá vinstri: Guðmundur Kristinn Lee, Páll Andrason, Patrekur Maron Magnússon, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og Birkir Karl Sigurðsson stendur og fylgist með.

MYND/HRANNAR BALDURSSON

„Okkur gekk mjög vel framan af en svo kom stressið fyrir síðustu tvær umferðirnar þegar ljóst varð að við ættum góða möguleika á titlinum,“ sagði Hrannar. „Við misstum til dæmis af efsta sætinu á síðasta Norðurlandamóti eftir að hafa leitt allt mótið. En í þetta sinn hafðist þetta.“

Hrannar sagði að allir krakkarnir hefðu staðið sig frábærlega og myndað góðan hóp saman. Hann vildi einnig hrósa stjórnendum Salaskóla sem hafa stutt vel við bakið á skákinni í skólanum.

Íslensk skáksveit vann Ólympíuskákmót 15 ára og yngri árið 1995.

- pal

Bæjarstjórn Akureyrar:

Áhyggjur af kvótaskerðingu

ATVINNUMÁL Bæjarstjórn Akureyrar hefur sent frá sér ályktun þar sem hún lýsir yfir þungum áhyggjum af væntanlegum niðurskurði í aflaheimildum á þorski og þeim afleiðingum sem sá samdráttur muni hafa á atvinnulíf í Eyjafirði og á Norðurlandi öllu.

Bæjarstjórn Akureyrar hvetur ríkisstjórn Íslands til að ráðast strax í margháttaðar aðgerðir í Eyjafirði sem bæta muni innviði og hafa jákvæð áhrif á efnahagslíf landshlutans. Bæjarstjórnin óskar enn fremur eftir viðræðum við ríkisstjórnina um atvinnumál Eyjafjarðarsvæðisins. **- pal**

HERMANN JÓNASSON

LÚÐVÍK GIZURARSON

Faðerni Lúðvíks Gizurarsonar:

Enn þögnin ein frá Lífsýnasafni

DÓMSMÁL Kristjana Jónsdóttir, héraðsdómari í Reykjavík, hefur nú sent Jóhannesi Björnssyni ítrekunarbréf og spurst fyrir um hvað líði niðurstöðum rannsókna á lífsýnum úr Hermanni Jónassyni og Dagmar Lúðvíksdóttur. Hæstiréttur dæmdi í mars að rannsóknin skyldi framkvæmd til að skera úr um faðerni sonar Dagmarar, Lúðvíks Gizurarsonar. Sjálfur hefur Lúðvík eftir móður sinni að Hermann hafi verið raunverulegur faðir hans. Hermann var forsætisráðherra og faðir Steingríms Hermannssonar sem einnig var forsætisráðherra. **- gar**

Abbas boðar kosningar:

Segir að Hamas ljúgi stanslaust

RAMALLAH, AP Abbas, forseti Palestínustjórnar, sagði í gær að boðað yrði til kosninga fljótlega. Hann fór hörðum orðum um Hamas-samtökin, sem unnu yfirburðasigur í síðustu kosningum en voru rekin úr stjórninni eftir að þau tóku sér öll völd á Gazasvæðinu.

„Jafnvel djöfullinn getur ekki logið jafn miklu og Hamas,“ sagði Abbas í gær.

Hann vill ennfremur breyta kosningareglum og virkja PLO á ný til að taka við af Palestínuþinginu, sem hefur verið lamað. **- gb**

Hlé á útgáfu ákæra vegna frávísunar

Saksóknari efnahagsbrota hefur ekki lagaheimild til að gefa út ákærur að mati dómstjóra við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Bíðum með útgáfu ákæra þar til Hæstiréttur hefur fjallað um málið, segir settur saksóknari efnahagsbrota.

DÓMSMÁL Heimildir saksóknara efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra eru í uppnámi og gera verður hlé á útgáfu ákæra. Dómstjóri við Héraðsdóm Norðurlands eystra felldi í gær fjóra úrskurði og segir saksóknarann ekki hafa heimild til að gefa út ákærur.

Ákærur voru gefnar út á hendur fjórum mönnum sem sakaðir voru um að hafa nýtt sér kerfisvillu í netbanka Glitnis og hagnast á henni um samtals tæplega 30,2 milljónir króna.

Málunum fjórum var vísað frá í gær, og í rökstuðningi Freys Ófeigssonar dómstjóra segir að saksóknari efnahagsbrota hafi ekki heimild til að gefa út ákærur.

Í úrskurðunum er vísað í reglugerð um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, sem tók gildi í byrjun árs 2007, en samkvæmt henni hefur embættið heimild til þess að gefa út ákærur, með tilvísun í lögreglulög. Segir í úrskurðunum að reglugerðin sé ekki í samræmi við lög um meðferð opinberra mála, og því óhjákvæmilegt að vísa þeim frá.

„Okkar heimildir byggjast á þessari reglugerð [...] en dómurinn telur að það sé eitthvað óskýrt með lagagrundvöllinn. Við munum væntanlega kæra þessa úrskurði til Hæstaréttar til að fá úr þessu skorið,“ segir Björn Þorvaldsson, settur saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra.

Reglugerðin umdeilda tók gildi í byrjun árs 2007, og var henni ætlað að samræma íslenskar reglur við reglur annarra Norðurlanda, segir Björn. „Hafi eitthvað skort á skýrleikann, eins og héraðsdómur telur, er nauðsynlegt að gera þetta skýrt.“

Björn segist reikna með að ákæruvaldið kæri úrskurðinn í dag. Óvíst sé hversu langan tíma það taki Hæstarétt að fella dóm.

„Það verður ekki hjá því komist að gera hlé á útgáfu ákæra, uppi er sú staða að við munum bíða eftir niðurstöðu Hæstaréttar þannig að okkar heimildir séu á hreinu áður en við gefum út aðrar ákærur,“ segir Björn.

Frá því reglugerðin tók gildi í byrjun árs hefur saksóknari efnahagsbrota gefið út tvær ákærur. Í hvorugu málinu hefur fallið dómur. Björn segir að staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms frá því í gær verði að skoða hvort hægt verði að leiðrétta þær ákærur, eða gefa út nýjar. Það verði að koma í ljós síðar.

brjann@frettabladid.is

RÁÐUNEYTIÐ BÍÐUR EFTIR HÆSTARÉTTI

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir í tölvupósti til Fréttablaðsins að sé vafi í huga dómara á heimild til saksóknar sé eðlilegt að láta reyna á það fyrir Hæstarétti. Ráðuneytið muni ekki aðhafast í málinu fyrr en niðurstaða Hæstaréttar liggi fyrir.

Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar Alþingis, segir að fyrir liggi að fyrirkomulag meðferðar opinberra mála verði endurskoðað á komandi þingi og ráðherra muni leggja fram lagafrumvarp um málið. Væntanlega verði fjallað um þessi mál þar.

FORDÆMI FYRIR FRÁVÍSUN HÉRAÐSDÓMS

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra er ekki fyrsti úrskurður héraðsdóms sem fallið hefur á þá leið að saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra hafi ekki heimild til að gefa út ákæru. Ákæru saksóknarans var vísað frá Héraðsdómi Reykjaness hinn 4. júlí af sömu ástæðum.

Í því máli var byggingaverktaki sakaður um brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Krafðist lögmaður hans frávísunar, meðal annars á grundvelli þess að saksóknari hafi ekki heimild til þess að gefa út ákæru, og féllst dómurinn á það, með svipuðum rökum og Héraðsdómur Norðurlands eystra í gær. Úrskurðurinn hefur verið kærður.

Bretar um Andrei Lugovoi:

Réttað verði í Bretlandi

LONDON, AP Bresk yfirvöld segja að þau sætti sig ekki við að réttað verði yfir fyrrverandi KGB-manninum Andrei Lugovoi, sem þau telja að hafi myrt Alexander Litvinenko í London í nóvember í fyrra, annars staðar en í Bretlandi.

ANDREI LUGOVOI

Talsmaður Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að yfirvöld myndu jafnvel sætta sig við að réttað yrði yfir Lugovoi í öðru landi, en dró ummælin síðar til baka.

Bresk yfirvöld vísuðu fjórum rússneskum diplómötum úr landi á mánudag þar sem yfirvöld í Rússlandi hafa neitað að framselja Lugovoi. **- ifv**

LÖGREGLUFRÉTT

Jeppi með vagn valt

Jeppi með vagn í eftirdragi valt á Vesturlandsvegi við Leirvogstungu um fimmleytið í gær. Lítið var um meiðsl á fólki. Vagninn, sem hafði þrjá hesta innanborðs, valt ekki. Töluverðar tafir urðu þegar veginum var lokað í hálftíma vegna slyssins.

HAFNARFJÖRÐUR

Háspennulínur fari í jörð

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarbæjar leggur áherslu á að allar háspennulínur við og í íbúðahverfum innan Hafnarfjarðar fari í jörð, og að umfang tengivirkisins við Hamranes verði minnkað og það aðlagað betur að umhverfinu. Kemur þetta fram í bókun vegna óskar Landnets um valkosti vegna háspennulína til Suðurnesja.

BÍLL DAGSINS
MAZDA 6 2.3 MPS AWD
Nýskr. 06.06 - Beinskiptur - Ekinn 12 þús. km.

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Sjöunda og síðasta bókin um Harry Potter kemur út á laugardag:

Harry Potter lekið á netið

Sjöundu bókinni um töfrastrákinn Harry Potter, Harry Potter and the Deathly Hallows, var lekið á netið í gær, þremur dögum fyrir áætlaðan útgáfudag. Hún er sú síðasta í röðinni um galdrastrákinn og ævintýri hans.

Skrá í pdf-formi dreifðist hratt um netið í gær, og barst meðal annars inn á torrent-vefinn Ístorrent, samkvæmt athugunum Fréttablaðsins. Sé skjalið opnað blasa þar við 396 ljósmyndir af öllum opnum bókarinnar, þar með töldum auðum opnum og efnisyfirliti. Þó að gæði ljósmyndanna séu ekki mikil er textinn vel læsilegur.

Talskona Bloomsbury, sem gefur bækurnar út í Bretlandi, staðfesti hvorki né vísaði á bug að um væri að ræða raunverulegt eintak af bókinni, í viðtali við vefútgáfu The Times í gær. Neil Blair, lögmaður höfundarins J. K. Rowling, staðfesti að efni úr óútkominni bókinni hefði lekið á netið, en varaði við því að þar væri jafnframt að finna falsanir.

Lögmenn bókaforlagsins Scholastic, sem annast útgáfu bókanna í Bandaríkjunum, vinna nú að því að finna þann sem gerði myndirnar opinberar, að því er fram kemur í vefútgáfu The New York Times. **- sun**



AF NETINU Skrá með ljósmyndum af hverri opnu fyrir sig, í því sem lítur út fyrir að vera síðasta bókin í flokknum um Harry Potter, dreifðist um netið í gær.

Gólfmálning
Gljástig 40
7121351-3/61-3/40

25% afsláttur af **allri útimálningu**

SPRENGI VIKA

18.-30. júlí

Takmarkað magn

Gori 44, Pine
7042307

Gori Spray, 5 ltr.
7042336-9

Pensill í viðarvörn
7009480

Trebitt Terrassebeis
Pallaolía, aðeins þarf að bera á 3ja hvert ár, fljótþornandi og áhöld aðeins þrifin með vatni
7049308

Sama lága verðið um land allt

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 18.07.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	59,57	59,85
Sterlingspund	122,08	122,68
Evra	82,08	82,54
Dönsk króna	11,03	11,094
Norsk króna	10,368	10,430
Sænsk króna	8,951	9,003
Japanskt jen	0,4881	0,4909
SDR	91,27	91,81

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
111,2047
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra heimsótti ísraelska landamærabæinn Sderot í gær:

Breytir sýn minni á ástandið

ÍSRAEL, FRÉTTABLAÐIÐ Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hélt í gær áfram heimsókn sinni til Ísraels með því að halda í kynnisferð til bæjarins Sderots á landamærunum að Gazasvæðinu, en herskáir Palestínumenn á Gaza hafa á undanförnum sjö árum tíðkað að skjóta heimatilbúnum sprengiflaugum þangað yfir. Að meðaltali falla tvær slíkar flaugar á bæinn á dag, að sögn talsmanns bæjaryfirvalda.

„Það er auðvitað skelfilegt að sjá þetta hérna og átta sig á því hvað það er algengt að sprengjur falli á þessu svæði og þá stöðugu ógn sem fólk sem býr hérna lifir undir," segir Ingibjörg Sólrún í samtali við Fréttablaðið eftir að hún heimsótti heimili fólks sem varð fyrir slíkri árás fyrr í vikunni og var frædd um ástandið í bænum af fulltrúa bæjarstjórnarinnar.

TVÆR FALLA Á DAG Shalom Halevi, talsmaður bæjarráðs Sderots, lýsir fyrir Ingibjörgu Sólrúnu mismunandi tegundum kassam-flauga við safn sprunginna flauga sem lent hafa í bænum á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Spurð hvort þessi reynsla hafi breytt hennar sýn á ástandið við botn Miðjarðarhafs segist Ingibjörg vera sannfærð um að hún muni gera það, en hún sé ekki enn komin með heildarmyndina þar sem hún eigi eftir að ræða við fulltrúa Palestínumanna. Það mun hún gera í Ramallah í dag og í Betlehem á morgun.

„Þessi mál munu horfa allt öðru vísi við mér en þau gerðu fyrir ferðina," segir hún. - aa

Byssumaður í Austurstræti:

Rændi leikmunum úr leikhúsi

LÖGREGLUMÁL Byssumaður í annarlegu ástandi ógnaði fólki fyrir utan og inni í verslun 10-11 í Austurstræti klukkan sex í gærmorgun og hleypti af startbyssu. Í ljós kom að byssan, og þrjár aðrar sem fundust, voru leikmunir sem hann hafði stolið stuttu áður úr Þjóðleikhúsinu.

Lögreglu var gert viðvart og var sérsveitarbíll sendur á staðinn. Maðurinn var handtekinn og vísaði hann lögreglu á þrjár aðrar byssur sem hann hafði falið í runna. Lögreglan rannsakar málið og hvernig maðurinn hafi komist yfir byssurnar. - sgj

VEITT Í ELLIÐAÁNUM 33 laxar komu þar á land í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Laxveiðin ágæt síðustu daga:

Mokveiði er í Elliðaánum

LAXVEIÐI Laxveiðin hefur verið ágæt síðustu daga. Í fyrradag komu 33 laxar í land í Elliðaánum sem er frábær árangur. Hámarkskvóti þar á einum degi er 36 laxar.

Fyrir nokkrum dögum kom stærðarinnar laxaganga inn Hítará á Mýrum. Líklega eru þar á ferð um 150-200 laxar. Mikill órói var þó í löxunum fyrsta daginn og veiddist nær ekkert en síðan hefur veiðin gengið ágætlega þar.

Lax númer tvö í Stóru-Laxá í Hreppum veiddist í fyrrakvöld og sá þriðji veiddist í gærmorgun svo vonandi er laxveiðin þar komin í gang. - pal

ÍSAFJÖRÐUR

Listaverkaþjófur skilaði þýfi

Púðum sem stolið var af listsýningu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði hefur verið skilað. Þeir voru sendir nafnlaust frá Reykjavík til Hótel Eddu á Ísafirði.

HAFNARFJÖRÐUR

Tilraunaboranir í Krýsuvík

Hitaveita Suðurnesja vill gera tilraunaboranir eftir heitu vatni í Krýsuvík og óskar eftir því að gerðar verði breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar í þessu skyni. Hitaveitan og Hafnarfjarðarbær gáfu út í mars í fyrra samstarfsyfirlýsingu um rannsóknir og nýtingu jarðhita í Krýsuvík.

Jeppi djúphreinsaður af slorlykt úr Herjólfi

Birna Íris Jónsdóttir vill að Eimskip greiði djúphreinsun á Rav-jeppa hennar sem hún segir ónothæfan af fiskifýlu eftir ferð með Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi. Óhjákvæmilegt að flytja fisk með Herjólfi, segir skipstjórinn.

SAMGÖNGUR „Jeppinn er algerlega ónothæfur," segir Birna Íris Jónsdóttir úr Mosfellsbæ sem á miðvikudag í síðustu viku fór með Rav-jeppa sinn í Herjólfi til Vestmannaeyja.

Birna Íris segir að þegar hún og maður hennar komu til hafnar í Vestmannaeyjum hafi verið kæfandi fiskifýla af jeppanum.

„Ég er kannski dálítið viðkvæm núna af því að ég er barnshafandi en maðurinn minn og tengdaforeldrar mínir sem voru úti í Eyjum fundu líka þessa yfirgengilegu fýlu og hún er ekki að fara. Það er eins og bíllinn hafi hreinlega verið í fiskilegi á leiðinni," segir Birna sem óskað hefur eftir því við Eimskip, sem rekur Herjólf, að hún fái greidda djúphreinsun á bílnum.

„Ég er búin að reyna að lofta út úr bílnum en það dugar ekki. Og þegar ég reyndi að ræsta hann þá gaus bara upp meiri lykt," segir Birna Íris. Hún telur ótækt að í farþegaferju eins og Herjólfi sé fluttur slíkur varningur sem smiti af sér stækum óþef í eigur farþeganna. „Allt skipaði angaði. Þegar við vorum á leiðinni til baka á sunnudaginn þá vorum við efst í skipinu og þar var mikil ólykt. Ég held að þeir verði að fara að athuga sinn gang," segir Birna Íris.

HERJÓLFUR Í VESTMANNAEYJUM Skipstjórinn á Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi segir skipverja reyna að halda skipinu ávallt hreinu af fiskslori. Stundum verði þó óhöpp. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

JEPPINN ILLA LYKTANDI Birna Íris Jónsdóttir segir þennan Rav-jeppa sinn vera ónothæfan vegna kæfandi slorlyktar sem komið hafi í hann um borð í Herjólfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þessi kona hringdi ekki fyrr en mörgum dögum eftir ferðina og það er skrítið að hún skyldi ekki gera athugasemdir þegar hún var hér um borð. En ég held að það eigi að verða við óskum hennar og djúphreinsa bílinn," segir Steinar Magnússon, skipstjóri á Herjólfi.

Að sögn Steinars hefur engin önnur athugasemd eins og sú frá Birnu Írisi borist frá því hann hóf störf um borð í Herjólfi í janúar.

„Farþegar hafa sumir kvartað yfir ólykt en fólkið í Eyjum lifir á fiski og við flytjum fisk flesta daga. Þetta er eina skipið sem gengur hér reglulega á milli þannig að það verður ekki komist hjá því," segir skipstjórinn sem telur skýringuna á ólyktinni í jeppa Birnu Írisar kunna að vera þá að slor hafi lekið úr fiskikari og hún síðan stigið í það og borið með sér í bílinn. „Við þvoum oft á hverjum degi til þess að koma í veg fyrir þetta en það er ekki alltaf hægt að komast hjá óhöppum," segir Steinar Magnússon.

gar@frettabladid.is

NEYÐ Allir geta lent í þeirri aðstöðu að þurfa á hjálp að halda, lögreglan sem aðrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Neyðarverðir í önnum:

186.929 neyðarsímtöl í fyrra

ÖRYGGISMÁL Neyðarverðir 112 afgreiddu 186.929 neyðarsímtöl á árinu 2006. Neyðarsímtölum fjölgaði um fjögur prósent frá fyrra ári. Í meira en helmingi tilfella var leitað eftir aðstoð lögreglu eða 109.331 sinnum. Nær 29 þúsund erindi bárust vegna sjúkraflutninga og 4.651 sinni var óskað eftir aðstoð slökkviliðs. Tæplega 18 þúsund erindi voru vegna slysa og aðstoðar lækna.

Stöðugt er unnið að því að stytta viðbragðstíma og var meðalsvartími neyðarvarða hjá 112 3,23 sekúndur árið 2006. Heildarfjöldi innhringinga í 112 á árinu var 263.430 og fjöldi SMS-skeyta var 261. - shá

Hitabylgja í Rúmeníu:

Fimm látnir vegna hitans

RÚMENÍA/AP Að minnsta kosti fimm manns hafa látist og 8.500 hafa leitað læknisaðstoðar vegna hitabylgju sem nú geisar í Rúmeníu. Rúmensk heilbrigðisyfirvöld sögðu frá þessu í gær. Einnig var greint frá því að starfsmenn sjúkrahúsa hafi sumir verið beðnir um að fresta sumarfríi sínu og að sjúkrabílum hafi verið fjölgað.

Hitinn hefur verið um og yfir 38 gráður á Celsíus síðan á mánudag og svipuðu veðri er spáð áfram. Í Búkarest hefur verið fyrirskipað að opinberar sundlaugar verði opnar allan sólarhringinn svo íbúar geti kælt sig. - þeb

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÞAÐ HLAUT AÐ KOMA AÐ ÞVÍ

Jæja þá eru hún komin blessuð. Gamla og um margt góða íslenska rigningin. Næstu daga má búast við dropum úr lofti á vesturhluta landsins og jafnvel svo að úrkoman teygi sig eitthvað yfir á austurhluta Norðurlands. Mér sýnist að Austurlandið verði einna best næstu daga, þurrt en ekki endilega mjög sólríkt. Hitinn verður hins vegar með besta móti næstu daga.

REYKJAVÍK Í DAG

Sunnan eða suðvestan 5-8 m/s. Rigning af og til. Hiti 13-16 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



5-10 m/s vestast á landnu.

» laugardagur



Hæglætisveður.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	21°C	hálfskýjað	London	22°C	skúrir	Friedrichshafen	32°C	léttskýjað
Billund	20°C	hálfskýjað	París	25°C	hálfskýjað	Basel	29°C	skúrir
Osló	20°C	hálfskýjað	Eindhoven	25°C	hálfskýjað	Alicante	30°C	léttskýjað
Stokkhólmur	21°C	hálfskýjað	Frankfurt	27°C	skúrir	Algarve	25°C	léttskýjað
Gautaborg	18°C	skúrir	Berlín	26°C	hálfskýjað	Las Palmas	27°C	léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

10% endurgreiðsla

10% endurgreiðsla í dag!

Þeir sem greiða með e-korti eða e² Vildarkorti fá 10% endurgreiðslu af öllu eldsneyti hjá Shell í dag, 19. júlí.

KORT
www.ekort.is

VILDARKORT
www.e2.is

KJÖRKASSINN

Hefur þú farið í tívolíið við Smáralind í sumar?

Já 7%

Nei 93%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Myndir þú nota GPS-tækni til að fylgjast með barninu þínu?

Segðu skoðun þína á visir.is

Maður sem situr inni fyrir manndrápstilraun réðst á samfanga sinn í fótboltaleik:

Nefbraut samfanga í fótbolta

DÓMSMÁL Tuttugu og átta ára fangi í fangelsinu á Akureyri, Börkur Birgisson, hefur í Héraðsdómi Suðurlands hlotið þriggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir að ráðast á samfanga sinn í fótboltaleik á Litla-Hrauni í júlí í fyrra.

Nokkur hiti hafði verið í leiknum og enduðu ítrekuð átök milli mannanna tveggja með því að Börkur sló hann í andlitið. Sá sem sleginn var nefbrotnaði og hlaut þrjá skurði í andlitið. Börkur var dæmdur til að greiða fórnarlambinu 220 þúsund krónur í miskabætur. Þá var hann dæmdur fyrir fíkniefnabrot, en fimm gramma hassmoli fannst í jakka hans í fangelsinu.

LITLA-HRAUN Maðurinn afplánaði dóm á Litla-Hrauni þegar árásin átti sér stað en hefur nú verið færður í fangelsið á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

Börkur hefur frá árinu 1997 hlotið fjóra dóma fyrir ofbeldisverk, þar á meðal sjö og hálfs árs fangelsisdóm fyrir tilraun til manndráps, en hann réðst á tvo menn með öxi á veitingastaðnum A. Hansen sumarið 2004 og hjó af afli í höfuð annars þeirra. Þá hefur hann tvisvar hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot.

Fanginn sem fyrir árásinni varð var dæmdur í tveggja ára fangelsi í apríl fyrir að skjóta úr haglabyssu á hús í Hafnarfirði, kasta bensínsprengju í gegnum rúðu á húsinu daginn eftir, og að brjótast inn í annað hús og berja heimilismann með kúbeini. - sh

Braut gegn valdstjórninni:

Sektaður fyrir að klæðast lögregluskyrtu

DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt mann á þrítugsaldri til að greiða tuttugu þúsund króna sekt fyrir að klæðast einkennisskyrtu lögreglunnar í óleyfi.

Maðurinn klæddist skyrtunni á Kaffi Akureyri þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum.

Hann var sýknaður af ákæru um ranga skýrslugjöf en hann gaf lögreglu upp rangt nafn og kennitölu. Við handtöku var manninum ekki skýrt frá réttindum sínum sem sakbornings og hann því sýknaður af þeim lið ákærunnar. - avi

FRÁ FUNDINUM Áhöfn þyrlunnar og forsvarsmenn Landhelgisgæslunnar lýstu atburðum mánudagskvöldsins á fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áhöfnin taldi sig ekki vera í lífshættu

Rannsókn á flaki björgunarþyrlunnar TF-SIFJAR beinist að hreyflum hennar. Ljóst er að þyrlan missti afl og nauðlending var óumflýjanleg. Áhöfnin taldi sig ekki vera í hættu. Benóný Ásgrímsson segir það vonbrigði að þyrlunni hvolfdi.

LANDHELGISGÆSLAN Fjögurra manna áhöfn björgunarþyrlunnar TF-SIFJAR taldi sig ekki vera í lífshættu þegar flugstjóri vélarinnar neyddist til að nauðlenda henni út af Straumsvík á mánudagskvöld. Vélin missti afl og viðbrögð áhafnar voru þaulæfð og samkvæmt verklagsreglum Landhelgisgæslunnar (LHG). Sigurður Heiðar Wiium flugstjóri sagði á blaðamannafundi í gær að hann hefði aldrei óttast um líf sitt þann stutta tíma sem leið frá því að honum var ljóst að hann þyrfti að lenda þyrlunni á haffletinum og þangað til áhöfnin var komin heilu og höldnu um borð í bát Björgunarsveitar Hafnarfjarðar. Undir það tóku aðrir í áhöfninni. „Allar hurðir eru neyðarútgangar og ljóst að við kæmumst auðveldlega út. Ekki er þó annað en mannlegt að það komi efi að mönnum fyrstu augnablikin," sagði Sigurður.

Benóný Ásgrímsson, flugstjóri og staðgengill flugrekstrarstjóra LHG, segir að um venjulegt æfingaflug hafi verið að ræða og að atvikið hafi átt sér stað þegar um tíu mínútur voru liðnar af æfingunni. Þyrlan var í sextán metra hæð þegar viðvörunarmerki gaf það til kynna að þyrlan væri að missa afl og átti áhöfnin engra annarra kosta völ en að lenda þyrlunni á sjónum. Viðbrögðin voru samkvæmt verklagsreglum Landhelgisgæslunnar og þaulæfð. „Að mínu mati var farið nákvæmlega eftir því sem æft hefur verið undanfarin ár." Benóný segir jafnframt að það séu mikil vonbrigði að þyrlunni hvolfdi eftir lendingu enda hefðu flotholt hennar átt að halda henni á floti í allt að sólarhring.

Þorkell Ágústsson, forstöðumaður Rannsóknarnefndar flugslysa, segir að rannsóknin beinist að hreyflum þyrlunnar sem eru tveir. „Ekkert er enn komið í ljós sem skýrir atvikið." svavar@frettabladid.is

Helgi Rafn Brynjarsson, sem sakaður var um hundadráp, kærir rógberana:

Lúkasarmálið fyrir dómstóla

LÖGREGLUMÁL „Ég treysti dómstólum fyllilega til að komast að niðurstöðu og það verður fróðlegt að sjá hvernig þeir meta ærusviptingu Helga, í ljósi þess að öðrum einstaklingi voru metnar 700.000 krónur fyrir að vera sagður „fallinn" framan á tímariti," segir Erlendur Þór Gunnarsson, lögmaður Helga Rafns Brynjarssonar.

ERLENDUR ÞÓR GUNNARSSON

Helgi hefur ákveðið að lögsækja þá sem komu þeirri sögu af stað að hann hefði drepið hundinn Lúkas. Hann ætlar einnig að kæra þá sem komu í kjölfarið með ærumeiðandi ummæli og hótanir á internetinu.

„Þetta eru á þriðja tug aðila sem hafa fjallað um Helga með grófum og ærumeiðandi hætti og við munum óska eftir rannsókn lögreglunnar á þeim. Í framhaldinu geri ég ráð fyrir því að hún ákæri þá. Síðan verður ákveðið með hugsanlegar skaðabótakröfur," segir Erlendur.

Hann segir að málið sé líklega hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. „Það virðast sumir telja að það sé í lagi að segja hvað sem er á netinu, sama hversu meiðandi það er. Það þarf ekki að skoða nema brot af þessum fullyrðingum til að sjá hversu miklar sálarkvalir Helgi og hans fjölskylda hafa mátt líða." - kóþ

HUNDURINN LÚKAS Hans er enn leitað í Hlíðarfjalli á Akureyri.

Ótrúlegt verð

Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgar-svæðinu og á Akureyri

BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000 BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Snúnings grillteinn
- Rafeinda kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

Áfylling á 10 kg plastkút 2.990kr

Fæst aðeins í Kringlu, Skeifu og Spöng.

Gildir til 23. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir nýkjörinn forseti Ísraels?*

2 *Hver er algengasta orsök bílslysa í Reykjavík?*

3 *Hvaða söngkona er hætt í Nylon?*

SVÖR Á BLS. 42

Hundruð manna fórust í flugslysi á hættulega stuttri flugbraut í Brasilíu:

Flugvélin stóð í ljósum logum

BRASILÍA, AP Að minnsta kosti 189 manns fórust þegar farþegaflugvél fórst í lendingu á stuttri, regnvotri flugbraut í São Paulo í Brasilíu í fyrrinótt. Minnstu munaði að vélin rynni stjórnlaust inn á fjölfarna umferðargötu en þess í stað lenti hún á bensínstöð og áfram á byggingu flugfélagsins TAM. Gríðarlegur eldur braust út.

Um borð í vélinni voru 186 manns, þar af sex manna áhöfn og átján starfsmenn brasilíska flugfélagsins TAM. Þeir fórust allir samstundis, en ekki var vitað hve margir fórust í byggingunni eða nágrenni hennar.

Flugbrautin sem notuð var þykir vera hættulega stutt og hafa flugmálayfirvöld í Brasilíu árum saman verið gagnrýnd fyrir að heimila umferð stórra flugvéla á henni. Á þriðjudaginn runnu tvær flugvélar út af brautinni í rigningu.

BRUNARÚSTIR Lítið var eftir af farþegaþotunni þegar eldurinn hafði verið slökktur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það sem virðist hafa gerst er að honum [flugmanninum] tókst ekki að lenda og hann reyndi að taka á loft aftur," sagði talsmaður slökkviliðsins í São Paulo.

Luiz Inacio Lula da Silva Brasilíuforseti lýsti yfir þriggja daga þjóðarsorg. Þetta er annað stóra flugslysið í Brasilíu á innan við ári. Í september síðastliðnum fórust 154 í árekstri milli Boeing 737 farþegaþotu og lítillar einkaþotu yfir regnskógunum á Amazonsvæðinu. - gb

Umsækjendur dvalarleyfis:

Gangast undir rannsóknir

HEILBRIGÐISMÁL Dvalarleyfisumsækjendur frá Mið- og Suður-Ameríku, Asíu, Afríku og Evrópu utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skulu gangast undir læknisrannsókn vegna sóttnæmra sjúkdóma. Þetta kemur fram í nýjum verklagsreglum sem sóttvarnalæknir gaf út á þriðjudag.

Rannsóknirnar beinast einkum að tilkynningaskyldum sjúkdómum eins og niðurgangi, berklum, lifrarbólgu B og HIV. Í reglunum kemur einnig fram að gjald fyrir læknisskoðun vegna umsóknar um dvalarleyfi skuli greiðast af vinnuveitanda eða einstaklingnum sem sækir um leyfið. - þeb

LYFSEÐILSSKYLT Magnús ávísaði ritalíni og kontalgíni án þess að fyrir því lægju brýnar læknisfræðilegar ástæður, að mati landlæknisembættisins.

Vildi hjálpa fíklum að fóta sig í lífinu

Magnús Skúlason yfirlæknir á Sogni hefur verið sviptur leyfi til að ávísa tilteknum gerðum lyfja.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknir hefur svipt Magnús Skúlason, yfirlækni réttargeðdeildarinnar að Sogni, leyfi til að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum. Magnús segist eingöngu hafa viljað hjálpa fólki sem illa var statt í lífinu.

„Ég skrifaði upp á fyrir fjóra til fimm manns sem styrinn stendur um," segir Magnús. „Tveir þeirra voru margra ára fangar sem hafa ekki geta fótað sig í lífinu og þeir hafa staðið sig ágætlega á óhefðbundnum skammti af rítalíni."

Magnús segist einnig hafa skrifað upp á kontalgín fyrir tvo sjúklinga sem biðu eftir innlögn. „Ég gerði þau mistök að reyna að létta þeim lífið í örfáar vikur og gefa þeim lyf svo að þeir færu ekki í fráhvarf," segir Magnús.

„Allar dylgjur um að ég hafi hagnast á einhverju eru vitleysa, ég hef stundum þurft að gefa fátæku fólki mat, ganga í ábyrgð og fleira," segir Magnús.

MAGNÚS SKÚLASON

„Það þarf að varpa ljósi á hvernig þetta ríka og montna samfélag meðhöndlar sína allra veikustu bræður, sem hafa vel flestir búið við sæmileg kjör í bernsku og ekki náð að fóta sig í lífinu síðar meir, lent í brotum, neyslu og fangelsum," segir Magnús. „Þetta er náttúrulega þyngra en tárum tekur að horfa upp á."

Matthías Halldórsson landlæknir segir ekki algengt að læknar séu sviptir leyfinu. „Það er allt frá enginn á ári upp í svona tvo, þrjá," segir Matthías. Ástæðan sé oft einkaneysla. - sgj

KLASSA ROKK

JEFF WHO - JAN MAYEN - ÆLA - KIMONO - SKÁTAR - BACON

Þann 19. júlí stendur Landsbankinn fyrir glæsilegum tónleikum á Ingólfstorgi fyrir alla Klassafélaga frá kl. 17 – 19. Hljómsveitirnar Jeff Who, Jan Mayen, Æla, Kimono, Skátar og Bacon stíga á svið og rokka fyrir áhorfendur. Óli Palli kynnir og sér um tónlist á milli atriða. Ekki láta þig og þína vanta á hressandi útitónleika!

Landsbankinn tekur vel á móti þeim sem vilja skrá sig í Klassa, upplifa stemninguna og fá glæsilega inngöngugjöf.

Landsbankinn

Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Jafningjafræðsluna.

GOTT FÓLK / Myndskreyting: Þórdís Claessen

Vísindamenn finna neðanjarðarvatn í Darfúr-héraði:

Vatn vekur friðarvon

BANDARÍKIN, AP Vonir hafa nú vaknað um að neðanjarðarleifar af stóru stöðuvatni, sem fundist hafa í hinu stríðshrjáða Darfúr-héraði í Súdan, verði til þess að friðvænlegra verði þar á næstu árum. Hugmyndin er að bora þúsund borholur og dæla vatni upp á yfirborðið.

Vatnsskortur hefur verið í Darfúr-héraði áratugum saman. Vatnsskorturinn leiddi af sér smáskærur milli íbúa á svæðinu, annars vegar ættbálka sem hafa þar fasta búsetu og hins vegar arabískra hirðingja sem lifað hafa flökkulífi þarna öldum saman. Smám saman leiddu þær til þess að allsherjar borgarastríð braust út.

FLÓTTAMENN Í DARFÚR Átökin milli hirðingja og bænda í Darfúr-héraði má að stórum hluta rekja til vatnsskortsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stríðið hefur kostað meira en 200 þúsund manns lífið síðastliðin fjögur ár, og meira en tvær og hálf milljón manna er á flótta. **- gb**

BÚIÐ UM ÞINGMENNINA Í gærkvöldi var beddum komið fyrir í bakherbergjum þinghússins þar sem þingmenn öldungadeildarinnar gátu hallað sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frumvarpið var stöðvað

Þingmenn öldungadeildar Bandaríkjanna töluðu um Írak í alla fyrrinótt. Demókratar kröfðust næturfundar til að leggja áherslu á mikilvægi málsins.

BANDARÍKIN, AP Repúblikönum í öldungadeildinni tókst í gær að koma í veg fyrir að frumvarp demókrata um brotthvarf Bandaríkjahers frá Írak yrði borið undir atkvæði í deildinni. Demókratar vildu með frumvarpinu stöðva stríðsrekstur Bandaríkjanna í Írak, sem staðið hefur í fimm ár og hefur kostað 3.600 bandaríska hermenn lífið.

„Við verðum að koma okkur út úr þessu borgarastríði," sagði demókratinn Joe Biden, sem er formaður utanríkismálanefndar öldungadeildarinnar.

Sextíu atkvæði hefði þurft til að knýja fram atkvæðagreiðslu um frumvarpið, en svo fór að einungis 52 þingmenn greiddu atkvæði með en 47 á móti.

Það var Harry Reid, leiðtogi demókrata í deildinni, sem krafðist þess að þingfundur um málið myndi standa alla nóttina í þeirri von að geta unnið nægilega marga repúblikana á sitt mál. Demókratar vildu ná því fram að brotthvarf hersins frá Írak myndi hefjast eftir 120 daga og því yrði lokið í apríl á næsta ári.

Nokkur viðbúnaður var við hafður áður en næturfundurinn hófst. Um kvöldið hafði beddum verið komið fyrir í bakherbergjum þinghússins þar sem þingmennirnir gátu hallað sér. Flestir náðu þeir reyndar nokkurra klukkutíma svefni meðan nokkrir félaga þeirra skiptust á um að halda langar ræður um þetta umdeilda mál.

Meðal þeirra sem tóku til máls voru demókratinn Hillary Clinton og repúblikaninn John McCain. Repúblikanar sögðu næturfundinn hafa ekki verið annað en skrípaleik.

„Það eina sem þetta skilur eftir sig eru ótrúlega svipaðar frásagnir dagblaða af ofmati okkar á mikilvægi þessarar leiksýningar, og svo líkamleg þreyta okkar," sagði John McCain, einn af forsetaframbjóðendum repúblikana.

Condoleezza Rice utanríkisráðherra var einnig á staðnum og hafði hraðann á þegar hún gekk á milli þingherbergja til þess að sannfæra þingmenn um málstað stjórnarinnar.

gudsteinn@frettabladid.is

HJÁLPARHÖND Mótmælandi gaf hlekkjuðum félaga sínum að borða þegar samtökin Saving Iceland mynduðu mannlegan tálma við innkeyrslu að álveri Century Aluminium við Grundartanga í gær. Fimm mótmælendur klifruðu upp í krana og hengdu upp fána. Með þessu vildu þeir mótmæla fyrirhuguðu álveri í Helguvík og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar. Mótmælin fóru friðsamlega fram. MYND/SKESSUHORN

Byggðarráð skorar á ríkisstjórn:

Vill stofna nýsköpunarsjóð

BORGARBYGGÐ Byggðarráð Borgarbyggðar hefur skorað á ríkisstjórnina að móta byggðastefnu sem styrki búsetu á landsbyggðinni.

Í bókun ráðsins segir að mikilvægt sé að mótuð sé stefna um uppbyggingu opinberrar þjónustu sem styðji við eðlilega og raunhæfa byggðaþróun.

Þá lýsir ráðið sig reiðubúið til að taka þátt í stofnun nýsköpunarsjóðs Vesturlands sem hafi það að markmiði að efla sprotastarfsemi á Vesturlandi. Auka þarf fjölbreytni í atvinnulífinu sem sé forsenda uppbyggingar og fólksfjölgunar á svæðinu. **- aví**

AFHENDING Menn frá Lionsklúbbnum Þór færa starfsfólki Landspítalans talstöðvarnar.

Landspítali fær gjöf:

Þór gefur spítala talstöðvar

HEILBRIGÐISMÁL **Landspítalinn fékk á dögunum fimm Tetra-talstöðvar að gjöf frá Lionsklúbbnum Þór.**

Talstöðvarnar leysa af hólmi eldri tæki greiningadeildar spítalans.

Nýju talstöðvarnar eru léttari og meðfærilegri en þær gömlu og munu nýtast vel við dagleg störf á slysa- og bráðadeild ásamt því að koma sér vel við hópslysaviðbúnað, segir í tilkynningu spítalans. Lykilstjórnendur geta notað stöðvarnar til að vera í sambandi við þyrlur og sjúkrabifreiðar ásamt því að vera í sambandi sín á milli. **- aví**

Áhyggjur af kvótaniðurskurði:

Fái háskólanám og störf hjá ríki

SVEITARSTJÓRNIR Byggðarráð sveitarfélagsins Skagafjarðar segist hafa þungar áhyggjur af neikvæðum áhrifum niðurskurðar á þorskkvóta. Meðal tillagna sem byggðarráðið hefur sett fram um mótvægisaðgerðir af hálfu ríkisins eru að komið verði á fót almennu háskólanámi í Skagafirði, byggð verði upp aðstaða til kvikmyndagerðar, gerð verði hagkvæmniathugun á starfrækslu netþjónabús, störfum verði fjölgað hjá Byggðastofnun og Íbúðalánasjóði á Sauðárkróki og að höfuðstöðvar Vinnumálastofnunar flytjist þangað. Einnig að athugað verði með framleiðslu basalttrefja og að ferðaþjónusta fái styrki og flugsamgöngur til Sauðárkróks verði tryggðar. **- gar**

MITSUBISHI L-200
ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI
Á FRÁBÆRU VERÐI

2.990.000 kr.

Veglegur aukahlutapakki innifalinn:
Álfelgur · 32" dekk · Klæðning í palli · Dráttarbeisli

Virkur þátttakandi
Mitsubishi L-200 er fjölhæfur ferðafélagi sem er meira en til í að taka þátt í öllum áhugamálum fjölskyldunnar.

Mikilvægir eiginleikar
Minnsti beygjuradíus sambærilegra bíla · 2.800 kg dráttargeta · Opnanleg afturrúða · Super select II drifbúnaður – sá sami og í Pajero · Spyrnustýring og spólvörn

Komdu og reynsluaktu

MITSUBISHI MOTORS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 0602

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

Litlu nauðsynlegu hlutirnir í útileguna

Hitabrúsar · Prímusar · Pottar og pönnur · Ljós og mælar · og margt, margt fleira

Komdu og líttu á úrvalið í verslunum okkar í Faxafeni 12 og Glerárgötu 32 Akureyri.

66°NORÐUR

REYKJAVÍK:
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12

KÓPAVOGUR:
Smáralind

GARÐABÆR:
Miðhraun 11

AKUREYRI:
Glerárgata 32

www.66north.is

66°Norðurjún07

Gagnrýni ASÍ sögð vera atvinnurógur

Forstjóri Haga gagnrýnir Neytendasamtökin og verðkannanir ASÍ harðlega og segir samtökin stunda atvinnuróg. Hann segir verslunarmönnum ofboðið. ASÍ segir gagnrýni sína eðlilega og segir henni ekki hafa verið svarað efnislega.

NEYTENDAMÁL Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Neytendasamtökin stunda atvinnuróg með ónákvæmum ályktunum um verðþróun dagvöru hér á landi. „Ég spyr mig hvað þessum mönnum gengur til og hörð gagnrýni okkar er komin til af því að okkur er ofboðið.“ ASÍ hefur gagnrýnt að lækkanir á virðisaukaskatti og vörugjöldum hafi ekki skilað sér til neytenda. Formaður Neytendasamtakanna segir orð sín um Haga, sem reka Hagkaups- og Bónusverslanir, mistúlkuð.

„Reynsla okkar af verðkönnunum ASÍ hefur verið slæm frá upphafi. Þeir nota unglinga til að taka niður verð sem þekkja ekki muninn á uppþvottalegi og rúðuúða. Það er ekki búandi við þetta. Þetta er ríkisstyrkt verðlagseftirlit og ég get ekki séð að það þjóni nokkrum tilgangi að senda frá sér yfirlýsingar eins og ASÍ hefur gert, sem hvorki eru réttar né upplýsandi á nokkurn annan hátt,“ segir Finnur.

MATVÖRUVERÐ Verðkannanir ASÍ og túlkanir niðurstaðna þeirra eru harðlega gagnrýndar af verslunarmönnum og samtökum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

FINNUR ÁRNASON

JÓHANNES GUNNARSSON

ÓLAFUR DARRI ANDRASON

Hann segir staðreynd málsins vera einfalda. Vísitala dagvöru sé sú sama og fyrir fimm árum en á sama tíma hafi vísitala launa hækkað um tæplega fjórutíu prósent og húsnæðis um um tæp sjötíu prósent. „Hagstofa Íslands gerir bestu verðkannanir sem völ er á og ég skil ekki af hverju er verið að gera sama hlutinn illa í öðru húsi.“

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, segir að þessi harða gagnrýni og þungu orð Finns dæmi sig sjálf. „Við höfum talið að verðlag í kjölfar skattalækkana á þessu ári hafi ekki lækkað eins og það hefði átt að gera. Hvorki Finnur né Samtök verslunar og þjónustu, sem hafa gagnrýnt okkur hart, hafa svarað þeirri gagnrýni efnislega. Við erum að upplýsa neytendur um verðbreytingar í einstökum verslunum og þess vegna kemur fram hörð gagnrýni í kringum okkar mælingar.“

Ólafur Darri dregur framsetningu Finns á þróun vísitölu dagvöru á tímabilinu 2002 til 2007 ekki í efa. „Mér finnst það samt sérkennilegt, þegar skýringa er leitað á því af hverju matvælaverð lækki ekki meira en raun ber vitni í kringum skattalækkanir á þessu ári, að fara fimm ár aftur í tímann.“

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að harðorð gagnrýni Finns Árnasonar sé innistæðulaus og vísar henni alfarið á bug. „Ég sagði aldrei að fyrirtækið héldi vöruverði uppi hér á landi heldur að fyrirtækið væri verðleiðandi á markaði. Ég stend við þau orð mín.“ svavar@frettabladid.is

www.toyota.is



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37389 07/07

Hilux - Enn betri með stærri vél

Nú er ekki hægt að standast það lengur að setjast undir stýri á Hilux Double Cab, fjallkóngi, vinnuþjarki og borgarbarni sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann er rýmri, hljóðlátari, rennilegri og getur tekist á við mun kröfuharðari verkefni en áður.

Verð 2.990.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Opið 9-21

LAMBAFILLET
M/KRYDDOSTASÓSU
2.998 kr. kg

Þú sparar **500** kr. kg

GRÍSAHNAKKI
ÚRB. BROWN SUGAR
998 kr. kg

Þú sparar **500** kr. kg

LAXASTEIK
M/HVÍTLAUK
998 kr. kg

Þú sparar **500** kr. kg

NÓATÚNS LAMBALÆRISSN.
Í HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
1.838 kr. kg

Þú sparar **460** kr. kg

Earth friendly vörumar eru umhverfisvænar
hreinlætisvörur - kjörið fyrir sumarbústaðinn!

MYLLU HEILHV.
SAMLOKUBRAUÐ
199 kr. stk.

NÓATÚN
Bestir í kjöti

Tilboð
á ferskum kjúklingi!

50% afsláttur

MÓA KJÚKLINGUR FERSKUR 1/1
350 kr. kg.

Tilbúið grillmeðlæti Nóatúns!

Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!

Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAGRILL-LEGGIR
798 kr. kg

Þú sparar 200 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

UNGNAUTAHAMBORGARAR BBQ 140 GRÖMM
169 kr. stk.

Nóatún mælir með!

Bragðgott SS ítalskt salami!

24% afsláttur

Lífrænt og hollt VS pasta og Enricos pastasósur!

Lífrænt og hollt

20% afsláttur

Coke 1 lítri!

3 fyrir 2

Verði ykkur að góðu!

Svona erum við

Komur farþegaskipa til Faxaflóahafna:



baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: ÞJÓÐARSORG

Engar opinberar reglur til um þjóðarsorg

Þriggja daga þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í Brasilíu vegna flugslyss sem varð þar í landi á þriðjudag. Mjög misjafnt er hvernig ráðamenn landa taka á hörmungum og áföllum af þessu tagi.

Hvað er þjóðarsorg?
Erfitt hefur reynst að skilgreina þjóðarsorg nákvæmlega. Má þó segja að þjóðarsorg sé fyrst og fremst þegar skyndilegt áfall verður sem á einhvern hátt er tilfinningalegt fyrir almenning. Það er oftast eitthvað sem veldur dauða hóps af fólki, til dæmis slys. Erlendis tíðkast einnig að lýsa yfir þjóðarsorg við fráfall einhvers mikilsmetins einstaklings í viðkomandi landi.

Veraldlegir og andlegir leiðtogar þurfa oft að skynja hvenær tilefni er til að bregðast við með þessum hætti. Almenningur ætlast oft til

þess að leiðtogar bregðist við þegar sorglegur atburður hefur orðið og hafi þannig tilfinningu fyrir líðan þjóðarinnar.

Eru til reglur á Íslandi um þjóðarsorg?
Að sögn Halldórs Reynissonar, verkefnisstjóra fræðslusviðs Biskupsstofu, eru engar ákveðnar reglur til á Íslandi þegar kemur að þjóðarsorg. Það er mat þjóðarleiðtoga hverju sinni hvernig bregðast skuli við slíkum atburðum. Hér á landi tíðkast ekki að lýsa opinberlega yfir þjóðarsorg en dæmi eru um að landsmenn séu beðnir um að flagga fánum í hálfa stöng í virðingarskyni. Þá biðja biskupar presta oft um að hafa kirkjur opnar fyrir almenning, það var til að mynda gert þegar snjóflóðin á Flateyri og Súðavík urðu árið 1995. Halldór segir það hafa færst í vöxt að ráðamenn bregðist við slíkum hörmungum strax og með myndarlegum hætti.

SPURT & SVARAÐ
BARRTRÉ

Voru hér í 15 milljónir ára

Barrtré innan þinghelgi Þingvalla hafa verið felld samkvæmt áætlun frá 2001. Ástæðan er að annar gróður eigi lengri sögu á Þingvöllum. Brynjólfur Jónsson er framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.

BRYNJÓLFUR JÓNSSON

Hver er saga barrtrjáa á Íslandi?
Barrtré voru í hátt í 15 milljónir ára á Íslandi. Svo hurfu þau í lok ísaldar í um 6-800 þúsund ár. Fyrir um hundrað árum fóru menn að gróðursetja hér barrtré.

Hversu mikið er af barrtrjám á landinu?
Hlutfallið af barrtrjám og lauftrjám er ekki alveg vitað, en skóglendi sem maðurinn hefur aukið við á síðustu hundrað árum nemur kannski um 0,3 af hundraði landsvæðisins. Barrtré eru kannski lunginn af því. Af því er líklega lerki langmest.

Hver er munurinn á barrtrjám og lauftrjám?
Í þróunarsögunni eru barrtrén miklu eldri, þau urðu fyrr til. Lauftrén komu síðan. Í sjálfu sér er erfitt að bera þetta saman, fyrir utan augljósan mun sem nöfnin gefa til kynna. Það er stigsmunur milli þessara fylkinga.

Hættulegra að aka um borgina

Umferðaróhöpp voru þriðjungi fleiri í Reykjavík í fyrra en árið áður. Aftanákeyrslum fjölgaði um fjórðung frá árinu áður. Kostnaður vegna umferðartjóna jókst töluvert og olli hækkun á iðgjöldum tryggingafélaganna um síðustu áramót.

UMFERÐARÞUNGI Gatnamót Miklubrautar og Grensásvegar, sem sjást hér á myndinni, eru þau þriðju hættulegustu í borginni. Þar urðu 54 umferðaróhöpp á síðasta ári og slösuðust tólf. Þrjátíu milljónir voru greiddar út af tryggingafélögunum vegna tjóna á þessum gatnamótum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Af þeim 1.234 manns sem slösuðust í umferðarslysum í Reykjavík á síðasta ári voru rúmlega fimm hundruð með áverka eftir aftanákeyrslu. Alls voru tæplega tíu þúsund tjón tilkynnt tryggingafélögunum í fyrra, sem er aukning um 35 prósent frá árinu áður.

Sjóvá Forvarnarhús tók saman tölur um umferðaróhöpp og slys, þar sem einhver slasast í umferðaróhappi, í Reykjavík í fyrra og birti í skýrslu sinni í vikunni.

Mikill fjárhagslegur skaði
Samkvæmt skýrslunni var kostnaður tryggingafélaganna vegna tjóna í Reykjavík í fyrra tæpir fimm milljarðar króna, sem er fjórutíu prósenta aukning milli ára. Við þetta bætist tjón þeirra sem valda tjónunum, kostnaður samfélagsins, laun sem greidd eru af vinnuveitendum þegar fólk er óvinnufært og kostnaður sem hlýst af töfum þegar árekstrar valda umferðarteppu. Gróflega megi áætla að kostnaður vegna umferðarinnar í Reykjavík sé ekki undir tólf milljörðum króna, segir í skýrslunni.

Einar segir hækkun á iðgjöldum trygginga um síðustu áramót hafa verið að hluta til vegna þessarar aukningar umferðaróhappa og þar af leiðandi kostnaðar tryggingafélaganna. Þegar kostnaðurinn vegna umferðaróhappa aukist skyndilega um fjórutíu prósent hafi fyrirtækin hreinlega ekki um annað að velja en að hækka iðgjöldin.

Á röngum stað á röngum tíma
Flestir slösuðust á Miklubrautinni í fyrra, 139 manns. Næst á eftir kom Vesturlandsvegur með eitt hundrað slasaða og Reykjanesbraut þar sem 81 slasaðist.

Af gatnamótum borgarinnar voru gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar verst. 66 umferðaróhöpp urðu á þessum gatnamótum í fyrra þar sem átján slösuðust. Næst á eftir komu gatnamót Hringbrautar og Njarðargötu þar sem 63 umferðaróhöpp urðu og átján slösuðust. Af tíu hættulegustu gatnamótum í Reykjavík eru þrjú á Kringlumýrarbraut, þrjú á Miklubraut og tvö á Hringbraut.

Flest slys urðu um eftirmiðdaginn, milli klukkan fjögur og sjö, þegar fólk er á leið heim til sín úr vinnunni. Á þessum þremur klukkustundum á degi hverjum varð um þriðjungur allra slysa í Reykjavík í fyrra. Einnig var nokkuð um slys á bilinu frá tíu um kvöldið til klukkan tvö um nóttina.

Hvað er til ráða?
Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir þessar tölur undirstrika þéttleikann í umferðinni og þann fjölda bíla sem keyrir um götur Reykjavíkur á hverjum degi. Aftanákeyrslur séu ávöxtur aðgæsluleysis ökumanna í umferðinni og þær gerist oftast þegar menn séu of nálægt bílnum á undan.

En hvað er öruggt bil á milli bíla? Stefán segir það fara mikið eftir hraða og aðstæðum, en almenn þumalputtaregla sé að telja hægt upp í þrjá þegar bíllinn á undan fer fram hjá einhverju kennileiti. Ef bíllinn þinn er kominn að kennileitinu áður en þú nærð að telja upp í þrjá ertu of nálægt, og þarft að auka bilið.

„Eftirlit lögreglu er einn þáttur í lausninni, gatnakerfið og merkingar eru annar en sá stærsti liggur hjá ökumanninum sjálfum," segir Stefán. „Menn þurfa að gæta betur að sér í umferðinni."

Áfellisdómur yfir R-listanum
Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks og formaður umhverfisráðs, segist telja skýrslu Sjóvár Forvarnarhúss vera áfellisdóm yfir R-listanum. Í tólf ára valdatíð hans hafi sáralítið verið gert í umferðaröryggismálum höfuðborgarinnar.

„Frá því við tókum við fyrir um ári síðan höfum við verið að berjast fyrir því að koma fyrir stokkalausnum á hættulegustu gatnamótunum, á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar annars vegar og Kringlumýrarbrautar og Listabrautar hins vegar. Með aukinni bílaeign hafa þessar stóru stofnbrautir orðið eins og beljandi stórfljót sem æða í gegnum borgina, og eru orðin beinlínis hættuleg ökumönnum og vegfarendum."

FRÉTTASKÝRING
SALVAR ÞÓR SIGURÐSSON
salvar@frettabladid.is

ALGENGUSTU TEGUNDIR ÓHAPPA Í REYKJAVÍK 2006



TJÓNAMESTU GÖTURNAR Í REYKJAVÍK 2005 OG 2006



KRÓNAN

fyrst og fremst...

...í sumar

22% afsláttur

2098 kr. kg

Fylltar kjúklingabringur

m. rjómaosti og peppadew

m. rjómaosti og sólþ. tómötum

298 kr. kg

Krónu kjúklingur

399 kr. pk.

Ungnautahakk frosið

TILBOÐ FYRIR ÞIG

298 kr. pk.

Ungnautahamborgarar 175g

35% afsláttur

395 kr. kg

Kjúklingalæri og leggir

25% afsláttur

1371 kr. kg

Goða lambaframp. sneiðar

89 kr. 2 l

Coke light

3 saman í pakka!

499 kr. pk.

Napoli 3x300 g pizzur í pakka

1.5 kíló!

299 kr. pk.

Mc Cain franskar

299 kr. pk.

Weetaflakes

> Verð á flugferð frá Reykjavík til Akureyrar, aðra leið



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR, PISTLAHÖFUNDUR OG FEMÍNISTI

Kostar blóð, svita og tár að byggja

Katrín Anna Guðmundsdóttir talskona Femínistafélags Íslands.

„Bestu kaupin mín voru þegar ég ákvað að slá til og byggja þrátt fyrir hástemmd loforð um að ég myndi aldrei gera það," segir Katrín Anna Guðmundsdóttir pistlahöfundur, femínisti og framkvæmdastýra Hugsaðu. Hún segir lítið framboð af eignum og hátt verðlag hafa orðið til þess að henni snerist hugur. „Það er búið að kosta blóð, svita og tár en það er miklu skemmtilegra að búa í húsnæði sem maður hefur sjálfur byggt, þó að það sé ekki tilbúið og óteljandi verkefni eftir. Það er persónulegra og skemmtilegra."

Aðspurð um verstu kaupin segir Katrín Anna það hafi verið kaup á hugmynd. „Það var þegar ég sem unglingur keypti þá hugmynd að fegurðarsamkeppnir væru sniðugt fyrirbæri. Svo henti ég þessari hugmynd þegar ég uppgötvaði femínismann og fór að skoða hvaða áhrif þetta hefur í raun og veru á jafnrétti. Þetta þrengir svo sjóndeildarhringinn. Þegar ég skilaði hugmyndinni víkkaði ég sjóndeildarhringinn og allur heimurinn varð miklu fallegri fyrir vikið."

HÚSRÁÐ

HLÍFAR Á TAKKABORÐ

■ *Daníel Ólafsson, einnig þekktur sem plötusnúðurinn Danni Deluxxx, mælir með því að allir fartölvueigendur fái sér hlíf yfir takkaborðið.*

„Ég mæli með þessu vegna þess að maður er alltaf með fartölvuna út um allt. Lyklaborðið verður kámugt og það fer ryk og fleira inn í það svo það skemmist á endanum," segir Danni.

Vörnin sem hann notar fæst á www.iskin.com en þar eru sérhannaðar hlífar úr sílíkoni fyrir Mac-tölvur. Danni segir hlífina ekki trufla sig neitt og auðvelt sé að þrífa hana. „Svo er þetta mjög þægilegt þegar maður er með tölvuna að dj-a og hellir yfir hana."

■ **Öryggismál**

Ítarlegar leiðbeiningar um öryggi

Volvo hefur gefið út ítarlegar leiðbeiningar um öryggi barna og vanfærra kvenna í bílum. Leiðbeiningarnar byggjast á yfir 40 ára rannsóknar- og þróunarvinnu í öryggismiðstöð Volvo í Svíþjóð. Í leiðbeiningunum kemur fram að stærð barna skiptir máli og mælt er með því að börn að fjögurra ára aldri snúi baki í umferðina. Rannsóknir Volvo sýna einnig fram á að rétt staðsetning öryggisbelta og sætispúða dregur verulega úr áverkum í árekstri. Leiðbeiningarnar má finna á www.volvo.is.

Mikilvægt að bera saman verð á flugmiðum

Fréttablaðið gerði verðsamanburð á flugi báðar leiðir milli Íslands og London fyrir foreldra með tvö börn, þegar pantað er með tveggja daga fyrirvara. Þrjú flugfélög bjóða upp á slíkar ferðir og var verðmunurinn á þessari tilteknu ferð nokkur.

Icelandair og Iceland Express bjóða bæði upp á daglegar ferðir til og frá London. British Airways flýgur einnig til og frá London, en ekki daglega.

Flugfélögin nota öll mismunandi flugvelli í London, Icelandair notar Heathrow, Iceland Express flýgur á Stansted og British Airways á Gatwick. Ferðalagið til London tekur því örlítið lengri tíma hjá Iceland Express, en gera þarf ráð fyrir rútu- eða lestarferð í miðborgina.

Miðaverð var athugað klukkan fjögur síðdegis á þriðjudag. Verðið gæti því verið hærra en ef pantað væri með meiri fyrirvara. Miðað var við að flogið yrði út í dag og komið aftur á sunnudag. British Airways bauð ekki upp á flug þessa daga, svo að reiknað var með flugi út á morgun og heim á miðvikudag.

Iceland Express kom best út úr könnuninni, en ferðin kostaði samtals 146.690 krónur fyrir foreldra með tvö börn, fram og til baka, auk allra skatta og gjalda. Flogið er út klukkan 7.50 (í morgun) og komið er heim aftur klukkan 14.40 á sunnudag.

Brottför frá Keflavík með Icelandair er klukkan 16.10 og komið heim á sunnudagskvöld klukkan 23.10. Heildarverð er 156.190 krónur.

VERÐSAMANBURÐUR Á FLUGI TIL LONDON

Flug fram og til baka fyrir foreldra með tvö börn:



* Ekki var miðað við sömu dagsetningu á brottför og komu hjá British Airways og hjá hinum flugfélögunum.

Heimildir: icelandexpress.is, icelandair.is, britishairways.is

Flug British Airways, sem leggur af stað á morgun klukkan 10.45, kostar 191.430 krónur fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Komið er heim á miðvikudag klukkan 9.45. Skattar og önnur gjöld voru hins vegar lægst hjá British Airways.

Forðast ber að líta á niðurstöður könnunarinnar sem algildar fyrir verðlagningu flugfélaganna. Fréttablaðið hvetur ferðalanga til að gera sína eigin verðkönnun þar sem verðið er breytilegt dag frá degi og auðvelt er að grennslast fyrir á netinu.

steindor@frettabladid.is

MATUR OG NÆRING ÓLÖF GUÐNÝ GEIRSDÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR

Átröskun - síðari hluti: Forvarnir

Ekki er vitað hvað veldur átröskunum. Hins vegar vitum við að ýmsir þættir, svo sem erfðir og sálar- og menningarlegir þættir, skipta þar máli. Einstaklingur, sem á náskylda ættingja með átröskun, er í meiri hættu á að fá átröskun. Einstaklingur sem elst upp í umhverfi þar sem hann verður fyrir stöðugri gagnrýni á útlit og/eða frammistöðu er líklegri til að fá átröskun. Einstaklingar sem stunda mikla líkamsþjálfun eða eru á ströngu mataræði hafa auknar líkur til að þróa með sér átröskun. Einnig eru umhverfisþættir, sem hampa grönnum líkamsvexti, óhóflegri hreyfingu og að það sé nánast synd að njóta matar, taldir vera mikilvægir í þeirri staðreynd að átröskun er sívaxandi vandamál hvort sem heldur er hjá börnum, unglingum eða fullorðnum. Í þjóðfélögum þar sem hefur skapast svarthvítt viðhorf til matar og líkamsvaxtar, það er að sumar fæðutegundir séu óhollar, slæmar eða jafnvel hættulegar eða að grannvaxið fólk sé hamingjusamt og agað á meðan feitlagið fólk sé latt og gráðugt, verður til viðhorf sem byggist ekki á heilbrigði heldur á fordómum sem er frjór jarðvegur fyrir átraskanir. Kjörþyngd er sú þyngd sem líkaminn virkar best í og er einstök fyrir hvern og einn. Kjörþyngdarbil sem er reiknað út miðað við líkamshæð (líkamsþyngdarstuðull 20-25) er sú þyngd þar sem minnstar líkur eru á að fá sjúkdóma sem tengjast þyngd einstaklingsins. Þetta kjörþyngdarbil er nokkuð stórt eða 15 kg en það gefur þann möguleika að við getum verið mismunandi í laginu en ekki öll ofurgrönn.

Einu forvarnirnar sem þekktar eru gegn átröskunum eru fræðsla um heilbrigðan lífsstíl með reglulegum máltíðum (4-6 máltíðir á dag), hæfilegri hreyfingu og umburðarlyndi gagnvart mismunandi líkamsvexti fólks. Til að minnka líkur á átröskunum er mikilvægt að við lærum að njóta matar og hreyfingar til heilbrigðis en ekki til að ná ákveðnum líkamsvexti. Við fullorðna fólkið þurfum að vera meðvituð um þau skilaboð sem við sendum til barnanna okkar og tryggja að umhverfið gefi þau skilaboð að heilbrigður lífsstíll sé að bera virðingu fyrir líkama okkar og sál. Við þurfum að vera góð fyrirmynd svo að í framtíðinni geti vaxið upp kynslóðir með sterka og jákvæða sjálfsmynd sem hafi heilbrigði sálar og líkama í fyrirrúmi.

www.mni.is

TEMPUR

Sumartilboð

Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði

Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

Betra BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

SUMAR

Sjóðandi heit tilboð á

100% PIXLAR
100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám
Þýðir öllum nýjum skjám í Tölvutek

22” WIDESCREEN

Vandaður 22” LCD skjár frá Acer á ótrúlegu verði. Hentar jafnt í leiki, kvikmyndir og alla almenna vinnslu. Tryggðu þér eintak af Acer 22” LCD skjá meðan birgðir endast

5ms

- 22” WideScreen LCD skjár
- 700:1 skerpa tryggir myndgæðin
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- VGA og DVI Digital tengi
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

acer

29.900

GIGABYTE

Uppfærsluturn 3

Gríðarlega öflug uppfærsluleið með nýjasta Intel Core 2 Duo örgjörvanum og mjög öflugu GeForce 8500GT skjákorti.

- Intel Core 2 Duo örgjörvi E6420
- GIGABYTE 945P-DS3 FSB1066
- 2GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB NCQ harðd.
- 256MB GeForce 8500GT skjákort
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 8x USB2
- GIGABYTE GZ hljóðlátur turn

59.900

VE12 **5.929** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði

ÓTRÚLEGA NETTUR

Roadster

Vandaður 1GB minnislykill frá OCZ sem lokast inn í sjálfan sig þannig að það er ekkert lok til að týna. Ekki nóg með það heldur er minnislykillinn líka handhæg lyklakippa.

- Hágæða vara frá OCZ
- Snilldar hönnun ekkert lok
- Einnig handhæg lyklakippa
- 1GB hraðvirkt og öruggt minni
- Minnsti USB minnislykillinn!

OCZ Technology

1.990



ACER 5100

FERÐATÖLVA Á SUMARTILBOÐI

- AMD T64 Dual Core X2 TL50
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4” WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Radeon Xpress 1100
- 5 í 1 minniskortalesari
- Windows VISTA Home Premium

acer

79.900

VE12 **7.825** Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI

þJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning og viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

2.990

HVER HAFIN KLUKKUSTUND

RS110 HEYRNATÓL

Vönduð Sennheiser RS 110 þráðlaus heyrnartól með góðum hljóm og allt að 100m drægni

4.990

SAMSONITE NEW JACK

15” Samsonite New Jack vandaður ferðatölvubakpoki, fæst í svörtum eða bláum lit

3.990



CANON iP4300

Frábær ljósmyndaprentari frá Canon með 5 hylkjum, 2 bökkum, prentar líka á geisladiska

9.990

GIGABYTE 256MB 8500GT

Skjákort með GDDR2 800MHz minni, Silent-Pipe kælitækni og einstakri grafík, frábært verð

9.990

Uppfærsla 2

- AM2 A64 Dual Core X2 3800+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 512MB Radeon X1200 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 6xUSB2
- 100% GIGABYTE gæði í gegn

19.900

VE6 **3.648** Á MÁN | VE lán í 6 mánuði

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Öll verð og upplýsingar birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl.

TILBOÐ

tölvum og tölvubúnaði

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

SUMARTILBOÐ Á GEISLADISKUM

Landsins mesta úrval af CD, DVD og BlueRay skrifanlegum geisladiskum frá Verbatim og Pleomax.
Hvergi á betra verði!

3 DAGA TILBOÐ
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

1GB VINNSLUMINNI

3.990

Samsung 1GB DDR2 667Mhz

25 STK 16X DVD DISKAR

1.990

Verbatim 16x DVD+R, 25 stk spindill

3 DAGA TILBOÐ
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

320GB HARÐDISKUR

5.990

Seagate - SATA2 - 7200RPM - 16MB buffer

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Foreldrar og börn.

Stafrænt uppeldi

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Foreldrar vilja gjarnan geta fylgst með ferðum barna sinna öllum stundum og tæknin kemur til móts við þá ósk. Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að íslenska fyrirtækið Trackwell hafi þróað eftirlitsforrit sem hægt er að nota með GPS-farsímum. Þannig geti foreldrar meðal annars fylgst með því hvort börnin mæti í skólann eða hvort þau séu að yfirgefa hverfið eða eitthvað slíkt. Tækni af þessum toga er til víðar og við lok síðustu aldar spunnust umræður um tölvukubba sem hægt væri að græða undir húð barna og nota til þess að finna þau ef þau týndust. Þetta er tækni sem hefði fyrir nokkrum áratugum þótt óhugnanlegt valdatæki sem aðeins ætti heima í vísindaskáldsögum eins og 1984 eftir George Orwell. Árið 1984 er þó löngu komið og farið svo það virðist sem eftirlitssamfélagið hafi náð fótfestu hægt og rólega án þess að skelfing hafi gripið um sig, og í dag er tækni sem gerir foreldrum kleift að fylgjast betur með börnum sínum álitin öryggistæki en ekki ógn.

Líklegt er að eftirspurn muni aukast með tímanum eftir tækni sem þessari og atvik eins og hvarf Madeleine McCann eiga eftir að ýta undir hana. Sífellt yngri börn bera orðið farsíma eingöngu vegna þess að foreldrarnir vilja geta haft samband við þau og komist að því hvar þau eru stödd hverju sinni. Um sex ára aldurinn ganga mörg börn ein í og úr skóla og vilja foreldrar halda sambandi við börnin, sem er skiljanlegt. Spurningin er hvort það sé í lagi að við setjum á þau staðsetningarbúnað. Hugsanlegt er að börnin upplifi þá heiminn svo hættulegan að nauðsynlegt sé að hafa þau undir sífelldu eftirliti. Einnig er hætta á því að það grafi undan sjálfsmynd barna og sjálfstæði þeirra sem er líklega sterkasta vopn þeirra gegn allri ógn. Þau treysti á að það sé fylgst með þeim og beri því ekki ábyrgð á sjálfum sér. Í kennsluskrá leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila ÍTR er lögð áhersla á barnalýðræði og sjálfstæði barna. Vökult auga foreldranna við hvert fótmál gæti dregið úr því starfi.

Spurningin um einkalífið vaknar líka. Eiga börn ekki rétt á einkalífi og ber ekki að virða það? Hafa þau rétt til þess að vera frjáls ferða sinna, eftirlitslaus?

Eftirlitstæki, sama af hvað tagi þau eru, veita vald. Hvort sem það er yfir fólki eða aðstæðum. Þau eru oftast notuð með það í huga að ná valdi á hinu ókomna og því sem gæti hugsanlega gerst. Framtíðina skoðum við með augum fortíðar og leiðum að því líkur hvað gæti gerst, þó það segi okkur í raun ekki neitt. Foreldrar setja upp ótal öryggistæki á heimili sínu til að koma í veg fyrir slys sem hafa gerst annars staðar áður við svipaðar aðstæður. Innstungur eru fylltar og hlið sett fyrir stiga. Þrátt fyrir öryggistækin eiga slysin sér stað, en öryggistækin koma líka oft í veg fyrir þau.

Getum við borið staðsetningartæki á barni og öryggishlið saman? Já, vissulega, því í raun er þetta sami hluturinn og ætti aðeins að notast á þann veg. Eftirlit er ekki nýtilkomið, hins vegar breytir tæknin því hvernig það er framkvæmt. Tæknin hefur gert mæður sem kalla á börn sín hástöfum yfir heilu hverfin í lok dags úreltar. Nú taka foreldrar upp símann og hringja í börnin eða í framtíðinni athuga þeir staðsetningarbúnaðinn. Tæknin á þó til að stríða okkur og stundum sjá augu betur en tæki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bára í stað Ferrers

Séra Bára Friðriksdóttir var fyrir skömmu ráðin sóknarprestur í Tjarnaprestakalli en níu umsækjendur voru um embættið. Séra Bára tekur við starfinu af séra Carlosi Ferrer sem hefur gegnt starfinu undanfarin fimm ár. Undir Tjarnaprestakall heyra bæði Kálfatjarnarsókn á Vatnsleysuströnd og Ástjarnarsókn í Hafnarfirði. Talsverður styr hefur staðið um embættið. Séra Carlos vildi halda áfram í starfi og naut stuðnings Hafnfirðinga á meðan Vatnsleysingar vildu ekki endurnýja ráðningu hans.

Hrepparígur

Deilan um prestakallið endurspeglar kannski að einhverju leyti þann ríg sem ríkt hefur á milli sveitarfélaganna undanfarin ár. Fyrir um tveimur árum var kosið um sameiningu Hafnarfjarðar og Voga. Niðurstaða kosninganna fór á þann veg að Hafnfirðingar vildu sameinast en Vatnsleysingjar höfnuðu sameiningunni og fengu sitt fram. Eftir að 88 Hafnfirðingar komu í veg fyrir stækkun álsversins í Straumsvík fyrr á þessu ári stukku Vatnsleysingjar til og buðu Alcan gull og græna skóga til að láta reisa álver á Keilisnesi. Það má því kannski segja að með deilunni um prestakallið sé hrepparígur Hafnfirðinga og Vatnsleysingja orðin trúarlegs eðlis.

Skiptar skoðanir

Skiptar skoðanir eru um brotthvarf séra Carlosar Ferrer úr Tjarnaprestakalli. Séra Baldur Kristjánsson harmar það til að mynda á bloggsíðu. „Séra Carlos hefur verið einhver allra frumlegasti og gagnlegasti prestur þjóðkirkjunnar. Carlos segir það sem hann meinar og gerir það sem honum finnst rétt," segir Baldur á blogginu og bætir svo við. „Séra Carlos, sem hverfur nú til annarra starfa, hugsaði sem sagt út það sem hann var að gera, þorði að gera hlutina með nýjum hætti, var frumlegur prestur laus við hégómleika og mærð og það er þjóðkirkjunni til skammar að hún skuli hafa spýtt þessum sprota út úr líkama sínum sem hverri annarri óværu."

kristjan@frettabladid.is

Sögulegar sættir

Vagga mannkynsins er hér í Suður-Afríku, segja heimamenn. Elztu mannvistarleifarnar í landinu eru þriggja milljóna ára gamlar. Ýmsar jarðminjar renna stoðum undir þessa skoðun. Ekki er þó mikið vitað um mannvistina langt aftur í aldir. Hitt vita menn, að nýliðin saga Suður-Afríku er átakasaga. Fyrst þurftu heimamenn líkt og Indjánar Norður-Ameríku að kljást við aðkomumenn norðan úr Evrópu, einkum frá Hollandi, þegar þeir stigu á land á Góðrarvonarhöfða á suðurodda Afríku 1652 til að koma sér þar upp bækistöð á miðri siglingaleiðinni frá Evrópu til Austurlanda fjær. Síðan ruddust Bretar einnig inn í Suður-Afríku og elduðu grátt silfur ýmist við hollenzku nýbúana eða frumbyggjana. Það var ójafn leikur: evrópskir byssustingir gegn afrískum spjótum.

Gullæðið eftir 1886 magnaði ófriðinn. Bretar hófu Búastríðið gegn afkomendum hollenzku nýbúanna 1899 einkum til að ná umráðum yfir gulli landsins og höfðu sigur 1902 og gerðu þá Suður-Afríku að brezkri nýlendu. Landið fékk fullt sjálfstæði 1961, en hvítir menn einir – afkomendur Hollendinga og annarra Evrópumanna – réðu lögum og lofum og skeyttu lítið um rétt og hag frumbyggjanna.

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Samskipti svartra og hvítra

Frumbyggjarnir héldu velli

Þegar Hollendingar birtust á suðurodda Afríku um miðja sautjándu öld, voru íbúar Suður-Afríku trúlega um fimm milljónir að tölu. Í Afríku allri bjuggu þá nálega 100 milljónir manns, eftir því sem næst verður komizt, á móti tæpum 800 milljónum nú. Til viðmiðunar voru Indjánar Norður-Ameríku tæpar tvær milljónir, þegar Bretar og aðrir Evrópumenn lögðu Norður-Ameríku undir sig um svipað leyti. Indjánum í vesturheimi var útrýmt á stórum svæðum til að rýma fyrir nýbúum. Sambærilegt þjóðarmorð átti sér ekki stað í Suður-Afríku, enda ráða afkomendur frumbyggjanna þar nú eigin landi, ekki afkomendur nýbúanna eins og í Bandaríkjunum.

Frumbyggjar Suður-Afríku héldu velli, en þeim var haldið niðri með harðri hendi. Þeir voru ódýrt vinnuafl í augum hvíta minni hlutans. Þeir bjuggu við miklu þrengri kost en hvíta yfirstéttin, svo sem í menntamálum. Þeir risu upp við og við gegn kúgurum sínum, til dæmis 1976, þegar þúsundir barna í Soweto, svertingjahverfinu utan við Jóhannesarborg, þyrptust út á göturnar til að biðja um kennslu á ensku frekar en afríkans, máli hvíta minni hlutans. Lögreglan brást við með skothríð; mörg barnanna voru skotin í bakið. Fréttir og myndir af þessum atburði fóru eins og eldur í sinu um allan heim og opnuðu augu margra hvítra Suður-Afríkubúa fyrir rangsleitni aðskilnaðarstefnunnar. Örlög aðskilnaðarstefnunnar voru ráðin. Það var þó ekki fyrr en sextán árum síðar, að kjósendur í Suður-Afríku – aðeins hvíti minni hlutinn hafði atkvæðisrétt! – ákváðu að veita svarta meiri hlutanum óskoruð mannréttindi. Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru skýr: 70 prósent hvítra kusu að hverfa frá aðskilnaðarstefnunni. Hin 30 prósentin óttuðust, að lýðræðislega kjörin stjórn Afríska þjóðarráðsins, flokks blökkumanna undir forustu Nelsons Mandela, myndi keyra landið í kaf. Mandela var kjörinn forseti Suður-Afríku 1994 og boðaði frið og fyrirgefningu.

Sátt og samlyndi

Óttinn við upplausn í landinu reyndist ástæðulaus. Suður-Afríku vegnar nú að ýmsu leyti vel þrátt fyrir mikla erfiðleika. Meðaltekjur á mann í Suður-Afríku eru sex sinnum meiri en í Svörtu Afríku eins og Suður-Afríkubúar kalla álfuna enn. Öll börn í Suður-Afríku ganga í grunnskóla á móti 92 prósentum í Afríku í heild. Framhaldsskóla sækja 93 prósent af öllum unglingum í Suður-Afríku á móti 30 prósentum í Afríku allri. Það er framför frá fyrri tíð. Meðalævin í Suður-Afríku hefur þó styzt úr 62 árum 1990 í 48 ár nú af völdum eyðniveirunnar, sem hefur lagzt á næstum fimmtung fullorðinna Suður-Afríkubúa. Við þetta bætist meiri ójöfnuður í skiptingu auðs og tekna en þekkist annars staðar um heiminn með fáum undantekningum, þar á meðal eru grannlöndin Botsvana og Namibía. Glæpir eru tíðir svo sem við er að búast, þegar ójöfnuður keyrir um þverbak og meðfylgjandi fátækt meðal láglaunafólks og atvinnuleysingja. Fjórði hver maður er atvinnulaus. Tíu milljónir nýbúa hafa streymt til Suður-Afríku undangengin ár, þar af þrjár milljónir á flótta undan óðaverðbólgu og öðrum hörmungum, sem Róbert Múgabe, forseti Simbabve, hefur kallað yfir land sitt. Fimmti hver íbúi Suður-Afríku er ólöglegur innflytjandi. Spennan í landinu stafar ekki nema að litlu leyti af ósætti milli hvítra og svartra. Meira næst.

Darraðardans ASÍ

UMRÆÐAN
Matvælaverð

Það kemur mörgum á óvart, þegar ég segi að innkaupakarfa með dagvöru kostar 3,55% minna í dag en hún kostaði í febrúarmánuði árið 2002, samkvæmt vísitölumælingu Hagstofu Íslands. Sama karfan, sem kostaði þá 10.000 krónur, kostar í dag 9.645 krónur. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um tæp 24%. Laun hafa hækkað um 40,97% og húsnæðiskostnaður um 80,70%, en þetta eru einmitt tveir stærstu kostnaðarliðir verslunarinnar. Það blasir því við að íslensk dagvöruverslun hefur náð góðum árangri á undanförnum árum.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, kvartar yfir málflutningi mínum og veitist að mér í grein í Fréttablaðinu í gær. Ólafur Darri skrifar grein undir fyrirsögninni „Að verja vondan málstað" og vísar þar til þess að ég sem starfsmaður á matvörumarkaði þurfi að verja vondan málstað þegar kemur að verðþróun á matvörumarkaði. Þessu er ég ósammála. Ofangreindar tölur sýna að málstaðurinn getur vart verið betri. Ég spyr mig hins vegar; hvað gengur ASÍ til?

FINNUR ÁRNASON

ASÍ gat ekki reiknað rétt út hve mikil áhrif aðgerðir ríkisstjórnarinnar hefðu á verðlag matvöru, en ASÍ mat þær 12 til 15% þegar raunin er 8,7%. ASÍ gat ekki reiknað rétt út lækkun 10-11 á virðisaukaskatti í könnun sinni 16. apríl síðastliðinn og sendi út fréttatilkynningu, sem var bein aðför að 10-11, sem ASÍ þurfti síðar að leiðrétta.

ASÍ á að vera fullkunnugt um að skattabreyting á matvöru tók gildi þann 1. mars. Frá 1. mars hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,93%, en á sama tíma hefur vísitala dagvöru lækkað um 6,09%. Þjóðin hefur öll aðgang að vef Hagstofu Íslands, þar sem allar undirvísitölur koma fram. Verðlag á matvöru endurspeglar vel þá skattalækkun, sem varð 1. mars og þær verðbreytingar sem orðið hafa síðan, m.a. á nautakjöti, svínakjöti, fiski, kaffi og sykri. Hinn 1. júlí var lagður 10% tollur á grænmeti, sem flutt er inn utan Evrópusambandslanda. Auk þess hefur hækkun húsnæðiskostnaðar og launaskrið haft áhrif á innlenda framleiðslu á þessu ári.

Ásökunum Ólafs Darra um dylgjur og róg vísa ég til föðurhúsanna. Hagdeild ASÍ stundar atvinnuróg og hefur margfallið á reikningsprófinu. Niðurstaðan er að verð á matvöru hefur haldið verðbólgu niðri og við blasir sú staðreynd, sem ASÍ virðist ekki vilja sjá, að verðlag er lægra nú en fyrir rúmum fimm árum.

Höfundur er forstjóri Haga hf.

Karltískan í Kænugarði

Brúðgumi tók eftir sérkennilegum tískustraumum á ferðum sínum í Úkraínu.

Pétur Geir Óskarson er ljósmyndari og tölvumaður giftur úkraínskri konu en fyrr í sumar héldu þau hjónin brúðkaupsveislu þar eystra. Kænugarðskarlar komu Pétri oft á tíðum svolítið framandi fyrir sjónir, þá einna helst útlit þeirra, en margir skörtuðu gulltönnum og báru litlar, svartar handtöskur.

„Ég tók fyrst eftir þessu á flugvellinum í Frankfurt. Þar sátu nokkrir Úkraínumenn með svona töskur og biðu eftir flugi. Þegar ég kom svo til landsins sá ég að það voru menn úti um allt með svona töskur og víða verið að selja þær," segir Pétur og bætir því við að þeir sem hann tók helst eftir að voru með svona töskur voru karlmenn um þrítugt og eldri.

„Svo geyma þeir lykla, sígarettur og peninga í veskjunum, bara eins og konur," segir hann.

Pétur tók enn fremur eftir því að í Úkraínu þykir fremur flott að skarta gulltönnum. „Svo stóðu þeir þarna bara gaurarnir, jakkafataklæddir, með gulltennur og litlar, svartar töskur."

Áhugasamir geta skoðað skemmtilegar Úkraínumyndir Péturs á vefsíðunni www.flickr.com/photos/zeranico

mhg@frettabladid.is

Þessa handtösku fékk Pétur í Kænugarði, en þar finnst körlum svalt að ganga með veski.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kæru brúðhjón!
Við bjóðum ykkur að skrá ykkur á brúðargjafalista

Öll brúðhjón sem skrá sig á brúðargjafalista hjá Tekk-Company fá **litla gjöf við skráningu**. Nöfn þeirra fara einnig í **LUKKUKRUKKUNA** sem 5 lukkuvinningar verða dregnir úr í desember; ein 150.000 kr. og fjórar 10.000 kr. úttektir í Tekk-Company.

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með! Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Kurteist og þjónustulundað starfsfólk óskast til að taka á móti áskriftarpöntunum í síma frá 20. júlí til 20. ágúst.

Dag-, kvöld- og helgarvinna í boði fyrir rétta fólkið.

Tekið er á móti umsóknum með upplýsingum um nafn, síma og fyrri störf í netfanginu starfsumsokn@365.is

Fjölvarp sýn sýn2

365

AUKAVINNA FRÁ 20. JÚLÍ - 20. ÁGÚST

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

Brúnkukrem gerir gæfumuninn. Of mikil sól er skaðleg fyrir húðina og ef maður vill vera brúnn og sællegur er krem eða brúnkuúði góð lausn. Brúnkukremin fást í öllum litatónum og gerðum og það getur verið ágætt að prófa sig áfram til að forðast flekki.

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Skart
sem tekið er eftir
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol
Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar


SÚKKULAÐIVAX HAFRAVAX SÚKKULAÐISTRIMLAR FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. *Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
ÚTSÖLUSTAÐIR: Árbæjarapótek, Fjarðakaup og Lyfjaval

ÚTSALA ÚTSALA
Enn meiri verðlækkun
Rita
Bæjarlind 6 - s. 554-7030 - Eddufelli 2 - s. 557-1730

Full búð af nýjum vörum

Du pareil au même
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6344 og 533-6750

Það er eitthvað Heidi-legt við þennan kjól úr Zöru.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áprentað mynstur er áberandi í haust-tískunni eins og sjá má á þessum kjól úr Zöru.

Rómantískur kjóll úr TopShop.

Sumarlegur og stelpu-legur kjóll úr Zöru.

Haustskokkar í hitann

Skokkar henta vel í ný-íslenska hitann.

Fólk hefur ekki alveg vitað hvað það á til bragðs að taka í veðrinu undanfarið. Vissulega eru allir sammála um að fara út og nýta góða veðrið en hvernig klæðnaðurinn eigi að vera er ekki alveg á hreinu. Í þessari ringulreið kemur skokkurinn sterkur inn því hann er bæði léttur og hæfilega heitur.

Með því að klæðast skokkum helst maður ennfremur í tískunni en þá er að finna á haustlínum ýmissa tískuhúsa þetta árið. Sniðið er það sama og áður, það er beint niður, og vinsælt er að prenta munstur á efnið.

mariathora@frettabladid.is

Mynstraður kjóll úr TopShop.

Hálfgegnsær kjóll úr TopShop.

Sniðið er áfram beint niður, engar kvenlegar línur þar á ferðinni. Kjóll úr Zöru.

Mikið var um stutta kjóla á hausttískusýn-ingu Lela Rose.
NORDIC PHOTOS/GETTY



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Enn af kampavínsvímu hátískunnar

Hátískan er eins og draumur, ævintýraheimur sem fáum er opinn þó ekki væri nema fyrir það að hver flík kostar frá hundruðum þúsunda króna upp í milljónir eftir vinnu sem í er lagt eða efnum sem notuð eru. Hátískusýningunum fylgja veislur þar sem þotufólkið hittist og boðsgestir eru valdir af mikilli nákvæmni.

Hátísku úra- og skartgripaframleiðandinn Chaumet hélt eina slíka veislu í bakgarði á Place Vendôme, torgi sem á sér langa sögu en er í dag þekkt fyrir að þar er dómsmálaráðuneytið franska og Ritz-hótelið, og svo auðvitað allar hátískuskartgripabúðirnar. Öll aðaltískuhúsin sem framleiða skartgripi úr eðalmálmum og steinum eru á Vendôme-torgi sem er staðsett á miðri Rue de la Paix. Chaumet bauð gestum sínum upp á kampavín á afgirtu svæði þar sem lifandi fyrirsætur sýndu úr og skart og þar sem bláa úrið, „Vivid Blue“ var í aðalhlutverki en það kom á markað fyrir sumarið og er útgáfa af frægu úri Chaumets, „Classic one“.

Jean-Paul Gaultier var vissulega í ævintýraheimi á sinni sýningu en hann sótti andargift sína að þessu sinni til prinsa frá fjarlægum slóðum með austrænum blæ. Kjólarnir báru merki búninga hershöfðingja en voru úr efnum sem komu á óvart með útsaumi úr gylltum þræði. Prinsessurnar voru með kórónur úr hári gerðar af Odile Gilbert en hún er aðalhárlistamaður hátískunnar og vinnur fyrir öll stóru tískuhúsin. Sýningunni lauk með hefðbundnum hætti hátískusýninga þegar hin ómissandi brúður gekk inn á sviðið nema hvað brúðurin var brúðgumi, svona til þess að undirstrika óljós mörk milli hins kven- og karllega sem Gaultier hefur svo gaman af að rugla.

Riccardo Tisci hefur nú í rúm tvö ár verið listrænn stjórnandi hjá Givenchy og hefur náð góðum tökum á þessu tískuhúsi. Hann vinnur í þetta skiptið með gömul tákn Givenchy tengd Afríku eins og hlébarðamynstur, sem sást fyrst hjá Hubert de Givenchy árið 1955, en færir að sjálfsögðu til nútímans. Kannski er það áhugaverðast við hönnun Tisci að fötin eru nothæf án þess að hann fari endilega troðnar slóðir með klassískum kjólum líkt og Elie Saab svo dæmi séu tekin.

Ár hvert er svo nýjum hönnuðum boðið af samtökum tískunnar að taka þátt í tískuvikunni, þeir Christophe Joss og Udo Edeling þetta árið. Ekki má heldur gleyma þeim sem sýna í „off“ tískuvikunnar eins og það er kallað. En það eru þeir sem sýna án þess að vera í innsta hring hátískunnar en hanna og selja eftir pöntunum eins og aðrir hönnuðir hátískunnar, til dæmis Eymeric François.

En skyldi það vera tilviljun að ekki er ein einasta kona sem hannar hátísku?

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Odile Gilbert bjó til kórónur úr hári fyrirsætanna á sýningu Gaultier.

Áfram kvenlegur

Roland Mouret vakti mikla athygli fyrir Galaxy-kjólinn árið 2005. Nú er hann kominn með nýja útgáfu af honum sem nefnist Moon-kjóllinn.

Hönnuðurinn Roland Mouret, sem vakti verðskuldaða athygli fyrir Galaxy-kjólinn árið 2005, hefur nú frumsýnt nýja vetrarlínu. Hann er þó ekki með sama fólkið á bak við sig heldur er Simon Fuller, maðurinn á bak við Spice Girls, American Idol og So You Think You Can Dance, orðinn stærsti fjárfestirinn. Nýja lína Rolands kallast RM og var frumsýnd á tískuvikunni í París á dögunum. Roland lýsir fötunum sem „the non-red carpet collection“ og eru þau ætluð til hversdagsnota.

Með Galaxy-kjólnum fræga dró Roland kvenlegar línur fram í dagsljósið og stjörnur eins og Scarlett Johansson klæddust þessum einstaklega kvenlega kjól. Roland hefur ekki alveg sagt skilið við kjólinn og var nýja útgáfa hans frumsýnd í París og kallast The Moon-dress. Þar dregur hann á sama hátt fram mitti og mjaðmir en er örlítið hversdagslegri í efnisvali.

Roland hlaut meðal annars tískuverðlaun Elle fyrir Galaxy-kjólinn þrönga. Hér má sjá Ditu Von Teese í kjólnum á verðlaunaafhendingunni.

mariathora@frettabladid.is

ÚTSALA
50% afsláttur af öllum vörum
Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561 - 5077

ÚTSALA

Stærðir 36 - 48
bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12
Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 Laugardaga 10-16

Ekkert mál -að verða mál
TravelJohn
TravelJohn pokarnir eru finn ferðafélagi þegar manni verður mál.
Fást á eftirtöldum stöðum:
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmiðjan,
www.donna.is www.traveljohn.com

NÚ
TÆMUM VIÐ BÚÐINA VEGNA BREYTINGA
4 VERÐFLOKKAR
Kr.1000
Kr.2000
Kr.5000
Kr.8000
næs connection
HÆÐAMÁRA 4
SÍMI 544 5959

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Gabor

www.xena.is
XENA
SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Neytendavitund getur haft mikil áhrif á fjárhag heimilisins. Heimilisbókhald vekur okkur til umhugsunar því að sem þar sést nákvæmlega í hvað er eytt.

Hreinsa þarf öll beð vel einu sinni á hverju sumri

Illgresi er auðvelt að losna við með réttu aðferðunum. Skrúðgarðyrkjumeistarinn Birgir Eiríksson lumar á nokkrum góðum ráðum.

Birgir segir að garðvinna sé mjög einföld, það þurfi bara að sinna henni. Hann hvetur fólk einnig til að versla við fagmenn og fá faglærða garðyrkjumenn til að kíkja á garðinn þó ekki sé nema einu sinni. Þeir gefi góð ráð og geti stýrt garðinum í rétta átt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Veðurblíða síðustu vikna hefur ekki bara skilað sér í aukinni grassprettu á vel vökvuðum grasflötum í bakgörðum. Illgresið nýtur einnig góðs af hitanum og eru margir garðar fagurgulir af fíflum og beð full af arfa. Með réttum ráðum er þó auðvelt að fást við illgresið.

„Séu fíflarnir fáir er lítið mál að stinga þá upp," segir Birgir Eiríksson skrúðgarðyrkjumeistari. „Hægt er að fá þar til gerð járn til verksins en mestu máli skiptir að ná upp allri rótinni."

Séu fíflarnir margir og þéttir má grípa til róttækari aðgerða og bera eitur á flatir. Eitrið hefur einungis áhrif á tvíkímblöðunga en ekki grasið þannig að því verður ekki meint af. Eitrið er aftur á móti hættulegt trjám og fjölærum plöntum í garðinum svo vara skal hafa á. „Það þarf að vera logn svo eitrið berist ekki á nærliggjandi plöntur og svo þarf að vera þurrt í sex tíma á eftir," segir Birgir.

Þegar kemur að arfanum vill Birgir meina að auðvelt sé að koma í veg fyrir að hann blómstri í beðunum. Allt sem til þarf er að gefa sér tíma. „Það þarf að ná garðinum góðum einu sinni yfir sumarið," segir Birgir. „Ná þarf öllum arfa svo hann nái ekki að blómstra og sá sér því þá verður hann erfiður viðureignar."

Samkvæmt Birgi þarf að hreinsa öll beð í garði vel og vandlega einu sinni. Eftir það þurfi einungis að róta reglulega upp í moldinni, annaðhvort með höndunum eða þar til gerðum áhöldum, og þá nái arfinn ekki fótfestu aftur. „Svo gerist það oft að fólk hættir að nenna að sjá um garðinn á haustin, sérstaklega eftir síðasta slátt," segir Birgir. „Þá er arfinn hins vegar enn að vaxa og sé ekkert að gert sáir hann sér og verður mikið vandamál sem kallar á meiri vinnu næsta vor."

tryggvi@frettabladid.is

Gróður milli hellna

ERFITT GETUR REYNST AÐ RÁÐA VIÐ GRÓÐUR SEM VEX MILLI HELLNA. HEITT VATN GÆTI VERIÐ LAUSNIN Á ÞESSU VANDAMÁLI.

Heitt vatn virkar vel á gróður sem fest hefur rætur á milli hellna í stétt.

Helstu ráðin sem hingað til hafa verið notuð til að drepa og fjarlægja gras, mosa og aðra tækifærissinna sem sá sér á milli hellna í stéttum, er að skrapa gróðurinn burtu eða bera salt á stéttina. Hvorug þessara aðferða leysir vandamálið fyllilega og hvorug þeirra fer vel með stéttina.

Sjóðandi vatn er eitt þeirra vopna sem hægt er að beita. Sé stéttin ekki stór má nota vatn úr hraðsuðukatli. Fái plönturnar á sig slettu af sjóðandi vatni drepast þær nokkrum mínútum eftir baðið.

Ef vatn næst nógu heitt úr krananum má nota það á stærri stéttir. Þá skal hafa í huga að heita vatnið má ekki renna þangað sem það skaðar aðrar plöntur. Við þessa iðju, eins og aðra, skal beita heilbrigðri skynsemi og búa þannig um hnútana að engum stafi hætta af sjóðandi vatninu, hvorki mönnum né dýrum.

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Sumartilboð
Vorum að fá nýja sendingu frá ELBA og bjóðum nú í júlí þessi frábæru tæki með 20-40% afslætti meðan birgðir endast.

Við bjóðum enn betur, því við veitum einnig magnafslátt, 3% af tveimur tækjum, 4% af þremur og 5% séu keypt 4 eða fleiri tæki samtímis.

20-40% afsláttur í júlí

Keramik-helluborð

230-050	2 hellur	14.900,-
345-450	4 h. án ramma	22.900,-
345-442	4 h. stálrammi	29.900,-
345-005	4 h. snertirofar	39.900,-
377-007	4 h. 70 cm br.	43.900,-
377-006	4 h. 70 cm Snr.	49.900,-

Eldavélar
m/keramikhelluborði

66-W955	60 cm hvít	49.900,-
66-EX396	60 cm stál	79.900,-
106-EX939	100 cm stál	159.900,-
126-EX339	do. 2 ofnar	177.900,-

Ofnar
Fjölvirkir 8 eða 9 kerfi

608-100	Hvítur / svartur	56.900,-
608-100	Stál	59.900,-
608-800	Með snertirofum	68.900,-
618-100	Með alhreinsun	79.900,-
700-80	70 cm. breiður	74.900,-
101-80	90 cm. breiður	89.900,-
918-100	2ja hólfa	99.900,-

Viftur & Háfar

HMC-622	Útdregin	hvít	12.900,-
HMC-602	Útdregin	stál	12.900,-

Veggháfar

HMC-6144	60 cm.	stál	18.900,-
HMC-9144	90 cm.	stál	23.900,-
HMC-10144	100 cm.	stál	29.900,-

Eyjuháfar

HMC-6144	66x90 cm.	stál	49.900,-
HMC-9664	65x90 cm.	gler	59.900,-

ELBA

Stærð: BxDxH=60x60x85

Gas-helluborð

235-100	1 brennari	15.600,-
235-200	2 brennarar	15.100,-
271-300	3 brennarar	27.100,-
265-445	4 brennarar	24.900,-
375-545	5 brennarar	29.900,-
395-545	5 brennarar	32.900,-

Gaseldavélar
(gasborð-rafm.ofn)

66-EX348	60 cm. stál	79.900,-
106-EX870	100 cm. stál	139.900,-

BETRI STOFAN

Opið virka daga kl. 9-18
Sumarlokun á laugardögum

Friform
Velkomin í Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Tomy barnapían...

Tomy Walkabout Premier Advance
- Mjög skýr hljómburður.
- 4 rása val.
- Hljóðsendingar í báðar áttir.
- Öryggistengi fyrir sendingar.
- Hitamæli sem fylgist með hitastig.
- Hljóð stillanlegur.
- Vagga og hleðslurafhlöður.
- Hægt að nota batterí í barnatæki.
- Huggandi dauft náttljós á barnatæki.
- Dregur allt að 300 metrum.
- 2 ára ábyrgð.

Verð 8.990 kr

BabySam®
Skeifan 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200
Dreifingaraðili: Leikco ehf heildverslun

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

YAMAHA FZ1-S Nýskr: 05/2006, 1000cc Beinskiptur, Grár, Ekinn 7.000 þ. Verð: 1.180.000

Bílaland, B & L
Grjóthála 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

VW CADDY árg 3/2001 ek.114þ.km Sk. ‘08. Ásett verð er 490þús. TILBOÐ 350 þús. Sjá fleiri myndir á heimsbilar.is raðnúmer 250039.

NISSAN DOUBLE CAB LANGUR PALLUR árg 6/1996 ekinn aðeins 133þ.km Ásett verð er 690þ. TILBOÐ 490þ. Sjá fleiri myndir á heimsbilar.is raðnúmer 102645.

Einstakt tækifæri!!! Til sölu nýtt fullbúið sérlega vandað og fallegt 60m2 heilsárshús á besta stað í Munaðarnesi Borgarfirði. Ásett verð 17.9m. Skipti hugsanleg. Sjá fleiri myndir á heimsbilar.is raðnúmer 103172. Uppl í síma 867-3769 (Hörður) eða hjá Heimsbílum.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleirri myndir á www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is

BMW 745I f.skr 2/02 ek 130 þ ákvíl-andi gott lán stórglæsilegur bíll Verð kr 6.290.000 Tilboð 5.300.000 stgr

Lykilbílar ehf
Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasolur.is/lykilbilar

VW GOLF STATION COMFORTLINE árg 9/2003 ek 63.þ km, SJSK, Frábært eintak, TILBOÐ 1090.þ áhv 1.030.þ afb 16.þ á mán. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr 2007 Mazdaspeed 3 2.3L. Turbo 263 hp. 5.8 sec. í 100 km.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Bílar til sölu

Mótorhjólafatnaður frá
Eigum til mótorhjólafatnað á frábæru verði í leðri og goretex í öllum stærðum Goretex gallar frá: 29.900. Leður gallar 36900. Leður vesti 7900. Leðurstígvél 9900. Hanskar frá 1400 Komið og gerið góð kaup á vönduðum gæðafatnaði. Sky Trading ehf símar 892 1116 & 892 5005.

Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km. Nýr frá 2600 þús til leigubílstj., almennt v.3325 þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

100% yfirtaka á þessum frábæra bæjarbíl. Lítið sem ekkert keyrður. S. 699 1105.

Hyundai Santa Fe 4x4 Lux V6 árgerð 2006, ekinn 18 þ.km, leður, topplúga, hlaðin aukabúnaði dekurbíll. Yfirtaka á láni + 400 þús. Uppl. í s. 869 5834.

Til sölu BMW 540IA. 300 hestöfl. Árg. ‘99. Ssk. Ek. 151 þús. Verð 1.850 þ. Ath. skipti á ódýrari. Sími 868 8565.

Góð kaup, engin útborgun
Til sölu Hyundai Santa Fe Árg.‘06 Ek. 36 þús. Samlitaður, verð 2.750 þús. 38 þús. á mán. Uppl. í s. 896 9497.

Til sölu nýr Opel OPC 06/2007 v. 2.7 millj. 2.2 millj. lán, uppl. í 892 1524.

Ford F 350 Lariat 6,0 Diesel Super cap árg 2006 ekinn 24Þ km.Og Sun Lite Pallhus árg 2005.Góður Pakki, selst saman eða sér. S. 898 2811.

Skoda Octavia árg. 10. 2005 ekinn 29 þ. km. Sjálfskiptur. Góður bíll. Verð 1990. S. 898 2811.

Opel Zafira 7man.árg.00,ásett verð 850þ áhv.450 selst á 550, nýskoðaður. uppl í síma 8436995

Austin Mini Cooper S. Árg. ‘04. Ek. 28þ. mílur. Afmælisútg. Uppl. í s. 897 7322.

Toyota Land Cruiser 90 GX, 33“ árgerð 12/00, ekinn 118 þ.km, Dísel, 5 gíra. Aðeins 2 eigendur frá upphafi. Uppl. í síma 695 7000 & 663 0006.

Sendiherrabíll

BMW X5, skr. 10/03, ek. 36.000 km, sjálfsk., 18“sportfelgur, leðuráklæði, sóllúga, hraðastillir, loftkæling, cd, blátönn. Naglad. á felgum fylgja. Verðhugmynd: 4,3 millj.
Uppl. í s. 520 0700.

Til sölu Subaru Legacy ‘99 ek. 150 þ. 2 toppl., cruise control, fjarstart, loftkæling, dráttark., sk. 08. Verð 890 þús. S. 895 6313.

M.Benz E 220 CDI Elegance Dísel
Árg. 05/06 módel árg. Flottur sparneytinn dísel, ssk., fjarlægðarskynjari, símbúnaður. Olíumiðstöð. Áhv. 3,5 m. Yfirtaka á láni +450 þús. útborgun. S. 893 2878. Til sýnis hjá Toyota Selfossi.

Kia Sportage ‘99, ek. 155 þús. Verð 280 þús. Uppl. í s. 892 5739.

Til sölu Ford Transit 8 manna. Árg.‘04 Bein sala, ásett verð 1.500 þús. Uppl. í s. 892 0059.

Grand Cherokee Limited V8 ‘00 ek. 50 þ.m. V. 1750 þ. Áhv. 900 þ. skipti mögul. á ód. S. 693 2238.

Lítið ekinn,75 þús. km
Toyota Yaris árg. ‘00, 1,3, 5 dyra, 5 gíra. Gott eintak. Uppl. í s. 844 1233.

Toyota Rav4 vvti, árg. 02, ek. 105Þ, ssk., sumar+vetrardekk, nýskoðaður. Verð 1450Þ. Uppl. í s. 847 9710

Til sölu Chevy Suburban 2500 HD á aðeins 1.550 þús.
Chevy Suburban 2500 HD Árg.‘95 6,5 Turbo Dísel. Ekinn 330 þús.,25 þús. á vél. Ný „38 dekk, hálfslitin 36“ fylgja.
Til sýnis á Bílasölunni Planið
S. 517 0000 Gsm 820 2492

Götuskráð Polari sport m800. Árg.‘07. Ek. circa 12 tíma. Fullt af aukahlutum. Uppl. í s. 869 4787.

BÍLABLAÐIÐ ALLA LAUGARDAGA.

ÞAÐ BER ÁRANGUR!

Allar smáauglýsingar fara einnig frítt í viku inn á visir.is

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
smáauglýsingar sem allir sjá.

Porsche 911 c2 GT3 optic árgerð '00 ek. 55 þ. 6gíra m/öllu allur ný yfirfarinn. Innfluttur nýr af Bílabúð Benna!!! Verð 6550 þ. Uppl. 420 6600 & 860 8488. Raðnr. 212523.

www.bilapartar.is
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Vinnubílar til sölu
Til sölu VW Caddy árg.'00 ek. 79 þús., skoðaður. VW Caddy árg.'02 með bilaða vél. Uppl. í s. 824 1450.

Franskur sportbíll
KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
9.016 **+1,58%**

Fjöldi viðskipta: 1046
Velta: 13.683 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATORKA	4,66%
GLITNIR	2,51%
KAUPÞING	2,07%

MESTA LÆKKUN

TEYMI	1,22%
CENTURY AL.	1,21%
ALFESCA	1,18%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 86,20 +0,00% ... Atorka 9,65 +4,66% ... Bakkavör 71,90 +0,56% ... Eimskipafélagið 40,00 +1,27% ... Exista 40,25 +1,26% ... FL Group 30,65 +1,49% ... Glitnir 30,60 +2,51% ... Icelandair 31,05 +0,32% ... Kaupþing 1.281 +2,07% ... Landsbankinn 41,40 +1,22% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 23,25 +1,31% ... Össur 108,50 +0,46% ... Teymi 5,66 -1,22%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Stýrivextirnir bíta ekki

Greiningardeild Kaupþings segir stýrivaxtahækkanir ekki bíta vegna verðtryggðra lána, kaupmáttaraukningar og sterkrar krónu.

Stýrivextir Seðlabankans bíta ekki á íslenska hagkerfið segir í nýrri hagspá greiningardeildar Kaupþings. Fram kemur í spánni að bróðurparturinn af skuldum heimilanna sé í verðtryggðum lánum, með fastri raunvaxtakröfu. Þá hafi gengi krónunnar styrkst verulega, auk þess sem kaupmáttur almennings hafi aukist. Allir þessir þættir vinni á móti háum stýrivöxtum Seðlabankans, sem nú standa í 13,3 prósentum.

Hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi var nánast enginn. Greiningardeildin segir vísbendingar nú gefa merki um að íslenska hagkerfið sé aftur að hækka flugið; vöxtur sé á nánast öllum mörkuðum hvort sem um er að ræða kaup á fasteignum, bílakaup eða kreditkortaveltu.

KAUPÞING BANKI Greiningardeild Kaupþings gerir ráð fyrir að gengi krónunnar nái hámarki á seinni hluta árs og síðan fylgi snarpt lækkunarferli í kjölfarið.

Sérfræðingar Kaupþings gera ráð fyrir að gengi krónunnar nái hámarki á seinni hluta þessa árs, en búast síðan við nokkuð hröðu veikingaferli um miðbik ársins 2008. Greiningardeildin spáir því ennfremur að hagkerfið kólni snögglega í kjölfar gengislækkunarinnar og aukinnar verðbólgu sem kunni að fylgja í kjölfarið. Sú kólnun verði þó skammvinn í ljósi þeirra miklu framkvæmda sem nú eru í farvatninu á vegum ríkis og einkaaðila. **- jsk**

OMX Í KAUPMANNAHÖFN Kauphallasamstæðan skilaði um 2,75 milljarða króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi.

OMX undir væntingum

Hagnaður OMX á öðrum ársfjórðungi var undir væntingum markaðsaðila. Þrátt fyrir það jókst hann um 53 prósent milli ársfjórðunga og nam hann 306 milljónum sænskra króna. Það eru um 2,75 milljarðar íslenskra króna.

Í Vegvísi Landsbankans segir að sala hlutabréfa í sænska hugbúnaðarframleiðandanum Orc, fyrir um 101 milljón sænskra króna, skýri hagnaðaraukninguna að miklu leyti.

Á ársfjórðungnum bar það helst til tíðinda að yfirtökutilboð barst frá bandarísku kauphöllinni Nasdaq. Ef verður af sameiningunni verður nýtt nafn sameinaðra kauphalla „The Nasdaq OMX Group“. Kauphöll Íslands varð hluti af OMX á síðasta ári. **- hhs**

SPRON hækkar um þriðjung

PÉTUR H. BLÖNDAL

Markaðsvirði SPRON hækkaði um rétt tæpa 30 milljarða miðað við viðskipti gærdagsins á stofnfjármarkaði SPRON.

Virðishækkun SPRON frá deginum áður nemur 33 prósentum og kemur í kjölfar fregna af væntanlegri hlutafélagavæðingu og markaðsskráningu sjóðsins.

Uppreiknað nafnverð stofnfjárbréfa SPRON er nálægt 20 milljörðum króna og nálgast því markaðsvirði sjóðsins, miðað við viðskipti gærdagsins, 120 milljarða. Í mati sem Capacent vann fyrir stjórn sjóðsins vegna breytinganna á rekstrarformi er hann metinn á 60 milljarða, þar af fái stofnfjáreigendur 85 prósent, en 15 renni í sjálfseignarstofnun.

Markaði með stofnfjárhluti í SPRON verður lokað sjöunda ágúst næstkomandi og ekki gert ráð fyrir viðskiptum með hluti í sjóðnum fyrr en eftir að hann hefur verið gerður að hlutafélagi.

Pétur H. Blöndal, alþingismaður og fyrrverandi stofnfjáreigandi og stjórnarmaður í SPRON, segir að sér lítist vel á breytt rekstrarform sjóðsins. „Alla vega er búið að finna eigendur að þessu fé,“ segir hann og gerir ráð fyrir að ekki verði langt að bíða frétta af frekari hlutafélagavæðingu og sameiningum sparisjóða. **- óká**

Við opnum nýja búð

Opnunartilboð
1.990,-
3 lítra dós
Flügger 97 – rétta viðarvörnin

Opnunartilboð
1.990,-
3 lítra dós
Flügger tréolía – á sólpallinn

Höfum opnað áttundu verslun Flügger lita á Íslandi.
Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur fyrir fagmenn og neytendur.

www.flugger.is



Flügger litir

Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Sími 587 4430. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15

108092

HIDEO NAKATA FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1961

„Börn eru tengdari „hinum heiminum“ en fullorðnir. Þau eiga auðveldara með að verða andsetin vegna þess hversu nálæg þau eru heiminum.“

Leikstjórinn Nakata, sem leikstýrði meðal annars Ringu, er 46 ára í dag.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 19. JÚLÍ ÁRIÐ 1996

Ólympíuleikarnir í Atlanta hófust

Þennan dag fyrir ellefu árum, eða árið 1996, var setningarathöfn Ólympíuleikanna í Atlanta í Georgíuríki í Bandaríkjunum. Þetta voru hundruðustu Ólympíuleikarnir og töldu margir undarlegt að þeir væru ekki haldnir í Aþenu, sem reyndar fékk sína Ólympíuleika árið 2004.

Leikarnir þóttu almennt heppnast vel og voru nokkur atvik skráð í bækur íþróttasögunnar. Til dæmis vann Carl Lewis sitt níunda ólympíugull, Donovan Bailey setti heimsmet í 100 metra hlaupi og Kerri Strug varð að þjóðhetju er hún stökk til sigurs í fimleikum kvenna þótt hún væri fótbrotin og tryggði þar með sigur bandaríska liðsins.

KERRI STRUG Vann hug og hjörtu bandarískra samlanda sinna er hún tryggði fimleikaliði landsins sigur.

Leikarnir voru þó langt í frá eintómur dans á rósum. Mótshaldarar voru gagnrýndir töluvert fyrir markaðshyggju kringum leikana og lukkudýrið Izzy þótti illa heppnað. Sprengitilræði á tónleikum í Ólympíuþorpinu varpaði einnig skugga á leikana en einn lést og 111 særðust í sprengingunni.

Einn lést úr hjartaáfalli er hann hljóp frá slysstaðnum en kaldhæðnin í þessu öllu saman er að bandið sem hélt tónleikana hét Jack Mack and the Heart Attack, eða Jack Mack og hjartaáfallið.

MERKISATBURÐIR

1627 Tyrkjaráninu lýkur þegar ræningjar frá Algeirsborg halda heim á leið.

1799 Rósettusteinninn finnst við mynni Nílar. Hann er talinn lykillinn að ráðningu híeróglýfurs.

1813 Gengið á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnúk, í fyrsta sinn.

1989 Bygging þyrlupalls í Kolbeinsey hefst en eyjan er nyrsti grunnlínupunktur fiskveiðilögsögunnar.

1996 Radovan Kardzic, forseti Bosníu Serba, segir af sér.

2001 Árni Johnsen tilkynnir að hann ætli að segja af sér þingmennsku.

2001 Davíð Oddsson hafði á þessum degi gegnt embætti forsætisráðherra lengur en nokkur annar.

---

†

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Edda Guðjónsdóttir

til heimilis að Sléttuvegi 17 í Reykjavík,

lést mánudaginn 16. júlí sl. Úförin verður auglýst síðar.

Guðjón Sigurðsson
Jóhannes Sigurðsson
Sigurður Logi Jóhannesson
Ólöf Edda Guðjónsdóttir
Andrés Már Jóhannesson
Einar Orri Guðjónsson
Tómas Hrafn Jóhannesson
Jón Hallmar Stefánsson
Heiðveig Björg Jóhannesdóttir
Aþena Sif Daníelsdóttir Hjörvar
Guðný Þ. Pálsdóttir
Heiðrún Jónsdóttir
Daníel Sigrúnarson Hjörvar

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Haukur Svanberg Guðmundsson

Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á Hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, fimmtudaginn 12. júlí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. júlí kl. 13.00.

Jóhanna Hálfdánardóttir
Ingvar Hauksson
Elín Hauksdóttir
Guðmundur Vignir Hauksson
Sigurdís Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Sigríður Axelsdóttir
Svavar Helgason
Lilja Guðmundsdóttir

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,

Ingibjörg Richardsdóttir

Engjaseli 54, Reykjavík,

sem andaðist laugardaginn 14. júlí á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 20. júlí kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kraft, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein.

Kristinn Karl Dulaney
Erla Kristinsdóttir
Richard Kristinsson
Ingibjörg Kristinsdóttir
Erla Þórðardóttir,
Þórdís Richardsdóttir
og aðrir aðstandendur.
Snorri Bjarnvin Jónsson
Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir
Hans Welling
Per Otto Sylwan

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guangbai Xu

Bólstaðarhlíð 42, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 17. júlí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hans mun fara fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. júli kl. 15.00.

Cuiqin Hu
Bin Xu
Xu Wen
Elías Changlong Xu
Þorbjörn Steingrímsson
Loftur Steingrímsson
Oddur Xu Einarsson
Xiaohong Zhu
Einar Oddsson

---

†

Ástkær dóttir okkar og systir,

Sesselja Hrönn Guðmundsdóttir,

iðnhönnuður, Frostaskjóli 39, Reykjavík,

lést mánudaginn 9. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju í dag, kl. 13.00.

Foreldrar og systkini.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdafaðir og afi,

Ólafur Ólafsson

frá Syðri-Hraundal, Njálsgötu 43a, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 23. júlí kl. 13.00.

Jenney Þorláksdóttir
Vigdís Ólafsdóttir,
Ólafur Ólafsson
Jóna Guðrún Sigurðardóttir
Þorlákur Magnús Sigurðsson
Ólafur Guðmundsson
Thelma Rut Guðmundsdóttir
Guðmundur Agnar Ernuson

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorvaldur Sæmundsson

kennari, Brúnavegi 9, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 12. júlí á Landspítalanum, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju í Reykjavík mánudaginn 23. júlí kl. 15.00.

Jakobína Jónsdóttir
Jón Þorvaldsson
Baldur Þór Þorvaldsson
Katrín Þorvaldsdóttir
Ingibjörg Rósa Þorvaldsdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra.
Guðbjörg Jónsdóttir

---

†

Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Aldís Pála Benediktsdóttir

Raufarseli 11, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 12. júlí sl., verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 24. júlí kl. 13.00.

Sigurður E. Guðmundsson
Guðrún Helga Sigurðardóttir
Benedikt Sigurðsson
Kjartan Emil Sigurðsson
Aldís Eva Friðriksdóttir
Dagur Páll Friðriksson
Friðrik Friðriksson

---

†

Vigdís Jóna Rigmor Hansen

Hraunbæ 172, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 14. júlí á líknardeild Landspítala Landakoti, verður jarðsungin föstudaginn 20. júlí kl. 11.00 frá Fossvogskapellu. Við sendum starfsfólki Landspítala innilegar þakkir fyrir góða umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda og vina,

Ruth Erla Ármannsdóttir
Margrét Guðnadóttir.

---

†

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Kristjánsson

kennari, Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

sem lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 12. júlí verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 20. júlí kl.13.00.

Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Birna Björnsdóttir
Rannveig Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Bragi Gíslason
Þórarinn Flosi Guðmundsson

---

†

Elskulegur faðir, tendgafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Snæbjörn Árnason,

fyrrverandi verslunarmaður, Hjallaseli 55,

lést á Landspítalanum Fossvogi 14. júlí sl. Útförin fer fram frá Dómkirkunni í Reykjavík þriðjudaginn 31. júlí kl. 15.00

Fyrir hönd aðstandenda,

Ágústa Harting
Kristján Guðmundsson
Sigurður Guðmundsson

HITT HÚSIÐ: SKAPANDI SUMARHÓPAR KYNNA AFRAKSTUR SUMARSINS

Vængjasláttur og reiðhjól

Í sumar hafa skapandi sumarhópar Hins hússins skemmt borgarbúum með ýmsum listgjörningum á föstudögum. Nú er komið að því að þeir leiði saman hesta sína og kynni afrakstur sumarsins.

OB-leikhópurinn er einn hópanna en hann skipa Bjartur Guðmundsson og Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir leiklistarnemar. „Þetta eru fjórtán hópar sem koma fram í Ráðhúsinu í kvöld held ég," segir Bjartur. „Hóparnir eru mjög fjölbreyttir. Þarna eru leikhópar, mikið af tónlistarfólki, myndlistarfólk og líka reiðhjólagengið Ræbblarnir en þeir hafa verið að sjóða saman hjól í sumar."

Sjálf hafa Bjartur og Þorbjörg leitað eftir skoðunum þeirra sem ekki fara oft í leikhús um hvernig leikhús þeir myndu vilja sjá.

„Við byrjuðum á að tala við eldri borgara og upp úr þeim viðtölum bjuggum við til stutta revíu," segir Þorbjörg. „Næst töluðum við við unglinga sem flestir vildu meira fjör og stuð og enga dramatík. Upp úr því varð til verkefni þar sem við settum niður ákveðnar spunareglur og svo gat fólk gefið okkur stikkorð um aðstæður, flækju og endi. Þegar það var komið fengum við fimm mínútur til að undirbúa okkur og svo hófum við spuna eftir reglum og fyrirmælum áhorfenda."

BJARTUR OG ÞORBJÖRG Kynna eitt ef verkefnum sumarsins ásamt þrettán öðrum hópum Hins hússins í Ráðhúsinu í kvöld.

„Í tengslum við þetta verkefni settum við líka upp litla myndlistarsýningu þar sem við blönduðum saman karakterum og aðstæðum úr Spaugstofunni og sögum Hugleiks Dagssonar," bætir Bjartur við.

Síðasta verkefni Þorbjargar og Bjarts, sem þau koma til með að sýna í kvöld, verður eins konar endurkoma að upphafinu. „Við skoðuðum blogg því að þar segir fólk oftar en ekki frá skoðunum sínum án þess að setja á sig hömlur. Upp úr því spratt vídeóverk sem sýnt verður í kvöld," segir Bjartur.

Sýning sumarhópanna ber heitið Vængjasláttur og hefst hún klukkan 20.00 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Nánari upplýsingar er að finna á www.itthusid.is.

tryggvi@frettabladid.is

AFMÆLI

Guðmundur Guðmundsson, eða **Erró**, listmálari á stóraf-mæli í dag en hann er 75 ára.

Hafsteinn Austmann listmálari er 73 ára í dag.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför

Sverrir Einarsson

Hermann Jónasson

Geir Harðarson

Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ástríður I. Jónsdóttir

Dalbraut 20, Reykjavík, áður bóndi á Kaðalsstöðum í Stafholtstungum,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 13. júlí. Útförin fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 21. júlí kl. 14.00.

Þorgerður Jónsdóttir
Ólafur Ólafsson
Þórður E. Leifsson
Arndís Leifsdóttir
Ingibjörg Leifsdóttir
Ingþór Guðni Júlíusson
Gunnar Örn Júlíusson
Elín Ásta Ólafsdóttir
Stefán Ólafur Ólafsson
Jóhann Gísli Ólafsson
barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Júlíus Óskarsson
Kristín Stefánsdóttir
Skarphéðinn Gunnarsson
Hrönn Indriðadóttir

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Kristján Guðmundsson

húsasmíðameistari, Herjólfsgötu 38 í Hafnarfirði, áður til heimilis að Kirkjulundi 8, í Garðabæ,

andaðist laugardaginn 14. júlí síðastliðinn á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Útförin fer fram mánudaginn 23. júlí næstkomandi klukkan 13.00 í Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Guðmundur Þ. B. Ólafsson
Magnea Guðlaug Ólafsdóttir
Þórunn Ólafsdóttir
Magnús Óli Ólafsson
Kolbrún Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Þuríður Kristín Kristleifsdóttir
Daníel M. Jörundsson
Erla Dís Ólafsdóttir

†

Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir, bróðir, mágur, fyrrverandi eiginmaður og afi,

Jón Haukur Hermannsson,

Dalseli 31, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 13. júlí síðastliðinn.

Sigurrós Arna Hauksdóttir
Þórarinn Hauksson
Hulda Hauksdóttir
Guðsteinn Magnússon
Ólína Fjóla Hermannsdóttir
Díana Svala Hermannsdóttir
Guðrún Þórarna Þórarinsdóttir
og barnabörn.

Þorsteinn Þorsteinsson
Margrét Valgerður Pálsdóttir
Svava Hrafnkelsdóttir
Pétur Torfason
Þorleifur K. Guðmundsson

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rakaþéttir/6 kg		

30% AFSLÁTTUR

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

LANDNÁMS-SETUR ÍSLANDS
MR. SKALLAGRÍMSSON
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson
Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600



Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

STUÐ MILLI STRÍÐA Fyrirgefning syndanna

ROALD VIÐAR EYVINDSSON VILL STOFNA FANGAPARADÍS Á ÍSLANDI

Af einhverjum ástæðum er sterk tilhneiging á Íslandi til að gera þeim hátt undir höfði sem hafa stigið feilspor í lífinu. Við elskum sögur af fólki sem hefur annað hvort náð sér á strik eftir að hafa farið út af hinni beinu braut eða er enn á kafi í ruglinu.

Þessi árátta minnir á köflum á frásagnir af glæpamönnum sem verða skyndilega eftirsóttir piparsveinar eftir að hafa lent bak við lás og slá, oft fyrir hroðalega glæpi. Það rignir yfir þá ástarbréfum frá fólki sem vill gera þá að góðum mönnum og gerir sér vonir um að giftast þeim einn daginn.

Á sama hátt er engu líkara en íslenska þjóðin sé beinlínis veik fyrir aumingjum og glæpamönnum.

Við sjáum til dæmis aumur á mönnum sem í skjóli starfs síns stela frá okkur og verðlaunum með því að ráða þá aftur í gamla starfið.

Brynnum músum þegar við lesum um alræmda þjófa eða eiturlyfjasmyglara sem áttu bágt í æsku og steingleymum öllu fólkinu sem hefur orðið fyrir barðinu á þeim.

Fáum hreinlega tár í augun við það að hitta rússneska pólitíkusa, sem leggja opinberlega fæð á samkynhneigða, og erum við það að springa úr þjóðarstolti þegar við afhendum þeim reiðhesta til eignar.

Fylgjumst stolt með sjónvarpinu þegar kínverskir ráðamenn, sem hafa dauða hundruða stúdenta og stjórnarandstæðinga á samviskunni, heimsækja íslenskar fjölskyldur í Breiðholtinu.

Finnum allar hugsanlegar afsakanir sem til eru fyrir ölvunarakstri útlendinga. Greyin sem rétt eiga fyrir brennivíninu en ekki leigubílum til að komast heim til sín og hafa því ekki um annað að velja en að setjast fullir undir stýri.

Miðað við alla aðdáunina ættum við kannski að markaðssetja okkur sem fangaparadís, svona 103,000 km² Kvíabryggju, þar sem almenningur hefði fullan aðgang að glæponum og þyrfti þá ekki að fylgast með þeim í fjölmiðlum. Hugmynd rússneskra fasista um Ísland sem fanganýlendu er kannski ekki svo galin þegar öllu er á botninn hvolft.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÁBÆR TILBOÐ

FRÁ 4.657 KR Á MÁNUÐI

Örgjörvi	2.0GHz Core 2 Duo T7300 Intel PM965 Express 800FSB-4MB
Minni	2GB Dual DDR2 800MHz Innbyggt 1GB Robson flýtiminni
Harður diskur	160GB SATA 5400RPM 5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari	8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15.4" WideScreen WXGA Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort	256MB GeForce Go 8600M GT Allt að 768MB deilt minni til viðbótar
Hljóðkerfi	High Definition Dolby 2.1 Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust	300Mbps þráðlaust netkort Innbyggt Bluetooth 2.0+EDR
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi	Windows Vista Home Premium Flip 3D Navigation Area
Þyngd	Aðeins 3kg með rafhlöðu Rafhlöðuending allt að 3,5 tímar

ACER ASPIRE 5920WLMi CORE 2 DUO GEMSTONE

SANTA ROSA TÆKNI
Ný tækni frá Intel með 800MHz gagnabrautum og enn minni orkuþörf en áður hefur þekkst

15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen WXGA skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

VEFMYNDAVÉL
0.3MP Acer CrystalEye vefmyndavél PrimaLite tæknin skilar enn meiri skerpu, innbyggð í skjáinn

GEFORCE GO 8600GT
GeForce Go 8600GT skjákort með 256MB minni og getur nýtt allt að 768MB af vinnsluminninu

WINDOWS VISTA
Tölvan kemur uppsett með Windows Vista ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

TENGIMÖGULEIKAR
Innbyggður 5 in 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, Firewire, Bluetooth, VGA, TV-out, ExpressCard/34 o.fl.

VERÐ 159.900

250GB VIDEOHÝSING

ICYBOX Video

BEINT Í SJÓNVARP
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

BEINT Í GRÆJUR
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr IcyBox spilaranum án tölvu eða sjónvarps

AUÐVELD Í NOTKUN
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, MPG, VOB, MP4, ASF, GIF og JPG

NÝTT Á ÍSLANDI
250GB ICYBOX SJÓNVARPS HÝSING Á ÓTRÚLEGU VERÐI

VERÐ 17.900

500GB HÝSING

FRÁ 580 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

500GB My Book er glæsileg svört hýsing frá Western Digital, sem kveikir og slekkur á sér um leið og tölvan. Geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

VERÐ 19.900

1GB MINNISKORT

1GB Secure Digital minniskort frá Corsair með lífstíðar ábyrgð. Geymir allt að 1100 ljósmyndir í góðum gæðum

VERÐ 3.990

2GB MINNISKORT

2GB SD Plus minniskort og USB2 minnislykill frá SanDisk auðveldar þér að koma ljósmyndunum þínum í tölvuna

VERÐ 6.990

4GB MINNISLYKILL

4GB Corsair USB2 Thumb Drive minnislykill sem er vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

VERÐ 5.990

8GB MINNISLYKILL

8GB Corsair USB2 Thumb Drive minnislykill sem er vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

VERÐ 12.900

15" Kensington Simply Portable One taska
VERÐ 5.990

15.4" Dicota Campus bakpoki grár og svartur
VERÐ 5.990

17" Manhattan Empire svört fartölvutaska
VERÐ 5.990

15" Targus bakpoki svartur og blár með mús
VERÐ 8.990

15.4" Dicota Vision Compact taska svört
VERÐ 9.990

17" Targus bakpoki svartur og blár
VERÐ 9.990

17" Dicota Vision Extend svört taska
VERÐ 11.900

17" Dicota Mission XL bakpoki svartur eða grár
VERÐ 12.900

TÖLVULISTINN

Nóatúni	17	Reykjavík.	☎ 414 1700
Glerárgötu	36	Akureyri.	☎ 414 1730
Hafnargötu	90	Keflavík.	☎ 414 1740
Miðvangi	2-4	Egilsstaðir.	☎ 414 1735

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er mánaðargreiðsla á mánuði og er miðuð við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjöld ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

LÍF RÆNT

LÍFRÆNN SAFI
259 KR.
1 LÍTRI

Nýtt!

Lífræn rísmjólk
198 KR.
1 lítri

LÍF RÆNT

Lífræn sojamjólk
179 KR.
1 lítri

Lífrænar rískökur
129 KR.
100g

Nýtt!

Lífrænn desert
159 KR.
PAKKNINGIN

Komdu á bonus.is

Tilboð í TUGATALI!

Matarkarfa að upphæð 20.000KR. dregin út í póstlistanum í hverri viku til 1. sept.!

BLANDAÐ FERSKT HAKK
kílóverð nú:
498 KR.

Nýtt!

Lífrænt ravioli /tagliatelle
259 KR.
250g

LÍF RÆNT

Bónus býður betur!



2 lítrar
95 KR.

Bónus samloka tilboðsverð:
95 KR.
Verð áður 139 KR.

SKINKA * RÆKJUR * TÚNFISKUR

1200g pitsutilboð
598 KR.
2+1 FRESCHETTUR

Limited Edition
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS FOR FREE

3x 400g

199 KR. 400g pitsan

KF SALAT
95 KR.
350g

BC KLETTASALAT 100g
Klettasalat
198 KR.
100g
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
Bónusfeti framleiddur af Mjólku- Finndu bragðið!
Ferskar íslenskar BBQ kryddaðar kjúklingabringur
BBQ kjúklingabringur -kílóverð nú:
1557 KR.
Merkt verð 2595KR.
40% afsláttur við kassann
Vopnafjarðarsviðin
VERKUÐ MEÐ GAMLA LAGINU!
Sviðin með hreinu kósangasi
Sérverkuð lambasvið kílóverð nú:
449 KR.
Merkt verð 562KR.
Holtaleggir kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605KR.
40% afsláttur við kassann
GOÐI
Soðin lambasvið kílóverð nú:
459 KR.
Merkt verð 655KR.
Soðin og klár
30% afsláttur við kassann
Grísa lærisvöðvi -kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898KR.
Minna en 5% fita
Gæði á grillið
30% afsláttur við kassann
Kinda innralæri -kílóverð nú:
1998 KR.
BEINLAUS STEIK
HERRAGARÐS svínalundir
Túnfiskur í olíu eða vatni
Olía/vatn
59 KR.
185g
EKKERT BRUÐL
Íslands nautakótelettur -kílóverð nú:
1798 KR.
Merkt verð 1998KR.
FERSKT GRILLSBRAUÐSDEIG
-ævintýri á grillið!
FERSKA PITSUDEIGIÐ
er annað ævintýri...
Ferskt pitsudeig
189 KR.
Ferskt grilldeig
198 KR.
ÍSLANDS NAUT
KRYDDAÐAR NAUTAKÓTELETTUR
Svínalundir -kílóverð nú:
1698 KR.
Merkt verð 1998KR.
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

>GOTT GLÁP

Harry Potter and the Order of Phoenix: Besta Harry Potter-myndin til þessa. Vel þéttur leikhópur með þrieykið í góðu formi gera þetta að spennandi skemmtun fyrir alla.

Notes on a Scandal: Stórkostlega leikin kvikmynd með þeim Cate Blanchett og Judy Dench í miklu stuði. Tilvalið fyrir fimmtudagsbíó heimafyrir.

bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN HRAFN GUNNLAUGSSON KVIKMYNDALEIKSTJÓRI

Eastwood er bæði skúrkur og hetja

Hver er uppáhaldsmyndin þín? „Gullæði Chaplins, McCabe & Mrs. Miller eftir Altman, Midnight Cowboy, Once Upon a Time in the West eftir Leone og Dr. Zhivago."

Hvaða mynd sástu síðast í bíó? „Það var þýska myndin Lives og Others."

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi? „Andlitið eftir Ingmar Bergman."

Hefur þú grátið í bíó? „Ég hef orðið fyrir öllum þeim geðshræringum sem einn maður getur orðið fyrir í bíó."

Uppáhalds íslenska persónan? „Hannes í Opinberun Hannesar."

Mesta kvikmyndastjarna allra tíma? „Chaplin."

Mesta hetja hvíta tjaldsins? „Clint Eastwood í „cowboy"-myndunum og Julie Christie í Dr. Zhivago."

Mesti skúrkurinn? „Clint Eastwood í „cowboy"-myndunum. Hann er bæði skúrkur og hetja. Það er það sem gerir hann svo sérstakan."

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér? „Þær eru of margar myndirnar sem koma upp í hugann til að það sé pláss fyrir það í blaðinu."

Upphefð B-myndanna

Kvikmyndin Death Proof eftir Quentin Tarantino verður frumsýnd í dag. Þetta er einungis sjöunda mynd leikstjórans – ef My Best Friend's Birthday er tekin með – en þrátt fyrir það er hann þegar kominn í hóp bestu leikstjóra sögunnar.

Death Proof segir frá áhættuleikaranum Mike sem lokkar til sín fögur fljóð og drepur þau síðan í bílslysum. Honum gengur vel við iðju sína þar til nokkrar stúlkur taka sig saman og taka réttlætið í sínar hendur. Og þá á Mike fótum fjör að launa. Með aðalhlutverkin fara þau Kurt Russell og Rosaria Dawson en að sjálfsögðu kemur Tarantino sjálfur mikið við sögu og er íklæddur Dead-skyrtunni sinni góðu frá Jóni Sæmundi Auðarsyni. Reyndar eru Íslands-tengingarnar mun fleiri því Tarantino kláraði handritið að myndinni í Laugum og á Pizza Hut við Suðurlandsbraut og kynntist aðalleikkonu myndarinnar hér á Íslandi, Charmed-stjörnunni Rose McGowan.

Tvíleiknum skipt

Death Proof er fyrri hluti tvíleiks þeirra Tarantinos og Roberts Rodriguez sem hafa um árabil verið perluvinir, en mynd Rodriguez heitir Planet Terror. Death Proof var frumsýnd í Bandaríkjunum í heild sinni sem Grindhouse en fékk afleitar viðtökur áhorfenda þótt flestir af hinum svokölluðu stóru gagnrýnendum væru hrifnir af þessu framtaki. Flestir voru hins vegar sammála um að það væri ekki síst Tarantino sem héldi sínu striki og myndin væri síður en svo svartur blettur á ferli leikstjórans þótt vissulega væri hún langt frá því að vera hans besta verk. Hið sama mætti ekki segja um Hryllingsplánetu Rodriguez.

Ekki er vitað hver ástæðan er fyrir því að Death Proof og Planet Terror eru sýndar hvor í sínu lagi í Evrópu og annars staðar utan Bandaríkjanna en fjölmiðlar hafa gert því skóna að það sé fyrst og fremst vegna lélegs gengis vestra í miðasölu. Framleiðendur og leikstjórarnir báðir hafa hins vegar vísað því alfarið á bug og segja þetta ákveðið fyrir löngu. Upphaflega stóð til að Tarantino myndi koma hingað til lands og vera viðstaddur frumsýninguna ásamt fríðu föruneyti en skyndilega kom babb í bátinn og Tarantino varð að afboða komu sína með skömmum fyrirvara.

Áhrif Corman

Death Proof og Planet Terror eru fyrst og fremst óður leikstjóranna til svokallaðra B-mynda áttunda áratugarins þar sem kvenleikonurnar voru oftast fáklæddar og barmmiklar, kostnaðurinn lítill en hasarinn eða blóðið þeim mun meira. Allt gekk út á að hafa myndirnar nógu stuttar en nægilegar góðar þannig að þær myndu skila „einhverjum" gróða.

Konungur þessa gullaldarskeiðs B-myndanna var án nokkurs vafa Roger Corman, framleiðandinn áhrifamikli. Roger Corman lagði upp með að framleiða ódýrar myndir sem teknar voru upp á sem skemmstum tíma. Hann veðjaði meðal annars við nokkra stórlaxa í Hollywood um að hann gæti fullgert kvikmyndina Litlu hryllingsbúðina á þremur dögum og segir sagan í Englaborginni að honum hafi tekist ætlunarverk sitt.

Corman hóf feril sinn í Hollywood sem leikstjóri og vakti fyrst athygli fyrir kvikmyndaútgáfur sínar af sögum Edgars Allan Poe. Þar var hryllingsmyndakóngurinn Vincent Price oftar en ekki í aðalhlutverki. Hann lagði síðan leikstjórastólinn til hliðar og einbeitti sér að því að framleiða ódýrar kvikmyndir. Corman gaf síðar út ævisöguna How I Made 100 Movies in Hollywood without Losing a Dime en hann hefur komið að gerð yfir þrjú hundruð mynda í kvikmyndaborginni.

Þrátt fyrir að myndir Cormans hafi ekki hlotið náð fyrir augum gagnrýnenda í flestum tilvikum eru áhrif hans ótvíræð. Margir af fremstu leikstjórum heims slitu barnsskónum undir hans leiðsögn en meðal þeirra eru Francis Ford Coppola, Martin Scorsese og James Cameron. Og því er ekki að undra að bæði Rodrigues og Tarantino skuli ákveða að heiðra þennan flokk kvikmynda sem kom mörgum af stærstu nöfnum kvikmyndasögunnar á hið margfræga kort.

- fgg

ALVÖRU B-MYND Rose McGowan og Kurt Russell í hlutverkum sínum í Death Proof sem er óður til B-mynda gullaldarskeiðsins í Hollywood.

Sex nýir titlar á Bíódaga Græna ljóssins

Bíódagar Græna ljóssins verða haldnir dagana 15.-29. ágúst en þar verða í boði tuttugu nýjar kvikmyndir frá öllum heimshornum. Að sögn Ísleifs B. Þórhallssonar verður lögð meiri áhersla á gæði í staðinn fyrir magn. Nýlega voru staðfestir sex nýir titlar en þar kennir margra grasa.

Fyrsta ber að nefna þýsku myndina Die Falscher sem er byggð á sönnum atburðum þegar nasistar þriðja ríkisins neyddu gyðinga til að falsa erlenda mynt. Myndin fékk frábærar viðtökur í heimalandi sínu og var meðal annars tilnefnd til Gullbjörnsins í Berlín fyrr á árinu. Curse of the Golden Flower er nýjasta mynd Yimou Zhang sem gerði House of Flying Daggers en í aðalhlutverkum eru Yun-Fat Chow og Li Gong. Deliver us from Evil er sláandi heimildarmynd um einn alræmdasta barnaníðing fyrr og síðar en það er kaþólskur prestur sem misnotaði börn í skjóli kirkjunnar. Síðast en ekki síst er vert að nefna For Your Consideration frá sömu aðilum og gerðu Spinal Tab og Death of a President en hún vakti mikla athygli á Toronto-hátíðinni. Um er að ræða „heimildarmynd" um morðið á núverandi forseta Bandaríkjanna, George W. Bush.

MORÐIÐ Á BUSH Death of President vakti miklar deilur á sínum tíma en hún er ein tuttugu mynda sem verður sýnd á Bíódögum Græna ljóssins.

ÚR VERINU

Howard upptekinn

Bandaríski leikstjórinn Ron Howard er með mörg járn í eldinum. Hann er óðum að undirbúa kvikmyndina Frost/Nixon og hyggst jafnframt halda áfram að kvikmynda bækur Dans Brown; næst er það Englar og Djöflar. Og nú herma fregnir að Howard ætli sér að færa skáldsögu Claire Messud, Emperor's Children, á hvíta tjaldið. Bókin kom sterklega til greina fyrir hin virtu Booker-verðlaun en hún segir frá hópi New York-búa sem eru að nálgast þrítugsaldurinn þegar þoturnar tvær flugu inn í World Trade Center árið 2001 og það breytir heimsmynd þeirra.

Gerðu hagstæð innkaup í Nettó

1.085 kr/kg. áður 1.669 kr/kg.
Goði grísakótilettur karabían - Goði grísahnakki piri piri

554 kr/kg.
Borgarnes saltkjöt blandað

1.049 kr/kg. áður 1.279 kr/kg.
Goði lambahryggur í poka

396 kr/kg. áður 609 kr/kg.
Matfugl kjúklingalæri

183 kr/kg. áður 281 kr/kg.
Matfugl kjúklingavængir

49 kr/pk.
Coop saltstangir - 250 gr.

1.175 kr/kg. áður 1.679 kr/kg.
Kjötsels svínahnakkasneiðar

1.175 kr/kg. áður 1.679 kr/kg.
Kjötsels léttreyktar svínakótilettur

84 kr/stk. áður 168 kr/stk.
Fanta - 2 ltr.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 19. júlí til 22. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Á heitum dögum...
...er dásamlegt að fá sér íste. Lagið uppáhaldsteið ykkar og þreifið ykkur áfram með að bæta til dæmis í það ávöxtum, myntu, sykri og svo auðvitað klökum. Kælið og njótið. Ljúffengt!

matur&vín
maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN HEIÐAR JÓNSSON SNYRTIR

Á skelfilegar minningar af kæstri skötu

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Ég hef ferðast þannig og farið það víða að ég held að ég hafi þurft að neita mér um allt sem mér þykir gott á vissum tímabilum. Þannig að ég get í rauninni neitað mér um allt.
Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Ítalskt sveitapasta með rjómasósu, svínafleski, spínati og furuhnetum.
Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Það er skatan. Ég datt á andlitið ofan í beljuútskitna, kæsta skötu þegar ég var barn. Hún var geymd í útiskúr sem beljurnar leituðu í í skyndilegu óveðri. Ég held ég hafi kúgast í tvo, þrjá daga. Síðan er ég bara veikur á Þorláksmessu.
Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Ég held að leyndarmálið í mínum skápum sé bara 1944 réttir.
Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Eitthvað með rjóma í.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Ég held að ég eigi alltaf eitthvað jógúrt. Hún er oft þrautalendingin, ef ég nenni ekki út í búð finnst mér jógúrt þess vegna geta komið í staðinn fyrir máltíð. Hún er holl fylling.
Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Ég held ég myndi bara taka kökur. Ef maður væri á eyðieyju og ekkert viss um að komast þaðan, myndi maður þá ekki gera það sem manni hefur alltaf langað að gera? Ég tæki nóg af hnallþórum.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Spörfuglar í kúskús. Þeir voru ofboðslega góðir. Ég hef borðað allan fjárann á þessum ferðalögum, en ég man alltaf eftir þessu af því þetta var svo gott. Þegar ég hugsa um það fæ ég aðeins í hjartað, mér fannst ég svo vondur að borða þetta, en ég fæ líka vatn í munninn. Svo hef ég borðað kerbakaðan kjúkling uppi í fjöllum í Pakistan. Þar fékk ég mína eigin lokuðu leirdollu sem var brotin fyrir framan mig. Þar inni var kjúklingaréttur sem er líklega það besta sem ég hef borðað.

Blómleg salatgerð

Blóm og blómablöð hafa gjarnan verið notuð til að skreyta borð og diska. Marentza Poulsen á Kaffi Flórunni í Grasagarðinum gengur þó skrefinu lengra og gerir salat með blómaívafi.

„Það er gaman fyrir fólk að átta sig á þessu, að það er alveg hægt að nota blóm í mat. En það er alls ekki hægt að borða hvað sem er, og það verður að vera lífrænt ræktað. Við erum svo lánsöm að vera í Grasagarðinum, þar sem það er allt fullt af lífrænt ræktuðum kryddjurtum og blómum, sem við notum mikið á þessum árstíma," sagði Marentza.

Þeir sem ekki búa svo vel þurfa þó ekki að örvænta. „Aðalatriðið er að það má ekki hafa verið eitrað í garðinum. En fólk eitrar líka mjög sjaldan í blómabeðum úti í garði hjá sér," útskýrði Marentza.

Marentza notar helst morgunfrú, skjaldfléttu og blóðberg í réttina, en morgunfrúr má finna í mörgum görðum. „Hún er mjög sætt og gott blóm og mjög falleg. Skjaldfléttan er rauð og appelsínugul og gul og blöðin á henni eru líka mjög falleg og góð. Svo er gott að strá blóðbergi yfir salatið," benti hún á. „Þetta er á flestum diskum okkar á sumrin, enda gefur það matnum mikinn og óskaplega fallegan svip," sagði Marentza.

- sun

SALÖT Í BLÓMA Marentza Poulsen á Kaffi Flórunni notar morgunfrú, skjaldfléttu og blóðberg í salötin sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

TILBREYTING Erla Kristín Birgisdóttir hefur verið dugleg að grilla fisk í sumar. Hún hefur breytt út af vananum og grillað karfa í stað venjulegri tegunda á borð við skötusel eða lúðu. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Úr uppskriftasafni Erlu

Erla Kristín Birgisdóttir, matgæðingur með meiru, valdi eina af þeim rúmlega sjö hundruð uppskriftum sem hún hefur sankað að sér til að deila með lesendum Fréttablaðsins.

Erla Kristín er hjúkrunarsérfræðingur og starfar hjá Tryggingamiðstöðinni. Hún hefur um árin viðað að sér fleiri hundruðum uppskrifta sem hún geymir á vefsíðu fjölskyldunnar. „Þegar ég setti þær á netið voru þær fjögur hundruð og tuttugu, en nú eru þær orðnar sjö hundruð þrjátíu og tvær," sagði Erla Kristín, sem hefur sankað þeim að sér úr ýmsum áttum, auk þess að bæta sínum eigin við.

Vefsíðuna segir hún vera afar góða geymslu. „Ég setti þær fyrst í gagnagrunn fyrir svona tíu árum. Mér fannst bara ómögulegt að hafa þetta á blöðum og í bókum úti um allt, það var svo erfitt að leita í því," sagði hún. „Svo setti ég þær á netið, því það er svo gott að hafa þær á vefnum ef maður er einhvers staðar annars staðar, eða ef fólk vill fá uppskriftir hjá manni. Þá vísa ég bara á síðuna," sagði Erla.

Erla hefur verið dugleg að grilla í sumar og þá helst fisk. „Á þessum tíma og í svona góðu veðri er svo gaman að vera úti að grilla, þó að ég viðurkenni það fúslega að ég setji karlinn ansi oft við grillið," sagði hún og hló við. „Ég var orðin leið á að hafa kjöt svona alltaf hreint, svo ég hef grillað svolítið mikinn fisk," bætti hún við.

Uppskriftin sem hún lætur lesendum í té að þessu sinni státar einmitt af karfa. „Karfinn er virkilega góður matfiskur og hann hentar vel á grillið ef maður grillar hann bara roðmegin. Það er líka skemmtilegt að breyta til og vera ekki alltaf með sama fiskinn, skötusel eða lúðu," sagði Erla.

Hún mælir sérstaklega með mangó-chutney frá Sharwood's í uppskriftina. „Það er kryddaðra en mörg önnur og mér finnst það virkilega gott með fiski," sagði hún.

sunna@frettabladid.is

GRILLAÐUR KARFI

Karfaflök með roði
Bengal Spice, mango chutney
Pekanhnetur

Grillaður eftirréttur
Kókosbollur
Toblerone
Daim
Jarðarber
Bláber
Rifsber

Veltið fisknum upp úr Bengal Spice sósunni og makið henni vel ofan á fiskinn. Myljið svo hneturnar ofan á og grillið eingöngu roðmegin. Hrærið smávegis af Bengal Spice sósunni saman við sýrðan rjóma og berið fram með fisknum ásamt grilluðum kartöflubátum og salati. Kartöflubátar: skerið kartöflur í báta og skolið með köldu vatni. Setjið kartöflurnar í plastpoka, hellið ólífuolíu og góðu kryddi ofan í og hristið saman. Hellið í álform og grillið þar til bátarnir eru stökkir að utan og meyrir í gegn.

Eftirréttur: Setjið innihaldið í hátt álform og grillið þar til rétturinn er heitur í gegn og súkkulaðið bráðnað. Berið fram með ís.

Grilluð brauðveisla Jóa Fel

Listakokkurinn Jói Fel býður Völu Matt í brauðveislu í þættinum Mat og lífsstíl í kvöld. Jói flytur brauðgerðina þó út úr eldhúsinu og útbýr alla réttina á grilli. „Hann býr til alls konar brauð og pitsur. Þetta er svona brauðþema með ítölsku ívafi. Þetta var mjög gaman og alveg æðislegt," sagði Vala.

Jói töfrar fram ýmiss konar brauðmeti. „Hann er bæði með hvítlaukspitsu, venjulega pitsu og foccaccia-brauð sem er alveg hreint súpergott. Svo gerir hann ítalskar snittur og bruschettabrauð, eins og Ítalirnir gera. Það er alveg ótrúlega einfalt og fljótlegt, en líka alveg ofsalega gott," sagði hún.

BRUSCHETTA

Snittubrauð
6 tómatar
1 búnt basilíka
1 bolli ólívuolía
2 hvítlauksrif

Ólívuolía sett í skál. Tómatar skornir í litla bita og bætt í, fersk basilíka skorin smátt, hrært saman við. Látið standa og blandast.
Snittubrauð skorið í ílangar sneiðar. Olía borin á sneiðarnar og hvítlauksrifi strokið yfir hverja sneið, tvisvar til þrisvar. Grillið sneiðarnar þar til þær eru orðnar gylltar, en þó mjúkar í miðjunni. Setjið tómatablönduna ofan á hverja sneið.

ÍTÖLSK VEISLA Jói Fel útbýr bruschettabrauð á ítalska vísu í Mat og lífsstíl í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Skál fyrir því!

» Sumar skálar geta ekki sleppt matnum. Það eru skálarnar sem skilja eftir bragð í matnum svo þú gleymir þeim ekki. Rösle skálarnar vita betur, enda eru þær úr ryðfríu stáli sem tryggir hreinlætið. Svo eru þær líka bara svo glampandi flottar.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Alfa Romeo 159

„Fallegasti bíll í heimi“

Þegar Ítalir hanna bíla breyta þeir draumi í veruleika. Þess vegna hefur Alfa Romeo 159 verið kallaður „fallegasti bíll í heimi“ af virtum bílagagnrýnendum.

Áreiðanleiki og aksturseiginleikar hafa einnig hlotið mikið lof gagnrýnenda, enda kemst enginn langt á útlitinu einu saman.

Komdu því og kíktu undir húddið, prófaðu ólýsanlega aksturseiginleika og aktu burt á fallegasta bíl í heimi.

PIPAR • SÍA • 70589

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

fjörið ... fólk

folk@frettabladid.is

Lindsay slær sér upp með Criss Angel

Cameron Diaz komst í fréttir fyrir skömmu fyrir að hafa verið í sambandi við gifta töframanninn Criss Angel, og nú er Lindsay Lohan tekin við. Angel stendur í skilnaði við eiginkonu sína, Joanne Sarantakos, sem heldur því fram að samband Angels við Diaz hafi eyðilagt hjónabandið, og áformar að kalla Cameron til sem vitni fyrir rétti. Diaz segist ekki hafa orðið til að ráða niðurlögum hjónabandsins og ekki hefur sést til hennar í fylgd með Angel síðan eiginkonan kom fram á sjónarsviðið.

Lindsay Lohan lætur það hins vegar ekki stöðva sig og virðist ekki hrædd við eiginkonuna. Hún sást í fylgd með töframanninum Angel á laugardag, þar sem þau héldust í hendur á klúbbnum Pure í Las Vegas. Parið yfirgaf staðinn saman og hélt heim á hótelið sem Lindsay gisti á. Átján ár eru á milli þeirra, en Lohan virðist ekki heldur kippa sér upp við það.

TÖFRANDI MAÐUR Criss Angel ku hafa beðið eiginkonu sína að halda sig til hlés þegar hann varð frægur. Nú vill hún skilnað.

ÓSTÖÐVANDI? Lindsay Lohan lætur hvorki snúinn skilnað né átján ára aldursmun stöðva sig í strákastússinu.

Álíka spennandi og mygluostur

Það hefur varla farið fram hjá neinum að Beckham-fjölskyldan er komin til Bandaríkjanna. Fjölmiðlafárið í kringum flutningana er fáu líkt, en nú lítur út fyrir að Bandaríkjamenn hafi strax fengið nóg af parinu breska.

Victoria Beckham hefur, eins og kunnugt er, verið með upptökulið í eftirdragi við aðdraganda og undirbúning flutninganna. Upphaflega áttu upptökurnar að verða að raunveruleikaþáttaröð um stjörnuna smávöxnu, en eftir að hún stakk af til að fylgjast með fótboltaspili eiginmannsins dugðu upptökurnar aðeins í einn þátt. Samkvæmt bandarískum gagnrýnendum var það meira en nóg.

Linda Stasi á New York Post skrifar að ef fólk þyrfti að fylgjast með andlausri hegðun hennar í hverri viku yrði Victoria fljótt gerð brottræk. New York Times gengur skreflengra og ber þáttinn saman við vefsíðuna cheddarvision.tv, þar sem hægt er að fylgjast með osti mygla í beinni útsendingu.

Í þættinum fylgjast áhorfendur með því þegar hjónin fara í myndatöku fyrir tímaritið W, heyra Victoriu tala um vini sína Tom Cruise og Katie Holmes og hóta því að gelda Eddie Murphy. Þetta virðist ekki hafa fallið í kramið hjá Bandaríkjamönnum. „Svona raunveruleikaþættir byggjast á að manneskjan sem maður fylgist með sé einstök, en hún er bara rík, ljóshærð, ljósabrún eiginkona eins og allar hinar," skrifar Alessandra Stanley í the New York Times.

Raunveruleikaþátturinn sló ekki í gegn, og nú á eftir að koma í ljós hvernig raunveruleikinn verður fyrir Beckham-hjónin í Bandaríkjunum.

FELLUR EKKI Í KRAMIÐ Victoriu Beckham virðist ekki hafa tekist að slá í gegn í Bandaríkjunum með raunveruleikaþætti sínum og er meðal annars líkt við mygluost. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Simpson-fjölskyldan í hátískunni

Þeir sem sjá um markaðssetningu Simpson-myndarinnar fara um víðan völl og hafa nú þegar sett upp kjörbúðir í formi Kwik-E-Mart og hafið sölu á Krusty-O's og Duff-bjór. Nú hafa þeir ákveðið að herja á tískuheiminn og í nýjasta tölublaði Harpers Bazar er tískumyndaþáttur þar sem Simpson-fjölskyldan fer til Parísar með Lindu Evangelistu sem er víst uppáhaldsfyrirsæta Barts.

Fötin sem teiknuð eru á persónurnar eru alvöru flíkur sem sýndar voru á tískupöllum hönnuðanna en þarna eru merki eins og Chanel, Versace, Victor & Rolf, Lanvin og Louis Vuitton. Hönnuðirnir sjálfir hafa einnig verið teiknaðir í Simpson-stíl. Í tískuþættinum klæðist Marge flestum kjólunum en einnig má sjá Lisu máta fallega Lanvin-kápu og Homer klæddan í nákvæmlega eins jakkaföt og Karl Lagerfeld.

hilda@frettabladid.is

VIKTOR & ROLF Patty og Selma eru hér ásamt Lindu Evangelistu að máta kjóla frá Viktor&Rolf og hönnuðirnir Rolf Snoeren og Viktor Horsting eru á bak við eitthvað að bardúsa.

VIKTOR & ROLF Úr vetrarlínu hönnuðanna. Allar fyrirsæturnar báru stóra ljósastanda á öxlunum.

LANVIN Úr línu hönnuðarins Albers Elbaz fyrir veturinn 2007-2008.

LANVIN Lisa og Linda Evangelista máta Lanvin-flíkur og Alber Elbaz, yfirhönnuður Lanvin, sést fyrir aftan skoða hálsfestina hennar Lisu.

CHANEL Marge og Linda máta alvöru Chanel-kjóla á meðan Karl Lagerfeld og Homer eru gáfulegir á bak við.

CHANEL Glæsilegur kjóll úr smiðju Karls Lagerfeld. Úr vetrarlínunni 2007-2008.

Hún er eiginlega spenntari en ég.
GOTT FÓLK
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST
VERÐ FRÁ
2.368 KR.
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
syn2
enski boltinn

Deerhoof mætir á Airwaves

Bandaríska indísveitin Deerhoof, danski plötusnúðurinn Trentemöller, sænska sveitin Loney, Dear og hljómsveitin Mínus eru á meðal þeirra sem hafa bæst við dagskrá tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves sem verður haldin í haust.

Deerhoof er ein virtasta indíhljómsveit heims og eru breiðskífur hennar yfirleitt ofarlega á árslistum gagnrýnenda. Sú nýjasta, Friend Opportunity, kom út í ársbyrjun og hefur víðast hvar fengið fullt hús stiga. Sænska einmenningssveitin Loney, Dear er umtöluð meðal tónlistarspekúlanta vestanhafs og þótti standa sig afar vel á South By Southwest-hátíðinni í Texas. Plötusnúðurinn Trentemöller þarfnast lítillar kynningar eftir vel heppnaða heimsókn í maí síðastliðnum þar sem hann þeytti skífum. Áður höfðu sveitir á borð við Bloc Party, !!!, Of Montreal, Gusgus og Múm tilkynnt komu sína Iceland Airwaves og stefnir því í fjölbreytta og skemmtilega hátíð.

DEERHOOF Bandaríska sveitin Deerhoof spilar á Iceland Airwaves í haust.

Nakti apinn fyrir fullorðna

Ný verslun undir merkjum Nakta apans opnar bráðlega á Tryggvagötu. Hún mun bera nafnið Forynja og stíla inn á „eldri apa“.

Sara María Eyþórsdóttir og samstarfsfélagar hennar í Nakta apanum vinna nú hörðum að því undirbúa opnun verslunarinnar Forynju. Verslunin verður til húsa við Tryggvagötu, þar sem textílgalleríið Má mí mó var áður og mun stíla inn á annan markhóp en verslun Nakta apans við Bankastræti.

„Forynja verður fyrir aðeins eldri apa,“ sagði Sara sposk. Opnunardagur hefur þó langt því frá verið negldur niður. „Það er svo hrikalega mikið að gera hjá okkur. Við höfum verið að miða við einhverjar dagsetningar, en það hefur alltaf brugðist, svo við erum alveg hætt því núna,“ sagði Sara og hló við.

Nakti apinn við Bankastræti mun halda sínu striki þrátt fyrir tilkomu Forynju. „Við verðum með dálítið breiðara úrval og öðruvísi hluti í Forynju. Þrykktu hettupeysurnar og bolirnir verða til dæmis ekki þar,“ sagði Sara. „Við verðum með rúmföt, og munum gera diska- og glasamottur úr laser-skornum viði og skartgripi úr plexígleri. Þetta verður ýmislegt sem við höfum ekki prófað áður,“ útskýrir hún.

Í nýju búðinni verður þó líka hægt að kaupa fatnað. „Allur fatnaður sem verður til sölu þar verður sérsaumaður, og með haustinu tökum við svo inn tvö, þrjú aðeins dýrari fatamerki,“ sagði Sara. Hún segir barnaföt einnig verða fáanleg á nýjum stað. „Ég á sjálf tvö börn og hef mikinn áhuga á börnum. Við höfum aðeins verið með barnaföt upp frá, en aðalviðskiptavinahópurinn okkar þar á venjulega ekki börn. Við erum að stíla inn á aðeins eldri og öðruvísi hóp á nýja staðnum. Fólk sem er svona að koma sér fyrir og farið að eignast börn,“ sagði hún.

sunna@frettabladid.is

ALLT Í RÉTTA ÁTT Sara María Eyþórsdóttir og samstarfsfélagar hennar vinna á milli tarna að opnun nýrrar verslunar undir merkjum Nakta apans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

HARRY POTTER	kl.3 - 4 - 6 - 7 - 9 - 10	16
HARRY POTTER LÚXUS	kl.3 - 6 - 9	
EVAN ALMIGHTY	kl.4 - 6 - 8 - 10	10
DIE HARD 4.0	kl.5 - 8 - 10.45	14
FANTASTIC FOUR 2	kl.3	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

DEATH PROOF	kl. 5.20 - 8 - 10.40	16
TAXI 4	kl. 6 - 8 - 10	14
DIE HARD 4.0	kl. 5.30 - 8 - 10.40	14
FANTASTIC FOUR 2	kl. 5.45 - 8 - 10.15	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

DEATH PROOF	kl. 5.20 - 8 - 10.40	16
1408	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
DIE HARD 4.0	kl. 5.15 - 8 - 10.45	12

SÍMI 462 3500

DEATH PROOF	kl. 8 - 10.20	16
1408	kl. 8 - 10	16
EVAN ALMIGHTY	kl. 6	
DIE HARD 4.0	kl. 5.40	14

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnbogasal nema lúxus.

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

HARRY POTTER 5	kl. 2 - 3:30-5-6:30 - 8-9:30-11	10
HARRY POTTER 5	kl. 2 - 5 - 8 -11 DIGITAL	10
HARRY POTTER 5	kl. 2 - 5 - 8 -11 VIP	
EVAN ALMIGHTY	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L
BLIND DATING	kl. 8	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L
SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 8 - 10:10	L
OCEAN´S 13	kl. 10:10	7
PIRATES 3	kl. 4	10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

HARRY POTTER 5		
kl. 4 - 5:15 - 7 - 8:15 - 10		10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 4	L
SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 6	L
PIRATES 3	kl .8	10

SAMBÍÓIN AKUREYRI

HARRY POTTER 5	kl. 6 - 9	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 6	L
SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 8	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

HARRY POTTER 5	kl. 6 - 9	10
EVAN ALMIGHTY	kl. 8	L
DIE HARD 4	kl. 10	14
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 6	L

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DEATH PROOF	kl. 4.50, 7.30 og 10-POWER	16
1408	kl. 8 og 10	16
EVAN ALMIGHTY	kl. 4 og 6	L
DIE HARD 4.0	kl. 7.30 og 10	14
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4 og 5.45	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

VERÐSPRENGJA

20%

viðbótarafsláttur af allri útsöluvöru, reiknast af við kassann verðdæmi:

upprunalegt verð	50% afsláttur	með 20% viðbótarafslætti
990 kr.	-50% ► 495 kr.	-20% ► 396 kr.
1.990 kr.	-50% ► 995 kr.	-20% ► 796 kr.
2.990 kr.	-50% ► 1.495kr.	-20% ► 1.196 kr.
4.990 kr.	-50% ► 2.495 kr.	-20% ► 1.996 kr.

TOPSHOP

Vængjasláttur í Ráðhúsinu í kvöld

Lokahátíð Skapandi sumarhópa Hins hússins, Vængjasláttur, verður haldin í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í kvöld klukkan átta. Þarna munu hóparnir koma fram og leika listir sínar sem eru eins fjölbreyttar og þær eru margar. Alls kyns tónlist, fatahönnun, dans, grafísk hönnun, leiklist og vídeóverk verða þarna í boði í Tjarnarsalnum og er dagskráin um tveir tímar að lengd. Léttar veitingar verða í boði og er nú um að gera að mæta og sýna ungu og upprennandi listafólki verðskuldaða athygli. **- bor**

VÆNGJASLÁTTUR Skapandi sumarhópar Hins hússins halda lokahátíð sína í Ráðhúsinu í kvöld. Hönnunarhópurinn Títa er meðal þeirra sem sýna listir sínar.

ULTRA MEGA Ultra Mega Technobandið Stefán spilar á G! Festival í Færeyjum.

G! Festival hefst í dag

Tónlistarhátíðin G! Festival hefst í Færeyjum í dag og stendur hún yfir til laugardags. Stutt er síðan Ultra Mega Technobandið Stefán staðfesti komu sína á hátíðina og mun hún spila undir merkjum Iceland Airwaves-hátíðarinnar. Sveitin er nýkomin úr tónleikaferð til Skotlands þar sem hún spilaði á tónlistarhátíðinni Rock Ness og á kynningarhátíðinni goNorth.

Meðal annarra sem koma fram á G! Festival eru Boys in a Band, Eivör Pálsdóttir, Teitur, Pétur Ben og Dr. Spock. Hátíðin hefur orðið umfangsmeiri og stærri ár hvert frá því hún hóf göngu sína og dregur til sín síaukinn fjölda ferðamanna.

Hústgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmum.
Allt upp í 90 % afsláttur.
Allt á að seljast.

Erum í Dugguvog 2 (GG húsið)
S: 557 9510

Sófar, svefnsófar, rúm, borð, eldhúsinnréttingar, borðstofuborð, stólar og fleira.

Veislusetrið

Afmælisveislur
Pinnaborð
Smáréttahlaðborð
Danbrauð

Veislupjónusta
Veislusalur
Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

ÚTSALA

ÚTSALA NOA NOA

ÓTRÚLEG LÆKKUN

ENN MEIRI LÆKKUN

NOA NOA

Kringlunni • 553 3536

> Fjölnir fékk hámarkssekt frá KSÍ

Knattspyrnudeild Fjölnis fékk hámarkssekt sem KSÍ veitir, 30 þúsund krónur, fyrir framkomu stuðningsmanna liðsins í leik gegn ÍBV í 1. deild karla í vikunni. Eftirlitsmaður KSÍ á leiknum sendi sérstaka skýrslu vegna málsins þar sem fram kom að um gróf köll hefði verið að ræða. Hvort kynþáttahatur hafi borið á góma er hvergi tekið fram. Aganefnd KSÍ ávítti Fjölni og gerði þá kröfu að slíkt endurtaki sig ekki, ellegar gæti félagið átt heimaleikjabann yfir höfði sér.

sport

sport@frettabladid.is

JÓNAS GUÐNI SÆVARSSON: VONAST TIL AÐ VERA MEÐ KEFLAVÍK GEGN MIDTJYLLAND Í KVÖLD

Orðinn 10% hærri og lifir Evrópudrauminn

Jónas Guðni Sævarsson, fyrirliði Keflvíkinga, vonast til að geta spilað í kvöld í Evrópuleiknum gegn Midtjylland. Danska félagið er eitt af bestu liðum Danmerkur og þurfa Keflvíkingar að ná góðum úrslitum í kvöld, ellegar er ljóst að erfitt verður að uppfylla Evrópudrauminn.

Jónas hefur misst af þremur síðustu leikjum vegna nárameiðsla. Við myndatöku kom í ljós að annar fóturinn er 1,2 sentimetrum styttri en hinn og því mun Jónas spila með innlegg til að jafna út hæðina. „Strákarnir segja að það sé bara jákvætt að ég sé að hækka um tíu prósent, sem er kannski smá ýkt tala. Ég þarf síðan eiginlega að gera heimt á því að fara fram í föstum leikatriðum," sagði Jónas glettinn við Fréttablaðið í gær. Hann bætti við að hæðarmunurinn gæti verið orsök meiðslanna en hvort hann spili í kvöld kemur í ljós í dag.

Jónas hafði tvisvar áður farið í göngugreiningu þar sem ekkert óeðlilegt hafi komið í ljós. „Það er frekar skrítið að þetta komi svona seint fram."

Kristján Guðmundsson, sem hyggst ekki spila Jónasi nema hann sé alveg heill heilsu, fór til Danmerkur að skoða lið Midtjylland. „Kristján sagði okkur að þetta væri vel spilandi lið sem vilja halda boltanum og láta boltann ganga. Það er svipað og við viljum hafa þetta. Vonandi náum við að koma þeim á óvart og láta finna fyrir okkur. Við þurfum nauðsynlega að ná góðum úrslitum hérna heima og þá getur allt gerst," sagði Jónas.

Miðjumaðurinn knái er sammála því að Evrópukeppnin sé kærkomið krydd í tímabilið á Íslandi. „Það er frábært að fá að reyna sig gegn svona sterkum leikmönnum. Þetta er mikil áskorun og það er algjör draumur að fá að spila þessa Evrópuleiki. Þetta eru skemmtilegustu leikir sumarsins, að fá að fara út og annað, stemningin í kringum þá er alltaf góð," sagði Jónas Guðni sem stefnir ótrauður í aðra umferð ásamt félögum sínum.

Færeyingarnir áttu ekkert í FH-inga

FH er komið langleiðina í aðra umferð Meistaradeildar Evrópu eftir öruggan sigur á HB frá Færeyjum í Kaplakrika í gær. FH skoraði fjögur mörk gegn döpru liði HB og á að komast örugglega áfram.

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH eru í góðri stöðu eftir fyrri leikinn gegn færeysku meisturunum í HB í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu. FH-ingar höfðu yfirburði í leiknum og ættu að klára dæmið auðveldlega í Færeyjum í næstu viku.

Heimamenn hófu pressu á Færeyingana á fyrstu mínútu og freistuðu þess að skora snemma. Sú taktík gekk upp því eftir stundarfjórðung skoraði liðið tvö mörk með stuttu millibili. Guðmundur Sævarsson átti marga góða spretti upp völlinn og á 14. mínútu sendi hann fyrir, boltinn fór í stöngina og Freyr Bjarnason var réttur maður á réttum stað og kláraði færið af stóískri ró.

Aðeins rúmri mínútu síðar tvöfaldaði Matthías Vilhjálmsson forystu Íslandsmeistaranna þegar hann setti boltann í netið eftir að Tróndur Vathnhamr hafði varið skalla Dennis Siim. FH komið í þægilega stöðu en og virtist ætla að valta yfir gestina.

HB byggði upp spil sitt með stuttum sendingum og komst meðal annars í tvö góð færi en Daði Lárusson sá við skotum gestanna. Eftir eina vörslu Daða fengu HB horn og upp úr því skoraði Mortan úr Hørg af stuttu færi.

Yfirburðir FH héldu áfram í síðari hálfleik. Eftir sjö mínútur hafði Sigurvin Ólafsson skorað með skalla og skömmu síðar skoraði Matthías Vilhjálmsson sitt annað mark með þrumufleyg utan teigs. Það stóð ekki steinn yfir steini hjá liði HB sem virkaði andlaust og uppgefið.

Íslandsmeistararnir gengu á lagið og fengu nokkur kjörin færi til að bæta við fleiri mörkum. Það tókst þeim ekki en Hafnfirðingar geta þrátt fyrir það vel við unað. Þeir höfðu yfirburði á vellinum og virtust samt eiga nokkuð inni. Það er aðeins formsatriði að klára dæmið ytra sé tekið mið af leik liðanna í gærkvöldi.

„Þetta var virkilega vond frammistaða hjá okkur. Við komum með því markmiði að halda hreinu en við erum að spila ömurlegan varnarleik. 4-1 tap er skandall," sagði markvörðurinn Tróndur Vathnhamr eftir leikinn, ómyrkur í máli.

Davíð Þór Viðarsson, miðjumaður FH, sagði það hafa komið sér á óvart hversu slakir leikmenn HB voru. „Þeir spila ágætlega en eru með hripleka vörn. Við spiluðum alls ekki vel í þessum leik en vinnum samt 4-1 og hefðum átt að skora fimm í viðbót. Spurður út í síðari leikinn var Davíð hreinskilinn. „Ef við komumst ekki áfram erum við algjörir aular."

- hþh / -vig

TVENNA Matthías Vilhjálmsson skoraði tvö mörk og lagði upp eitt og fékk líka gott tækifæri til þess að innsigla þrennuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

GÓÐ INNKOMA Sigurvin Ólafsson kom inn í FH-liðið og skoraði eitt marka liðsins. Hér reynir hann skot að marki HB í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

GARÐAR Hefur laðað að áhuga liða í efstu deildum Svíþjóðar og Noregs.

Garðar Gunnlaugsson:

Með nýtt tilboð frá Norrköping

FÓTBOLTI Sænska 1. deildarfélagið Norrköping hefur boðið Garðari Gunnlaugssyni nýjan samning. Garðar er samningsbundinn félaginu til 2008 og hefur farið á kostum í liðinu. Hann hefur skorað þrettán mörk í jafn mörgum leikjum á tímabilinu.

„Samningaviðræður eru á byrjunarstigi. Ég er að fara inn í þessar viðræður með það fyrir augum að við spilum í efstu deild á næsta tímabili. Ef það gerist ekki mun ég endurskoða afstöðu mína," sagði Garðar við Fréttablaðið í gær. Hann staðfesti jafnframt að félög í efstu deildum Noregs og Svíþjóðar hefðu sýnt honum áhuga. **- hþh**

Heiðar Helguson:

Til Watford á nýjan leik?

FÓTBOLTI Enskir fjölmiðlar fullyrða að Heiðar Helguson sé á leiðinni aftur til Watford. Haft er eftir stjóra félagsins, Adrian Boothroyd, að hann sé mjög hrifinn af Heiðari. „Hann yrði fullkominn fyrir okkur," sagði Boothroyd.

Heiðar er kominn neðarlega í goggunarröðina hjá Fulham og er metinn á tvær milljónir punda. „Við munum hafa samband við Fulham fljótlega, bætti stjórinn við en ekki náðist í Heiðar sjálfan í gær. Hann neitaði nýlega tilboði um að ganga í raðir WBA. - hþh

Höskuldur Eiríksson í Víking:

Endurheimta fyrirliðann sinn

FÓTBOLTI Höskuldur Eiríksson er á heimleið eftir stutta dvöl hjá Víkingi í Stavanger og mun spila með Víkingum í Landsbankadeildinni það sem eftir er sumars. Þetta kom fram á stuðningsmannasíðu Víkinga í gær.

Höskuldur var fyrirliði Víkings frá 2004 til 2006. Höskuldur náði ekkert að spila í norsku deildinni vegna meiðsla en endurkoma hans er mikill styrkur fyrir Víkinga sem eru í 8. sæti Landsbankadeildarinnar. **- óój**

Fyrsti leikur íslenska 19 ára liðsins á Evrópumótinu sem fer fram hér á landi næstu ellefu daga:

Skellur hjá stelpunum í fyrsta leiknum

FÓTBOLTI Íslenska 19 ára landslið kvenna fékk stóran skell í fyrsta leik sínum á Evrópumóti kvenna 19 ára og yngri þegar það tapaði fyrir Norðmönnum 0-5 á Laugardalsvellinum.

Íslenska liðið virtist vera á góðri leið með að halda hreinu fram í hálfleik þegar norsku stelpurnar skoruðu tvö mörk á síðustu fimm mínútum hálfleiksins. Fyrra markið kom að því er virist upp úr engu fimm mínútum fyrir leikslok þegar Maren Melde átti þrumuskot af mjög löngu færi sem Petra Lind Sigurðardóttir réði ekki við í íslenska markinu.

Seinna markið skoraði Melde úr víti 20 sekúndum fyrir hálfleik eftir að fyrirliðinn, Guðrún Erla Hilmarsdóttir, hafði fellt sóknarmann Norðmanna.

Íslenska liðið var mjög ógnandi á upphafsmínútum seinni hálfleiks og stelpurnar fengu tvö dauðafæri til þess að skora. Í því seinna björguðu Norðmenn á ótrúlegan hátt á marklínu en í því fyrra skaut Guðný Óðinsdóttir rétt framhjá.

Í stað þess að minnka muninn skoruðu Norðmenn síðan tvö keimlík mörk eftir skyndisóknir á tveggja mínútna kafla um miðjan hálfleikinn og íslenska liðið var komið í afar slæm mál.

Íslensku stelpurnar bitu aðeins frá sér í lokin en náðu þó ekki að laga stöðuna og Norðmenn skoruðu fimmta og síðasta mark leiksins með skalla eftir hornspyrnu.

Það er ekkert hægt að setja út á baráttuna í íslenska liðinu sem var til fyrirmyndar en mótherjinn var hreinlega of sterkur í þetta skiptið ekki síst þegar hlutirnir féllu með norska liðinu á lykiltíma í lok fyrri hálfleiks.

Fanndís Friðriksdóttir var hættulegasti sóknarleikmaður íslenska liðsins í leiknum og stóð sig best í íslenska liðinu ásamt þeim Agnesi Þóru Árnadóttur og Hlín Gunnlaugsdóttur. **- óój**

SLÆM BYRJUN Íslensku stelpurnar réðu ekki við norskar stallsystur sínar í gær. Hér eru Sara Gunnarsdóttir og Agnes Þóra Árnadóttir í kröppum dansi í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR heimsækir sænska liðið Hacken í Evrópukeppninni í kvöld :

Ari Freyr að farast úr spenningi

FÓTBOLTI „Ég hlakka gríðarlega mikið til að mæta íslensku liði hér í Svíþjóð. Ég er satt að segja að farast úr spenningi," segir Ari Freyr Skúlason, leikmaður Hacken í Svíþjóð, sem fær KR-inga í heimsókn í kvöld þegar liðin mætast í fyrstu umferð Evrópukeppni félagsliða. Um er að ræða fyrri leik liðanna, en sá síðari fer fram í Reykjavík í næstu viku.

„Við búumst við mjög erfiðum leik því KR er miklu betra lið en taflan í Landsbankadeildinni segir til um. En ég er sannfærður um að við séum betra fótboltalið en KR. Við stefnum að sjálfsögðu á sigur," segir Ari en hann verður á sínum í stað í byrjunarliði Hacken, á

ARI FREYR SKÚLASON Verður í eldlínunni gegn KR í kvöld.

vinstri kantinum. Búist er við því að allt að 10-15 þúsund manns mæti á leikinn í kvöld en hin árlega Gothia Cup er í fullum gangi í bænum og dregur að sér um hálfa milljón aðkomugesta. „Þetta fólk skellir sér vonandi á völlinn."

Ari hefur gefið þjálfara sínum góð ráð um KR-liðið og var settur í að fá upptöku frá nýlegum leik liðsins. „Ég var staddur á Íslandi um daginn og gerði mér þá ferð inn á RÚV. Þar fékk ég spólu," segir Ari og hlær. Hacken hlaut sæti í Evrópukeppninni vegna prúðmennsku sinnar á síðustu leiktíð. Liðið féll þó um deild og hefur valdið vonbrigðum það sem af er leiktíð. Liðið situr sem fastast um miðja deild um þessar mundir en Ari Freyr hefur þótt einn af ljósu punktunum í leik liðsins og hefur vakið athygli úrvalsdeildarliða í Svíþjóð og Noregi. **- vig**

STYRKJA SIG Fjölnismenn ætla sér ekki að vera í fallbaráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express-deildin:

Tveir nýir til Fjölnis

KÖRFUBOLTI Körfuknattleiksdeild Fjölnis hefur samið við tvo erlenda leikmenn fyrir næsta tímabil en fyrir er Serbinn Nemanja Sovic sem er talinn einn af bestu leikmönnum Iceland Express-deildarinnar.

David Fanning verður Kani Fjölnismanna en hann er 27 ára bakvörður sem getur leikið bæði sem leikstjórnandi og skotbakvörður. Hann lék með Abrakebabra Tigers á Írlandi síðasta vetur, skoraði 25,9 stig í leik, gaf 7,5 stoðsendingar og hitti úr 44,9 prósentum af 118 þriggja stiga skotum sínum.

Serbinn Draco Pavlovic mun einnig leika með Fjölni. Draco lék síðasta vetur í næstefstu deild í Serbíu og skoraði rúm 20 stig í leik. Darco á að hjálpa Fjölni í baráttunni undir körfunni en hann er um 200 cm á hæð og nautsterkur. **- óój**

Nýr styrkleikalisti FIFA:

Íslenska liðið stendur í stað

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu stendur í stað á nýjum styrkleikalista FIFA sem gefinn var út í gær og situr í 109. sæti ásamt Azerbaidsjan. Ísland spilaði engan leik á milli síðasta lista og þess nýja.

Braslíumenn endurheimta toppsætið á listanum eftir sigur í Copa America, Argentína er í öðru sæti, heimsmeistararar Ítala í því þriðja og Frakkar eru í fjórða sæti. Næst á eftir koma svo Þýskaland, Holland, Króatía, Portúgal, Spánn og Mexíkó en England er í tólfta sæti. - hþh

Fram og Malmö í viðræðum:

Fram gerði gagntilboð

HANDBOLTI Fram hefur sent Malmö gagntilboð við formlegu tilboði sænska liðsins í Valdimar Þórsson, markahæsta leikmann Íslandsmótsins síðasta vetur. Að sögn Jóns Eggerts Hallssonar, formanns handknattleiksdeildar Fram, hefur félagið áhuga á að fá niðurstöðu í málið fyrir helgi. „Boltinn er núna hjá Malmö," segir Jón Eggert.

Valdimar gekk í raðir Fram frá HK fyrir tæpum þremur vikum og skrifaði undir tveggja ára samning við félagið. **- vig**

Þetta er vélin handa þér!

Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Fjórtán **blettakerfi** fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænku. Tromlan er óvenjustór, tekur 65 l og hægt er að þvo í henni allt að **8 kg.** Innra byrði tromlunnar er með droplaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: **15 mín. hraðkerfi** og **60 mín. kraftþvottakerfi** fyrir meðalóhreinan þvott. **Snertihnappar**. Stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun og er í orkuflokki **A+**.

Bjóðum einnig upp á margar aðrar nýjar vélar.

Kynningarverð:

8 kg þvottavélar með blettakerfum:

1600 snúninga: **118.800** kr. stgr.
1400 snúninga: **108.800** kr. stgr.

8 kg þvottavélar án blettakerfa:

1600 snúninga: **98.800** kr. stgr.
1400 snúninga: **88.800** kr. stgr.

7 kg þvottavélar:

1400 snúninga: **83.515** kr. stgr.
1200 snúninga: **74.213** kr. stgr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

> Jennifer Garner

Jennifer lærði ballett í æsku, eða í níu ár. Hún líkaði mjög vel að vera uppi á sviði og segist hafa haldið út svona lengi á þrjóskunni fremur en danshæfileikum. Eitt af fyrstu leikhlutverkum Jennifer var í þáttunum Felicity árið 1998, en þar kynntist hún fyrrverandi eiginmanni sínum, Scott Foley. Jennifer hefur nú verið gift Ben Affleck í tvö ár og á með honum eitt barn. Jennifer leikur í 13 Going On 30 á Stöð 2 Bíó kl. 16.00.

dagskrá

SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR: FURÐAR SIG Á DR. PHIL

Eiginkonunni klínt í hvern einasta þátt

Þegar í harðbakkann slær horfi ég stundum á Dr. Phil á SkjáEinum. Hann var ágætur hérna í árdaga, þegar hann kom til Opruh og gaf Bandaríkjamönnum ýmis ráð um hvernig mætti halda geðheilsu sem lengst. Svo byrjaði hann með eigin þátt, gaf út eigin bækur og verður í dag sjálfhverfari með hverjum þættinum sem ég sé.

Ég þoli til dæmis ekki að hann skuli alltaf klína konunni sinni inn í þættina. Í lok hvers eins og einasta þeirra er sýnt hvar hún situr og klappar á sig sigg í lófana af hrifningu yfir karlinum. Stífmeikuð með blásið hár. Svo stendur hún upp og leiðir þann gamla út úr myndverinu. Stundum fær maður að heyra nokkur orð af því sem þeim fer á milli. Þá er konan, sem ég man ekki hvað heitir, undantekningarlítið að dásama sinn heittelskaða og það sem hann tjáði sig um í þættinum.

Í fyrradag var umfjöllun um þau vandamál sem koma upp á heimilum þar sem börnin eru með afar ólíka persónuleika. Þá þarf að sérsníða sambandið við hvert og eitt þeirra, sagði Dr. Phil. Gott og blessað. Til doktorsins kom hvert parið á fætur öðru sem hafði sömu sögu að segja og flest fóru heim með ágætis ráð í farteskinu. En, nei, það þurfti endilega að ljúka umfjölluninni á að heyra títtnefnda konu segja frá uppeldi sona þeirra tveggja og hvernig þau „Philip" hefðu leyst þessi mál. Svo tók Dr. Phil viðtal við hana eftir að innslaginu lauk sem fer í sögubækurnar fyrir kjánalegheit. Það er bara eitthvað skakkt við að heyra mann spyrja spurninga sem maður veit að hann kann svörin við.

EKKI MISSA AF

20.10 Afríka heillar SJÓNVARPIÐ

22.05 Hotel Babylon STÖÐ 2

18.00 The Big Bounce STÖÐ 2 BÍÓ

20.10 Hidden Palms SIRKUS

20.30 According to Jim SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Opna breska meistaramótið í golfi Bein útsending frá 136. opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Carnoustie-vellinum í Skotlandi.
18.45 Táknmálsfréttir
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Afríka heillar (4:6) Breskur myndaflokkur um hjón sem hefja nýtt líf ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku.
21.15 Aðþrengdar eiginkonur Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.25 14-2 Í þættinum er fjallað um fótboltasumarið frá ýmsum hliðum. Rýnt verður í leiki efstu deilda karla og kvenna, spáð í spilin með sérfræðingum, stuðningsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og góðum gestum. Lifandi umræða um það sem er efst á baugi í fótboltanum á Íslandi ásamt bestu tilþrifum og fallegustu mörkum hverrar umferðar.
22.55 Dagrenning (9:13) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Hann leggur á flótta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er allt af sami dagurinn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.40 Aðþrengdar eiginkonur(49:70) e.
00.25 Kastljós
00.55 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Timeline
08:00 Celeste in the City
10:00 13 Going On 30
12:00 The Big Bounce
14:00 Celeste in the City
16:00 13 Going On 30
18:00 The Big Bounce Stjörnum hlaðin gamanmynd með Charlie Sheen, Owen Wilson og Morgan Freeman. Leyfð öllum aldurshópum.
20:00 Timeline
22:00 Serpico (e)
00:05 Dahmer
02:00 Unbreakable
04:00 Serpico (e)

STÖÐ 2

07.00 Magic Schoolbus
07.25 Scooby Doo
07.45 Litlu Tommi og Jenni
08.10 Beauty and the Geek (5:7)
08.55 Í fínu formi 2005
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Forboðin fegurð (94:114)
10.15 Grey's Anatomy (17:25)
11.05 Fresh Prince of Bel Air (15:24)
11.30 Outdoor Outtakes (8:13)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin fegurð (35:114)
13.55 Forboðin fegurð (36:114)
14.45 Two and a Half Men (14:24)
15.25 Búbbarnir (10:21)
15.50 Skrímslaspilið
16.15 Batman
16.35 Nornafélagið
17.00 Doddi litli og Eyrnastór
17.10 Fífí
17.23 William's Wish Wellingtons
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
19.40 The Simpsons (14:22) (e)
20.05 Matur og lífsstíll Jói Fel sýnir okkur góðar hugmyndir að partí brauðréttum sem hægt er að skella á grillið.
20.40 So You Think You Can Dance (10:23) Dansinn dunar áfram en nú stíga 16 keppendur á svið og sýna hversu vel þeim hefur tekist að læra dans vikunnar. 2007.
22.05 Hotel Babylon
23.00 Standoff (18:18)
23.45 Cold Case (24:24) Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni sem rannsakar gömul mál sem aldrei hafa verið leyst og þarf að beita kænsku og klókindum við lausn þeirra. Bönnuð börnum.
00.30 The Shield (6:10)
01.15 Medium (22:22)
02.00 A Man Apart
03.45 Standoff (18:18)
04.30 Hotel Babylon
05.20 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí

SIRKUS TV

17.15 Insider
17.45 Skífulistinn
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 Entertainment Tonight
20.10 Hidden Palms (6:8) Eftir að Johnny Miller missir föður sinn snögglega flytur hann til Palm Springs ásamt móður sinni og stjúpföður. En þrátt fyrir að staðurinn virðist vera sólskinsparadís uppgötvar Johnny fljótlega að ekki er allt sem sýnist. Dularfull morð og slúður um íbúana setja skuggalegan svip á bæinn sem á yfirborðinu virtist vera fullkominn.
21.00 My Name Is Earl (22:23) Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
21.30 Bestu Strákarnir (12:50) Á meðan á leitinni að arftökum strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlæginlegu strákunum.
22.00 The Riches (8:13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunum en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópinn. (8:13) Malloy-hjónin lenda í vandræðum enn einu sinni þegar þau eru grunuð um þjófnað. Þau eru þó ekki af baki dottin enda fáir jafn klárir í að koma sér út úr vandræðum og Malloy-fjölskyldan. 2007.
22.45 Medium (22:22) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Bönnuð börnum.
23.30 Young Blades (11:13) (e)
00.15 Entertainment Tonight (e)
00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.35 Everybody Loves Raymond (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
15.45 Vörutorg
16.45 Charmed (e)
17.45 All of Us (e)
18.15 Dr. Phil Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Yes, Dear (7:11)
20.00 Everybody Hates Chris (19:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris er lukkunnar pamfíll í veðmálum og giskar ávallt rétt á óvænt úrslit. Hann er í sjöunda himni þar til veðmangari hverfisins lætur til sín taka.
20.30 According to Jim (14:22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim og Cheryl lenda í rifrildi vegna atviks sem átti sér stað fyrir áratug og Jim ætlar að sanna að hann hafi rétt fyrir sér.
21.00 Will & Grace (21:23) Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen. Grace fer að efast um að Will verði henni trúr og tryggur eftir að barnið fæðist og Karen á í hjónabandsvandræðum og leitar til Jacks.
21.30 Law & Order: SVU (4:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Þegar sonur fyrrverandi félaga Stablers er grunaður um að hafa reynt að nauðga skólasystur sinni, missir Stabler tökin og lendir í miklum vandræðum.
22.20 The L Word (11:12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Lag Barða Jóhannssonar, Dream, hljómar í þættinum.
23.10 Everybody Loves Raymond
23.35 Jay Leno
00.25 Law & Order (e)
01.15 Stargate SG-1 (e)
02.05 Backpackers (e)
02.35 Vörutorg
03.35 Óstöðvandi tónlist

Notaðir Porsche með verksmiðjuábyrgð.

Cayenne Turbo - 450 hö.
Nýskráður 3.2003, ekinn 53 þús.
Loftpúðafjöðrun, BI-Xenon, Hiti í framsætum og stýrishjóli, Forhitun farþegarýmis, Dráttarkúla, Sportsæti leðurklædd, 20 álfelgur, Innbyggður sími, SportDesign spoilerkit o.m.fl.
Verð stgr. kr. 7.890.000,-

Cayenne S - 6 gíra beinskiptur
Nýskráður 4.2005, ekinn 45 þús.
Loftpúðafjöðrun, BI-Xenon, Hiti í framsætum og stýrishjóli, Forhitun farþegarýmis, Dráttarkúla, Sportsæti leðurklædd, 18" álfelgur o.fl.
Verð stgr. kr. 6.590.000,-

Cayenne
Nýskráður 4.2005, ekinn 39. þús.
BI-Xenon, Hiti í framsætum og stýrishjóli, Dráttarkúla, 17" álfelgur, leðurklædd sæti, loftkæling, o.m.fl.
Verð stgr kr. 5.490.000,-

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.porsche.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05 Matur og lífsstíll

Matur og lífsstíll er hressandi lífsstílsþáttur þar sem hin eina sanna Vala Matt heimsækir þekkta Íslendinga og fylgist með þeim töfra fram uppáhaldsréttina sína. Stjörnubakarinn Jói Fel er gestur þáttarins í kvöld en hann ætlar að sýna Völu hvernig hægt er að halda partí með brauði einu saman.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
The L Word Skjáreinn kl. 22.20

Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Í þætti kvöldsins kemst Bette að því að Jodi hefur verið boðið starf á austurströndinni. Alicia á í erfiðleikum með nýju kærustuna sem fær ávítur frá yfirmanni sínum fyrir kynhneigð sína og Shane undirbýr óvæntan glaðning fyrir Paige. Til gamans má geta að lag Barða Jóhannssonar, Dream, hljómar í þættinum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Brot af eilífðinni
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Sakamálaleikritið: Sá yðar sem syndlaus er
13.15 Á sumarvegi
14.03 Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
14.30 Á vængjum yfir flóann
15.03 Söngvar af sviði: Edith Piaf
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Á sumarvegi
19.40 Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
20.00 Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
22.45 Kvöldtónar
23.10 Eyja ljóss og skugga: Jamaíka í sögu og samtíð
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

07.00 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 1. umferð (FH - HB)
17.50 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 1. umferð (FH - HB)
19.30 Það helsta í PGA mótaröðinni
20.00 Sumarmótin 2007 (Símamótið) Þáttur um hið árlega Símamót í knattspyrnu þar sem stúlkur alls staðar af landinu koma saman í Kópavogi og reyna með sér. Keppt er í 4., 5., 6. og 7. flokki þannig að mótið spannar langt aldursbil.
20.30 Birgir Leifur Áhugaverður þáttur um þann íslenska kylfing sem náð hefur lengst í íþróttinni.
21.00 Kraftasport - 2007 (Suðurlandströllið) Þáttur um keppnina Suðurlandströllið 2007 sem fram fór á dögunum. Um er að ræða aflraunakeppni þar sem margir af helstu kraftakörlum þjóðarinnar etja kappi.
21.30 Augusta Masters Official Film Í þessum þætti verður tekið fyrir mótið árið 1960 þegar að Arnold Palmer var á hátindi ferils síns en hann lék á Masters-mótinu fimmtíu ár í röð.
22.25 Copa America 2007 - Upphitun
23.25 Heimsmótaröðin í Póker

BBC PRIME

6.15 Come Outside **6.30** Andy Pandy **6.35** Teletubbies **7.00** Passport to the Sun **7.30** The Week the Women Went **8.00** Small Town Gardens **8.30** Passport to the Sun **9.00** Garden Challenge **9.30** Big Cat Diary **10.00** Big Cat Diary **10.30** Keeping Up Appearances **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Popcorn **14.00** Passport to the Sun **14.30** Superhomes **15.30** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Popcorn **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Absolute Power **20.30** French and Saunders **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

DR 1

6.00 SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **11.05** En reporter går om bord **11.35** Mig og min alder **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fandango med Sine 1**6.00** Når giraffen selv ordner paragrafferne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Huset på Christianshavn **18.30** Sommertid **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.40** Aftentour 2007 **20.05** Landsbyhospitalet **20.50** Daddy **22.20** Musikprogrammet **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummarum

NRK 1

6.00 Danny og Daddy **6.05** Ugler i mosen **6.30** Noahs dyrebare øy **7.00** Gjengen på taket **7.20** De tre vennene og Jerry **7.35** Trollz **8.00** Totalt genialt! **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Vitenskap **10.00** Jukeboks: Sport **11.00** Jukeboks: Ut i naturen **12.00** Jukeboks: Country **13.40** The Tribe - Den nye morgendagen **14.05** Lyoko **14.30** Ballen i øyet **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.05** Nå er det nå **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Viten om **18.00** Løvebakken **18.25** Festivalsommer **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.05** Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **22.05** Norge i dag **22.15** Hairy Bikers kokebok **22.45** MAD TV **5.30** Sommermorgen **5.31** Fimlene **5.50** Peppa Gris **6.00** Danny og Daddy

SVT 1

7.15 Hej hej sommar **7.16** Lillas smågodis **7.40** Unge greve Dracula **10.00** Rapport **10.05** Melita möter **13.10** En fouga i toner **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Sista terminen **15.30** Packat & klart sommar **16.00** BoliBompa **16.25** Stora maskiner **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Vid kungens bord **19.00** El Niño **20.00** Kvinnans plats **21.00** Rapport **21.10** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.10** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

50% afsláttur

af öllum sóttum pizzum á matseðli frá 10. júlí - 9. ágúst



Gildir 10. júlí - 9. ágúst 2007
af sóttum pizzum af matseðli,
ef greitt er með MasterCard korti.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

MasterCard
www.mastercard.is/tilbod

Domino's Pizza
58·12345
www.dominos.is

MORGUNMATURINN

„Það er eitt glas af appelsínudjús og ananasdjús sem er blandað saman. Eftir þetta fæ ég mér eina eða tvær ristaðar brauðsneiðar og kaffibolla. Maður sleppir þessu helst aldrei.“

Magnús Eiríksson, tónlistarmaður

Jón Ásgeir kominn til Rúanda

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, er nú á ferðalagi í Rúanda þar sem hann hyggst fyrir hönd Baugs gefa eina milljón punda eða rúmar 120 milljónir íslenskra króna til þróunarverkefnis Clinton Hunter Foundation. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í júní er um að ræða mjög stórt verkefni sem byggir á hjálp til sjálfshjálpar. Með í för er Skotinn Sir Tom Hunter en þetta kemur fram á vef Guardian Unlimited. Ekki náðist í Jón Ásgeir vegna málsins en hann var nýlentur í Afríkuríkinu og því að koma sér fyrir og gaf ekki kost á sér til viðtals.

Samkvæmt skipulagningu ferðarinnar munu þeir Hunter og Jón Ásgeir hitta forseta Rúanda, Paul Kagame, við óformlegan kvöldverð annað kvöld en síðan verður farið í skoðunarferð um þau svæði sem þróunarverkefnið hefur umsjón með. Jafnframt mun Jón Ásgeir heimsækja sjúkrahús á svæðinu og skoða minningarsafn um þjóðarmorðin í Rúanda.

Ferðinni verður síðan fram haldið til Malaví en þar munu þeir Hunter og Jón Ásgeir hitta fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, Bill Clinton, og eiga fund með bæði forseta landsins, Mutharika og orkumálaráðherra. - fgg

BILL CLINTON Jón Ásgeir hittir forsetann fyrrverandi í Malavi.

JÓN ÁSGEIR Hyggst leggja fyrir hönd Baugs eina milljón punda í þróunarverkefni Clinton Hunter Foundation.

JÚLÍA MALOU OG KATLA Læknir Júlíu hafði varað hana við því að henni gæti gengið að verða barnshafandi. Í ljós kom að magadans var allt sem þurfti enda er hann gjarnan tengdur frjósemi og kvenleika í hugum fólks. LJÓSMYND/GB

JÚLÍA OG KATLA: MÁGKONUR BARNSHAFANDI EFTIR MAGADANSNÁMSKEIÐ

Magadans eykur frjósemi

Magadans hefur löngum verið þekktur sem dans frjósemi og kvenleika. Þó hefur lítið farið fyrir vísindalegum rannsóknum á því hvort dansinn auki í raun frjósemi þeirra kvenna sem hann stunda. Ef marka má nýlegt magadansnámskeið á Selfossi virðist lausnin á frjósemisvanda kvenna vera fundin, því fjórðungur nemenda varð barnshafandi meðan á því stóð, tvær konur af átta sem á námskeiðinu voru.

Það sem gerir söguna jafnvel betri er að konurnar, þær Júlía Malou Björnsdóttir og Katla Þorleifsdóttir, eru mágkonur og Júlía hafði að auki átt í erfiðleikum með að verða barnshafandi. „Ég var með ofvirkan skjaldkirtil sem var fjarlægður. Læknirinn sagði að það gæti verið ástæðan fyrir því að mér gekk erfiðlega að verða ólétt,“ segir Júlía sem er komin fjóra mánuði á leið og á að eiga á aðfangadag. Fyrir á hún fimm ára son. „Lengra var ég ekki komin í að grafast fyrir um orsakirnar enda small þetta um leið og ég fór í magadansinn.“

Júlía segist hafa heyrt talað um að magadans gæti haft fyrrgreind áhrif. „Við vorum búnar að tala mikið um þetta vinkonurnar og velta þessu fyrir okkur. Það var samt ekki meginástæða þess að ég ákvað að fara á námskeiðið, þó ég sé viss um að magadansinn hafi haft eitthvað að segja,“ segir Júlía og hlær. Stöllurnar eru enn á kafi í dansinum, enda á hann að gera sitt gagn allt frá getnaði til meðgöngu og loks fæðingar. „Kennarinn okkar segir að í þeim löndum sem dansinn er stundaður noti konurnar sporin til þess að hrista barnið niður.“

Heiða Dóra Jónsdóttir var kennari á umræddu námskeiði. „Það var skemmtilegt að fá þessar fréttir þar sem maður heyrir oft talað um þessi frjósemisáhrif sem dansinum er ætlað að hafa. Ég hef t.d. heyrt að hann lengi það tímabil mánaðarins sem konur eru frjóar.“ Heiða Dóra segist ekki hafa séð áberandi tengsl milli frjósemi og magadansins fyrr en nú. „Reyndar finnst mér alltaf allar konurnar á námskeiðunum vera óléttar. En það er ekkert að marka, mér finnst allar konurnar í vinnunni alltaf óléttar líka.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Veitingamennirnir **Kormákur og Skjöldur** buðu góðum gestum til sín á Ölstofuna á þriðjudagskvöld í þeim tilgangi að bragða á þremur þýskum bjórum sem mögulega verða fluttir inn í kjölfarið. Á staðnum voru annálaðir bjóráhugamenn líkt og Kastljóssmaðurinn **Helgi Seljan**, Naglbíturinn **Vilhelm Anton Jónsson**, fjölmiðlamaðurinn **Karl Th. Birgisson**, **Ásgeir Friðgeirsson,** upplýsingafulltrúi Björgólfsfeðga, og **Þorfinnur Ómarsson**. Ekki fylgir sögunni hver bjóranna varð hlutskarpastur eftir að álitsgjafarnir höfðu kveðið upp dóm sinn. Þeir gáfu sér þó góðan tíma til að vega og meta gæði bjórsins og sátu í portinu utan við Ölstofuna fram eftir kvöldi.

Talsverður rígur virðist vera kominn upp á milli Ríkisútvarpsins og Stöðvar 2. Þannig hefur tveimur starfsmönnum Ríkisútvarpsins verið meinað að taka að sér aukaverkefni fyrir keppninautinn. Útvarpskonunni **Guðrúnu Gunnarsdóttur** stóð til boða að verða dómari í X-Factor en fékk ekki leyfi yfirmanna sinna. Það sama kom fyrir **Ólaf Pál Gunnarsson** sem átti að verða dómari í sjónvarpsþætti vinar síns **Bubba Morthens**. **Sigrún Stefánsdóttir** dagskrárstjóri Rásar 2 gaf Ólafi grænt ljós en sjálfur sjónvarpsstjórinn **Páll Magnússon** greip inn í og afturkallaði leyfið.

Pálmi Sigurhjartarson og félagar í Sniglabandinu, sem stjórna útvarpsþætti á Rás 2, eru aftur á móti ósáttir við Bylgjuna. Þeir vilja meina að nýtt lag þeirra, Selfoss, fái ekki spilun á Bylgjunni vegna þess að sveitin sé með þátt á Rás 2. - sók/hdm

Alltaf gott að fá smá klapp á öxlina

Rithöfundurinn Ólafur Jóhann Ólafsson hefur verið tilnefndur til Frank O´Connor-verðlaunanna fyrir bók sína Aldingarðinn. Um er að ræða alþjóðleg smásagnaverðlaun sem veitt eru fyrir besta smásagnasafn sem komið hefur út á enskri tungu. Þetta er í fyrsta sinn sem íslensk bók er tilnefnd til þessara virtu verðlauna, en 34 bækur víðs vegar að úr heiminum hlutu tilnefningu.

„Það er alltaf gott að fá smá klapp á öxlina,“ segir Ólafur Jóhann um tilnefninguna, en hann er í augnablikinu staddur í fríi hér á landi ásamt fjölskyldu sinni. Ólafur segist ekki gera sér neinar væntingar fyrirfram um að bera sigur úr býtum, en fjórar bókanna verða valdar eftir helgi fyrir verðlaunaathöfn sem fram fer á Írlandi í september. „Ég reyni aldrei að meta líkurnar fyrirfram, það er eins og að spá í veðrið í næstu viku. Þetta er algjörlega í annarra höndum.“

Það er ýmislegt framundan hjá Ólafi sem segist meðal annars vera að „burðast við” að byrja á nýrri skáldsögu. „Ég er búinn að ganga með þá sögu í maganum lengi. Það hefur tekið töluverðan tíma að leggja hana niður fyrir mér og finna flötinn,“ segir Ólafur. „Svo breytist margt á meðan á skrifunum stendur en ég sé að minnsta kosti útlínurnar núna.“ Hann segir vandasamt að segja til um hvaða áhrif fyrrnefnd tilnefning kann að hafa á framhaldið hvað varðar Aldingarðinn. „Þetta er eins og þegar maður sendir krakka að heiman. Bókin er flutt frá mér og hefur spjarað sig ágætlega eftir að hún fór. Maður fylgist náttúrulega með af áhuga en bækurnar öðlast sjálfstætt líf. Aldingarðurinn virðist ætla að lifa góðu lífi og það er alltaf gott.“

- sók



TILNEFNDUR TIL ALÞJÓÐLEGRA VERÐLAUNA Ólafur Jóhann Ólafsson hefur verið tilnefndur til Frank O´Connor-smásagnaverðlaunanna fyrir bók sína Aldingarðinn. Verðlaunin eru afar virt og hafa stundum verið nefnd Booker-verðlaun smásagnanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT 2. sæti **6.** samtök **8.** trjátegund **9.** þakbrún **11.** bókstafur **12.** kompa **14.** duglegur **16.** skóli **17.** stúlka **18.** for **20.** þys 21. velta.

LÓÐRÉTT 1. kássa **3.** tveir eins **4.** eyja **5.** hallandi **7.** afbökun **10.** sæti **13.** fát **15.** löngun **16.** framkoma **19.** óreiða.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sess, **6.** aa, **8.** eik, **9.** ufs, **11.** ká, **12.** klefi, **14.** ötull, **16.** fg, **17.** mey, **18.** aur, **20.** ys, **21.** snúa.

LÓÐRÉTT: 1. mauk, **3.** ee, **4.** skíley, **5.** ská, **7.** affögun, **10.** set, **13.** fum, **15.** lyst, **16.** fas, **19.** rú.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Shimon Peres.
2. Aftanákeyrslur.
3. Emilía Björg Óskarsdóttir.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hvað er að frétta?
Beint í farsímann eða í vefpósti_
www.visir.is
VÍSIR

heima Ondvegi

ÚTSALAN ER HAFIN

15 - 60% AFSLÁTTUR

RAFEMAR, KRISTALIA, KASTHALL, CHATEAU D'AX,
CALLIGARIS, HÜLSTA OG JENSEN.

heima Ondvegi

HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 I Sími 5684242 I www.heimahusgogn.is I heima@heimahusgogn.is
Opið: Virka daga 10 - 18 laugardaga 11 - 16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LCD & PLASMA SJÓNVÖRP
· Afburða tækni · Frábær hönnun
· Framúrskarandi myndgæði · Gott verð
ORMSSON
ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Um veðrið og verðið

Í miðri hitabylgjunni bárust þær fréttir enn einu sinni að Ísland væri dýrasta land í Evrópu. Þýðir það ekki nokkurn veginn að Ísland sé dýrasta land í heimi? Auðvitað nennti ég ekki að spá í þetta frekar en aðrir og bar bara meiri sólarvörn á skallann á mér.

SÖMU hugsun skýtur alltaf upp í kollinum á mér í svona veðri og hún er: Hvernig kemur fólk í heitu löndunum einhverju í verk? Nennir fólk einhverju öðru en að gapa framan í sólina? Þegar hitinn á Íslandi fer í kringum tuttugu gráður og sólin skín eins og hún eigi lífið að leysa þá bara hreinlega er ekki hægt að gera neitt annað en að njóta veðursins. Þetta er svo einstakt. Maður er að missa af tækifærinu ef maður gerir það ekki. Að njóta þess ekki þegar sólin skín er svona eins og að kaupa ekki kjúklingabringur ef þær væru auglýstar á 800 kall kílóið.

ÞEGAR sólin skein sem skærast fyllti ég bílinn af bensíni hjá eina olíufyrirtækinu sem ekki hafði haft samráð um að svindla á mér. Þótt ég sé óttaleg rola þegar kemur að neytendamálum reyni ég að kaupa bara af þeim. Ég fékk smá sting í budduna þegar ég sá að lítrinn var allt í einu kominn upp í 123,5 kall með dælulykilsafslætti – var hann ekki undir 120 kalli síðast? Hvernig má þetta vera þegar dollarinn er í metlægð og skreið meira að segja undir 60 kall um daginn? Svona hugsaði ég örvæntingarfullur með dæluna í hendinni en komst bara að þeirri niðurstöðu að líklega þyrfti ég að fara að hjóla meira.

NÆSTA birtingarmynd okurs og lélegrar hagstjórnar birtist mér í klukkubúð sem ein var opin þennan sunnudagsmorgun. Ég keypti þrjá bragðlausa flúorlampatómata á 125 kall, kílóið á 346 kall. Ætli kíló af tómötum sé annars staðar næstum því þrisvar sinnum dýrara en bensínlítrinn?

FYRST hlýnun jarðar reddaði okkur góða veðrinu þyrfti þá ekki einhvers konar „hlýnun jarðar“ í hagstjórnina til að verðin færu að lækka? Við rústum nú þegar alþjóðlega hamingjulistanum en ímyndaðu þér bara hversu hátt við myndum skora ef við gætum hætt að gnísta tönnum í hvert einasta skipti sem við kaupum í matinn.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Traustir ferðafélagar

vodafone

Komdu við í verslunum Vodafone á leiðinni í fríið, þar finnur þú réttu ferðafélagana. Þú getur haldið símkostnaði á ferðalögum erlendis í lágmarki með **Vodafone Passport**. Kynntu þér málið á **vodafone.is** eða í verslunum okkar.

Nokia 3110 Classic
Einfaldur og traustur sími, fyrir þá sem eru fyrst og fremst að leita eftir öflugum talsíma án mikilla aukahluta. Bluetooth, myndavél (1,3mp), tölvupóstur og FM-útvarp.

18.900 kr.

Nokia N73
Handhægur margmiðlunarsími sem kemur þér í samband hvar sem er í heiminum. Myndavél (3,2mp), stafrænn tónlistarspilari, útvarp og öflugt net. Íslenskt viðmót og aðgangur að **Vodafone live**!

49.900 kr.



BlackBerry Curve 8300
Þægilegur og handhægur sími, sannkallað tækniundur. Vertu með netið, tölvupóstinn og tengiliðina við hendina, hvar og hvenær sem er. Myndavél (2mp), fullskipað lyklaborð og sérlega glæsilegt viðmót. **BlackBerry Curve** fæst aðeins í verslunum Vodafone.

49.900 kr.

Meistaradeildarboltar
Hinir vinsælu meistaradeildarboltar fást í verslunum okkar og eru á sérstöku tilboði fyrir **Og1** viðskiptavini.
Almennt verð 1.990 kr.

990 kr.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Fíton/SÍA